

**skoðun 12**

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Ljós & lampar



ALLT ER ÞEGAR ÞRENNT ER
Kauptu ÞRJÁR eins vörur og fáðu þá þriðju á HÁLFVIRÐI!
Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

FRÉTTABLAÐIÐ
Miðvikudagur
14. september 2011
214. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000
10 ÁRA 2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011



## Á rétta hillu í lífinu

*Mótorsmiðja stofnuð í Vogum á Vatnsleysuströnd.*

**tímamót 14**

## Stór áform

*Kári Sturluson vill halda stórtónleika á Klambratúni næsta sumar.*

**fólk 30**



## Klúður hjá Barcelona

*Barcelona missti unninn leik gegn AC Milan niður í jafntefli undir lokin.*

**sport 26**

## veðrið í dag




**HÆGVIÐRI OG VÍÐA BJART** í dag verður að mestu hæg suðlæg eða breytileg átt en við SV-ströndina má búast við 8-12 m/s. Víða bjartviðri en þykknar heldur upp S- og V-til er líður á daginn.

**VEÐUR 4**

# Tugur barna í steininn með fullorðnum brotamönnum

**Umboðsmaður barna telur að sakhæf börn eigi ekki að sitja með fullorðnum í fangelsum. Forstjóri Barnaverndarstofu vill stofna meðferðarheimili fyrir unga afbrotamenn. Málið er á borði velferðarráðuneytis.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Tíu börn undir átján ára aldri hafa á undanförnum fimm árum verið sett í fangelsi með fullorðnum afbrotamönnum. Það er bannað samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Umboðsmaður barna, Margrét María Sigurðardóttir, telur að sextán og sautján ára afbrotamenn eigi ekki að fá að velja hvort þeir afpláni dóm sinn í fangelsum eða á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu, þótt kveðið sé á um slíkt val í lögum.

„Börn eiga ekki heima í fangelsi," segir Margrét María. „Þessir fáu sem þó fara inn fá að velja sér það úrræði. En eru börn fær um að velja það?"

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, fundaði um málið í velferðarráðuneytinu fyrir skemmstu, þar sem lagðar voru fram tvær tillögur til úrbóta. Annars vegar að koma á laggirnar nýju meðferðarheimili á höfuðborgarsvæðinu fyrir unga afbrotamenn og hins vegar að efla starfsemi meðferðarheimilisins Stuðla.

Bragi vísar í ákvæði Barnasáttmálans um að ekki sé leyfilegt að hafa fullorðna og börn saman í fangelsi. „Það er engin leið fær önnur en að gera stofnunum okkar kleift að sinna þessu hlutverki," segir hann og bætir við að megininntakið yrði að veita vímuefnameðferð og sinna þeim sem hafi hlotið óskilorðsbundna dóma og þurfi að loka inni. Einnig þeim unglingum sem séu í miklum vanda og þurfi því að vista gegn eigin vilja.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir koma til greina að efla starfsemi Stuðla með auknu fé, fleira starfsfólki og hugsanlega aðskildum deildum. Sú aðferð sé líklegri en að ráðist verði í stofnun nýs heimilis á næstunni.

„Ég sé ekki að við munum ráða við [nýja stofnun] á næsta ári. Við munum þó taka það til skoðunar í fjárlagavinnunni," segir Guðbjartur. „Fyrsta skrefið yrði tekið með því að efla Stuðla. Við verðum að finna lausnir fyrir þessa einstaklinga. En umræðurnar eru ekki fullmótaðar." **- sv**

### Börn í fangelsum

**Fjöldi barna á aldrinum 16 til 17 ára sem hófu afplánun í fangelsi.**

| | |
|---|---|
| 2006 | 1 |
| 2007 | 1 |
| 2008 | 5 |
| 2009 | 2 |
| 2010 | 1 |

*Heimild: Fangelsismálastofnun*



**VIÐHALD Í VEÐURBLÍÐUNNI** Haustsólin hefur ekki verið feimin við höfuðborgarbúa að undanförnu. Málarinn á Kárastíg 1 nýtti veðurblíðuna og dyttaði að húsinu með fagurgulum og -grænum litum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Segja páfa þegja yfir brotum:

## Fórnarlömb vilja rannsókn

**HAAG, AP** Samtök fórnarlamba kynferðisofbeldis af völdum presta innan kaþólsku kirkjunnar segja að leiðtogar innan Vatíkansins, þar á meðal Benedikt XVI páfi, þaggi niður kynferðisbrot gegn börnum sem hafa átt sér stað innan kirkjunnar.



BENEDIKT XVI PÁFI

Lögmaður samtakanna kærði málið til Alþjóðaglæpadómstólsins í Haag í gær, þar sem farið var fram á heildarrannsókn á viðbrögðum kaþólsku kirkjunnar þegar ásakanirnar komu fyrst fram. Forsvarsmenn kirkjunnar verða mögulega sakaðir um glæpi gegn mannkyninu. Lögmaður Vatíkansins kallar málið „fáránlega auglýsingabrellu". **- sv**




Íslenski framleiðandinn Eva Maria Daniels landar stórlaxi í næstu mynd sína:

## Schwarzenegger í bíómynd Evu

**FÓLK** Eva Maria Daniels, kvikmyndaframleiðandi í Bandaríkjunum, hefur ráðið leikarann og ríkisstjórann fyrrverandi Arnold Schwarzenegger til að leika aðalhlutverkið í nýrri mynd sinni, Captive.

„Ég var ekki neitt svakalega spennt þegar nafnið hans kom fyrst upp," segir Eva Maria.

Myndin er sú fyrsta sem Eva Maria þróar sjálf frá grunni, en það þýðir að hún finnur fjármagn, leikara og tökulið í myndina.

„Kvikmyndaheimurinn er lítill og þegar gott handrit er í boði vita allir af því. Arnold hefur verið mjög umdeildur hérna og skapar ekki endilega jákvæða umræðu um myndina, en Bandaríkjamenn elska endurkomur og þetta verður vonandi endurkoma hans á hvíta tjaldinu og áhorfendur fá að sjá hann í nýju ljósi," segir Eva Maria.

Hún bætir við að vöðvatröllið og ríkisstjórinn fyrrverandi í Kaliforníu hafi komið mjög vel út í prufunum. **- áp /** **sjá síðu 30**

Kaffirjómi
Frábær út í kaffið og til matargerðar.




ms.is

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1

## SPURNING DAGSINS



*Þorsteinn, var hún alveg ær?*

„Ja, hún var að minnsta kosti ekki alveg ærleg þar sem hún braut reglur.“

Þorsteinn Ólafsson dýralæknir segir enga aukningu í því að sauðfé hlaupi milli landsvæða þó að ein kind hafi villst frá Fljótshlíð allt norður í land á dögunum.

Þjóðminjasafnið krefur fjögur ungmenni um níu milljónir fyrir Krýsuvíkurkirkju:

# Ákærð fyrir að brenna friðaða kirkju

**DÓMSMÁL** Fjögur ungmenni hafa verið ákærð fyrir að brenna Krýsuvíkurkirkju til grunna aðfaranótt 2. janúar í fyrra. Kirkjan hafði verið friðuð í tuttugu ár.

Samkvæmt ákæru Ríkissaksóknara helltu ungmennin, tveir menn fæddir 1990 og tvær stúlkur fæddar 1993, bensíni yfir innviði kirkjunnar og báru eld að. Kirkjan gereyðilagðist í brunanum.

Þau eru einnig ákærð fyrir þjófnað, en í safnaðarbauknum sem þeim er gefið að sök að hafa stolið voru 4.000 krónur.

Þrjú ungmennanna mættu við þingfestingu málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þau tóku sér öll frest til að taka afstöðu til sakarefnisins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þau ekki játað brotin skýlaust á fyrri stigum málsins.

Krýsuvíkurkirkja var smíðuð 1857 og var ein minnsta kirkja landsins. Hún tilheyrði húsasafni Þjóðminjasafns Íslands, og gerir safnið skaðabótakröfu á hendur sakborningunum upp á um 8,7 milljónir króna. **- sh**



**RÚMLEGA 150 ÁRA GÖMUL** Krýsuvíkurkirkja var ein minnsta kirkjan á landinu. Nú er hún horfin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Læknar í menningarátaki:

# Sjúklingar fá miða í leikhús

**FINNLAND Læknar í Turku í Finnlandi hafa fengið 5.500 miða á menningarviðburði sem þeir eiga að afhenda sjúklingum. Turku er menningarhöfuðborg Evrópu 2011 og í tilefni þess var ákveðið að leggja áherslu á tengsl þátttöku í menningarlífi og góðrar líkamlegrar og andlegrar heilsu.**

**Finnskur læknir segir það einkum þunglyndissjúklinga og sjúklinga með króníska verki sem þurfi á menningu að halda. Í leikhúsi eða á tónleikum gleymdu þeir um stund vanlíðan sinni. - ibs**

Alvarleg líkamsárás í miðbæ:

# Stakk mann á Lækjartorgi

**LÖGREGLUMÁL Ölvaður maður á fertugsaldri stakk mann með hnífi á Lækjartorgi í miðbæ Reykjavíkur um kvöldmatarleytið í gær. Þolandinn, sem er fæddur 1981, er ekki alvarlega slasaður en var fluttur á sjúkrahús til aðhlynningar.**

**Gerandinn reyndi að flýja af vettvangi en lögregla hafði uppi á honum á vafri um miðbæinn. Hann var handsamaður í kjölfarið og verður yfirheyrður á morgun og ákærður í kjölfarið. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu þekkjast mennirnir tveir og eru þeir báðir í óreglu. - sv**



**ÚR GARÐINUM** Forstöðumaður garðsins segir að nýlega hafi verið farið yfir róluna. Yfirmaður verkstæðisins í garðinum hafi ekkert séð að henni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Drengur missti tönn þegar róla slitnaði

**Festing gaf sig í rólu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum með þeim afleiðingum að sjö ára drengur missti tönn og slasaðist í andliti. Skaðinn er varanlegur, segir faðir drengsins. Rólan hefur verið tekin úr umferð meðan málið er rannsakað.**

**SLYS** Sjö ára gamall drengur missti framtönn og hluta úr annarri tönn auk þess sem hann slasaðist í andliti þegar róla sem hann var í slitnaði. Atvikið átti sér stað í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í byrjun mánaðarins.

„Hann lendir á andlitinu á trégirðingu, brýtur framtönn og rótin á henni kýlist upp og skekkist. Hann fékk stórt sár á tannholdið og það brotnaði upp úr annarri tönn. Svo er hann með skurð í andlitinu,“ segir Ágúst Birgisson, faðir drengsins. Drengurinn var í garðinum ásamt átján ára bróður sínum. „Þetta er svo mikill óþarfi. Svona finnst mér að eigi ekki að geta komið fyrir,“ segir Ágúst, en hann lagði til að garðinum yrði lokað á meðan komist væri að því hvað nákvæmlega gerðist.

Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður garðsins, segir að nýlega hafi verið farið yfir róluna og yfirmaður verkstæðis þar hafi ekki séð neitt athugavert við hana. „Það var festing sem gaf sig.“ Hann segir ljóst að slysið sé á ábyrgð garðsins og afskaplega leitt sé að það hafi orðið. Mestu skipti að drengurinn nái sér.

Faðir hans segir hins vegar að hann hafi hlotið varanlegan skaða eftir slysið. „Við vitum ekki enn hvort tönnin lifir. Hann er með varanleg ör og meiðsli.“

Lögregla var kölluð á staðinn og tekin skýrsla um atvikið. Að sögn Tómasar var síðan Vinnueftirlitinu og Heilbrigðiseftirlitinu gert viðvart og málið er nú í rannsókn. Á meðan á rannsókninni stendur hefur rólan verið tekin úr umferð.

Samkvæmt reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim á að framkvæma aðalskoðun á leiksvæðum árlega. Það er ítarleg ástandsskoðun sem gerð er af fagaðilum. Rekstrarskoðun felst í viðhaldi og viðgerðum og hana eiga rekstraraðilarnir sjálfir að framkvæma að minnsta kosti á þriggja mánaða fresti. Reglubundna yfirlitsskoðun á svo að framkvæma daglega til vikulega, eftir því hversu mikið svæðið er notað.

Að sögn Herdísar Storgaard, verkefnastjóra Árvekni, á að framkvæma slíka skoðun áður en fólki er hleypt inn á svæðið. „Svona lagað gerist ekki nema eftirlitinu sé ábótavant. Rólur slitna ekki undan börnum.“

**thorunn@frettabladid.is**

Fjöldagröf fundin í Írak:

# Myrtu fjörutíu leigubílstjóra

**ÍRAK** Íraska lögreglan hefur fundið gröf með líkamsleifum 40 leigubílstjóra í bænum Dujail sem er í um 60 km fjarlægð frá Bagdad. Leigubílstjórarnir voru fórnarlömb bílaþjófagengis sem á undanförnum tveimur árum hafa rænt 40 leigubílstjórum í Bagdad og síðan drepið þá.

Þrír menn hafa verið handteknir vegna málsins. Lögreglan telur að foringi bílaþjófanna hafi komið í bílageymslu leigubíla og beðið bílstjóra að aka sér til Dujail. Þar hafi félagar hans beðið, drepið bílstjórana, kastað líkinu í fjöldagröf og selt leigubílinn. **-ibs**



**OLÍULEIT** Búist er við áhuga á öðru olíuleitarútboði stjórnvalda vegna Drekasvæðisins en það hefst í október. NORDICPHOTOS/GETTY

Ungmenni í Danmörku:

# Telja sig dugleg en eru það varla

**DANMÖRK** Á milli 70 og 80 prósent danskra ungmenna telja sig leggja jafn mikið eða meira á sig við nám og störf en jafnaldrar þeirra í öðrum löndum. Þetta kemur fram í könnun sem gerð var fyrir samtök atvinnulífsins þar í landi og er fjallað um á vef DRK.

Þau koma hins vegar verst út með tilliti til tíma sem varið er við nám eða vinnu í öllum þeim 22 löndum sem könnunin tekur til.

Talmaður atvinnurekenda telur niðurstöðurnar bera vott um dapurt vinnusiðferði, en uppeldisfræðingur segir að ungmennin dönsku gætu mögulega komið jafn miklu í verk og þau sem verja til þess meiri tíma. **- þj**

## SAMGÖNGUR

### Kostnaður 3,5 milljarðar

Kostnaður ríkisins vegna Landeyjahafnar er kominn upp í 3,5 milljarða króna. Það er hærri upphæð en áætlanir gerðu ráð fyrir að þyrfti að greiða til ársins 2014. Þetta kom fram í svari innanríkisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur.

Olíuleitarútboð í október:

# Skoða stofnun ríkisolíufélags

**IÐNAÐUR Stofnun ríkisolíufélags sem tæki þátt í olíuleit á Drekasvæðinu er til skoðunar í iðnaðarráðuneytinu. Fyrirtækjaráðgjöf PricewaterhouseCoopers hefur hvatt íslensk stjórnvöld til þessa en fyrirtækið hefur rannsakað útboð vegna olíuleitar.**

**Halldór Þorkelsson, sviðsstjóri fyrirtækjaráðgjafar, segir stofnun ríkisolíufélags vera farsæla leið til að þekking í tengslum við olíuiðnað verði eftir í landinu. Annað olíuleitarútboð stjórnvalda vegna olíuleitar á Drekasvæðinu hefst í byrjun næsta mánaðar. - kmu**






Árás á höfuðstöðvar herliðs NATO og sendiráð Bandaríkjamanna í Kabúl:

# Talibanar sýna hvað þeir geta

**AFGANISTAN, AP** Hópur talibana skaut bæði flugskeytum og riffilskotum að sendiráði Bandaríkjanna og höfuðstöðvum alþjóðaliðs NATO í Kabúl, höfuðborg Afganistans, í gær. Einnig var gerð sjálfsvígsárás á lögreglustöð skammt frá.

Árásirnar kostuðu að minnsta kosti einn afganskan lögreglumann og einn almennan borgara lífið, auk þess sem tveir árásarmannanna létust. Að minnsta kosti níu manns særðust, þar á meðal ung stúlka sem var með hópi fólks fyrir utan sendiráð Bandaríkjanna að bíða eftir afgreiðslu vegabréfsáritunar.

Árásirnar virðast eiga að sýna fram á getu talibanahreyfingarinnar til að ráðast á helstu valdastofnanir Vesturlanda í Afganistan, þrátt fyrir nærri tíu ára hernað helstu hervelda Vesturlanda gegn hreyfingunni.

Bandaríkjamenn eru vel á veg komnir með að undirbúa brotthvarf herliðs síns frá Afganistan. Í árslok 2014 eiga afganskir hermenn og lögreglumenn að taka við af erlenda herliðinu.

Þetta er þriðja stóra árás talibana í Kabúl síðan í júní. Árásarmennirnir komust fram hjá strangri öryggisgæslu í þessum hluta borgarinnar og upp í hálfbyggt háhýsi, þaðan sem þeir höfðu bæði sendiráð Bandaríkjanna og höfuðstöðvar fjölþjóðaliðsins í skotfæri. **- gb**



**LÖGREGLAN Í KABÚL** Afganskir lögreglumenn á vettvangi árásanna í Kabúl. NORDICPHOTOS/AFP



Heimilisbókhald **Arion banka**

—

# Bætum við **enn** fleiri námskeiðum í **Meniga**

Vegna metaðsóknar bætir **Arion banki** við enn fleiri ókeypis byrjendanámskeiðum í notkun **Meniga heimilisbókhaldsins**.

Lærðu grunnatriðin og þú kemst að því hvað það getur verið létt og skemmtilegt að sinna heimilisbókhaldinu.

| **Háskólinn í Reykjavík** | | | | **Á landsbyggðinni** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mið | 14. sept. | kl. 17.30 | **Fullbókað** | **Akureyri** | Fim | 29. sept. | kl. 17.30 |
| Fim | 15. sept. | kl. 17.30 | **Fullbókað** | **Borgarnes** | Mið | 12. okt. | kl. 17.30 |
| Mið | 21. sept. | kl. 17.30 | **Fullbókað** | **Egilsstaðir** | Fim | 13. okt. | kl. 17.15 |
| Mán | 26. sept. | kl. 17.30 | **Örfá sæti** | **Selfoss** | Þri | 18. okt. | kl. 17.30 |
| Þri | 27. sept. | kl. 17.30 | | | | | |
| Mið | 28. sept. | kl. 17.30 | | | | | |

Nánari upplýsingar og skráning á **arionbanki.is**

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

## GENGIÐ 13.09.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,02 | 117,58 |
| Sterlingspund | 185,25 | 186,15 |
| Evra | 159,8 | 160,7 |
| Dönsk króna | 21,453 | 21,579 |
| Norsk króna | 20,689 | 20,811 |
| Sænsk króna | 17,53 | 17,632 |
| Japanskt jen | 1,5198 | 1,5286 |
| SDR | | 183,71 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 216,3668

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

NÍ segir sterkar vísbendingar um að veiðar séu ósjálfbærar en veiðimenn vilja óbreytt fyrirkomulag veiða:

# Rjúpnastofninn í niðursveiflu um allt land

**NÁTTÚRA** Rjúpnastofninn er í niðursveiflu um land allt. Þrátt fyrir að dregið hafi verið verulega úr veiðum á rjúpum hefur ekki tekist að draga úr heildarafföllum í stofninum, eins og markmið stóðu til.

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) hefur unnið greinargerð fyrir umhverfisráðuneytið um veiðiþol stofnsins nú í haust. Þar segir að gögn sýni að stjórnun veiða hafi í meginatriðum gengið vel. Gögnin bendi einnig til þess að veiðar hafi áhrif á afföll eða dauða rjúpunnar umfram það sem er skotið.

Í bréfi sem stofnunin hefur sent umhverfisráðherra kemur fram að þrír kostir séu í stöðunni. Sá fyrsti sé að rjúpnaveiðum sé haldið áfram á sama máta og síðustu fjögur ár, þannig að veitt sé í átján daga. Miðað við að veiðimenn verði 5.000 og aflinn 31 þúsund fuglar eigi að veiða að hámarki sex fugla á mann.

Annar kostur væri að takmarka veiði enn frekar í þeirri von að truflun vegna veiða hætti að magna viðbótarafföll.

Þriðji kosturinn væri að hætta rjúpnaveiðum, þar sem sterkar vísbendingar séu um að veiðarnar séu í eðli sínu ósjálfbærar auk þess sem afföll séu meiri en það sem skotið er. Fyrirsjáanlegt sé að sveifla í stofninum muni hverfa og stofninn haldist í viðvarandi lágmarki.

Í yfirlýsingu frá Skotvís, Skotveiðifélagi Íslands, er lagt til að veitt verði eftir sama fyrirkomulagi og undanfarin tvö ár. Þar segir að veiðin hafi verið langt innan við þau 20 prósent af stofnstærð sem talið sé ásættanlegt hlutfall. Mest hafi álagið farið í 12 prósent árið 2005 en verið minna síðan. - þeb



**RJÚPUR** Veiðarnar virðast hafa áhrif á rjúpurnar, og mögulegt að stofninn sé viðkvæmur fyrir truflunum samfara veiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Í SKÓLA** Yfir eitt þúsund börn fluttu milli skóla í Reykjavík eða í önnur sveitarfélög á síðasta skólaári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reykvískir grunnskólanemar:

## Þúsundir flytja milli skóla

**MENNTAMÁL** Frá síðasta vori að skólabyrjun nú í haust fluttu 203 grunnskólanemendur í Reykjavík úr landi en 3.207 nemendur fluttu á milli skóla í Reykjavík eða í önnur sveitarfélög.

Á skólaárinu sjálfu, það er frá hausti 2010 til vors 2011, flutti 201 nemandi úr landi en 1.142 nemendur fluttu milli skóla í Reykjavík eða í önnur sveitarfélög. Spá um fjölda nemenda fyrir hvern skóla stóðst mjög vel þetta haust sem gefur vísbendingu um að flutningar milli hverfa í Reykjavík hafi ekki verið frábrugðnir fyrri árum, samkvæmt upplýsingum frá menntasviði Reykjavíkur. - ibs

**HVERAGERÐI**

### Strandblak í landluktum bæ

Koma á upp strandblaksvelli austan við sundlaugina í Laugaskarði í Hveragerði. Bæjarstjórnin ætlar að leggja 500 þúsund krónur í verkefnið sem er hugarfóstur Blakdeildar íþróttafélagsins Hamars. Samþykki þarf frá bæjarstjórn Ölfuss.

**HEILBRIGÐISMÁL**

### Innkalla grafinn lax

Fyrirtækið Ópal sjávarfang hefur ákveðið að stöðva sölu og innkalla af markaði grafinn lax vegna gruns um mengun af völdum skaðlegrar bakteríu.

# Vænlegast að leggja áherslu á fá markmið

**Antti Kuosmanen var meðal samningamanna Finna í aðildarviðræðum þeirra við ESB á tíunda áratug síðustu aldar. Hann segir mikilvægt að samninganefnd Íslands hafi fá og kýrskýr samningsmarkmið í aðildarviðræðum við ESB.**

**EVRÓPUMÁL** Það er lykilatriði fyrir Ísland í aðildarviðræðum við Evrópusambandið (ESB) að samninganefndin hafi fá og skýr markmið í viðræðunum, segir Antti Kuosmanen, sendiherra Finnlands hjá Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD).

„Það er mikilvægt að vita nákvæmlega hvað þið viljið fá út úr viðræðunum. Samningamennirnir ættu að hafa mjög skýra hugmynd um hvaða bil gæti reynst erfitt að brúa og leggja mesta áherslu á fá, skýr lykilatriði,“ segir Kuosmanen. Hann var í samninganefnd Finnlands sem samdi um aðild að ESB á árunum 1993 og 1994, og hélt fyrirlestur í Norræna húsinu í gær um þá vegferð.

Formlegar aðildarviðræður Íslands hófust í lok júlí síðastliðins að lokinni rýnivinnu þar sem löggjöf Íslands var borin saman við löggjöf ESB. Nú standa því yfir viðræður þar sem undirbúinn er aðildarsamningur sem báðir aðilar geta sætt sig við.

Kuosmanen segir að frá ESB séð snúist aðildarviðræðurnar um það hvernig viðræðuþjóðin geti lagað sig að reglum sambandsins. Það þýði hins vegar ekki að ekki sé til staðar svigrúm fyrir nýjar aðildarþjóðir til að ná fram sínum samningsmarkmiðum. „Til að ná sem bestum árangri þarf Ísland að leggja fram mjög sterk rök fyrir sinni afstöðu í nokkrum lykilmálum sem er alveg skýrt að eru mikilvægust.“

Spurður hvaða mál hafi reynst erfiðust í samningaviðræðum Finna segir Kuosmanen: „Það voru nokkur mál erfið en það erfiðasta varðaði landbúnaðarmál. Framleiðni finnskra bænda er lítil vegna norðlægrar stöðu landsins.“

Finnskir bændur þurfi því annaðhvort talsverða niðurgreiðslu eða hátt verð á markaði til að vera samkeppnishæfir. „Áður en við gengum í ESB tryggðu háir innflutningstollar hátt verð. Við þurftum hins vegar að breyta kerfinu með hliðsjón af landbúnaðarstefnu ESB, sem var mjög erfitt viðfangsefni,“ segir Kuosmanen.

„Lausnin fólst í ýmsum tæknilegum atriðum en þó aðallega í tvennu. Við fengum að nýta okkur ákveðin verkfæri í sameiginlegu landbúnaðarstefnunni af meiri krafti en önnur ríki. Síðan gaf ESB Finnlandi leyfi til að styrkja innlendan landbúnað á máta sem önnur ríki máttu ekki.“

Kuosmanen segir að þessi samningsatriði hafi verið nauðsynleg til að tryggja stöðu landbúnaðar í Finnlandi. Hann vill ekki vera með vangaveltur um hvort sambærilegar eða annars konar lausnir væru í boði fyrir Ísland en segir þetta fordæmi þó vera til staðar.

magnusl@frettabladid.is



**ANTTI KUOSMANEN** Kuosmanen átti sæti í samninganefnd Finna sem samdi við ESB um aðildarsamning á árunum 1993 og 1994. Hann skrifaði síðar bók um leið Finnlands í ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Til að ná sem bestum árangri þarf Ísland að leggja fram mjög sterk rök fyrir sinni afstöðu í nokkrum lykilmálum sem er alveg skýrt að eru mikilvægust.
>
> **ANTTI KUOSMANEN** SENDIHERRA FINNLANDS HJÁ OECD

Obama fer nýjar slóðir:

## Hvítir karlar fá síður embætti

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama leggur greinilega mikla áherslu á að skipa konur og fulltrúa minnihlutahópa í embætti dómara í Bandaríkjunum.



**BARACK OBAMA**

Einungis innan við þrjátíu prósent þeirra sem hann skipaði í embætti dómara fyrstu tvö árin eftir að hann tók við embætti forseta eru hvítir karlar.

Þannig eru nærri 47 prósent þeirra konur, 21 prósent af afrískum uppruna, ellefu prósent af rómönskum uppruna og sjö prósent af asískum uppruna.

Áður en Obama tók við embætti voru hvítir karlar jafnan í meirihluta allra dómara sem forsetar skipuðu í embætti. - gb

Danski þjóðarflokkurinn:

## Ókeypis piparúði til aldraðra

**DANMÖRK Danski lagaprófessorinn Eva Smith segir hættu á að aldraðir þurfi að greiða háar skaðabætur fái þeir að ganga með piparúða sér til varnar eins og Danski þjóðarflokkurinn hefur lagt til.**

**Sem dæmi um þær aðstæður sem geti komið upp segir hún að ungt fólk, sem fengið hafi piparúða í augun, geti orðið hrætt, hlaupið út á götu og orðið fyrir bíl.**

**Danski þjóðarflokkurinn vill að heimilt verði að nota piparúða í sjálfsvörn. Jafnframt leggur flokkurinn til að danskir ellilífeyrisþegar fái piparúðann án endurgjalds.** - ibs




**AÐ NÁ TÖKUM Á ÞARFAGREININGAFERLI HUGBÚNAÐAR**

(e. Mastering the Requirements Process)

**Þriggja daga námskeið ætlað verkfræðingum, tæknifræðingum og tölvunarfræðingum sem starfa við rekstur og þróun tölvukerfa, auk viðskiptafræðinga, verkefnisstjóra og hugbúnaðarráðgjafa sem skilgreina hugbúnaðarþarfir fyrirtækja.**

**Kennari:**
James Robertson, sérfræðingur hjá The Atlantic Systems Guild Ltd.

**Haldið:**
19. - 21. september 2011

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

**Nánari upplýsingar og skráning á endurmenntun.is eða í síma 525 4444**


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**LÆGÐ NÁLGAST**
Í dag er síðasti góði dagurinn á suðvesturhorninu í bili en næstu daga verður heldur vætusamt S- og V-til. Hins vegar má búast við björtu veðri og hægum vindi NA-til. Hitinn verður skaplegur miðað við árstíma, víða 10-15°C þegar hlýjast er á daginn.





**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 18° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 26° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 18° |
| París | 19° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

www.peugeot.is

Nýr Peugeot 508.

# Fer einfaldlega lengra.

1.800km á einum tanki.



**Peugeot 508**, micro-Hybrid, dísil, sjálfskiptur

Innanbæjar akstur **5,1L/100km - 1.411km** á einum eldsneytistanki
Utanbæjar akstur **4,0L/100km - 1.800km** á einum eldsneytistanki
Blandaður akstur **4,4L/100km - 1.634km** á einum eldsneytistanki

$CO_2$ útblástur **115g/km.**

Peugeot 508 frá kr.

**4.445.000**

Peugeot 508 fer lengra, með nýjar hugvitsamlegar lausnir, nýja hönnun og nýja míkrótækni í sparneytni veitir hann ökumanni og farþegum gæðastundir til að upplifa aukið öryggi, þægindi og áður óþekkta eldsneytiseyðslu. **Peugeot 508 fer einfaldlega lengra, alla leið á einum vistvænum orkugjafa, sem þú færð um land allt.**

NÝR PEUGEOT 508

PEUGEOT
MOTION & EMOTION

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

## KJÖRKASSINN



*Finnur þú fyrir óþægindum í öndunarvegi þegar svifryk er mikið í umhverfi þínu?*

| | |
|---|---|
| Já | 47,0% |
| Nei | 53,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telurðu rétt að koma á inntökuprófum við þær deildir Háskóla Íslands þar sem brottfall er mikið?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Flest börnin sem ættleidd voru til Íslands frá útlöndum komu frá Kína:

# Tuttugu börn ættleidd í fyrra

**SAMFÉLAGSMÁL** Tuttugu börn voru ættleidd frumættleiðingu á Íslandi á síðasta ári. Sextán börn voru ættleidd frá öðrum löndum en fjögur innanlands. Þá voru 23 börn ættleidd stjúpættleiðingu á árinu.

Stjúpættleiðing er þegar umsækjandi ættleiðir barn eða kjörbarn maka, en frumættleiðing þegar slík tengsl eru ekki til staðar.

Þrettán börn voru ættleidd frá Kína á síðasta ári. Það er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Þá var eitt barn ættleitt frá Taílandi, eitt barn kom frá Indlandi og eitt frá Kólumbíu. Árið 2009 voru færri börn ættleidd frá Kína, eða átta talsins. Þá komu tvö börn hingað frá Kólumbíu, eitt frá Tékklandi, fjögur frá Indlandi, eitt frá Filippseyjum og eitt frá Rússlandi.

Samkvæmt upplýsingum úr fréttablaði Íslenskrar ættleiðingar höfðu fimm börn verið ættleidd til landsins frá janúar og fram í ágúst auk þess sem foreldrum hafa borist upplýsingar um níu börn til viðbótar sem þeir munu fá að ættleiða. Því er útlit fyrir að fjöldi ættleiðinga muni að minnsta kosti ná meðaltali síðustu ára. **- þeb**



**UNGABARN** Sextán börn voru ættleidd að utan í fyrra, og fjórtán hið minnsta koma til landsins á þessu ári. NORDICPHOTOS/GETTY

Nýtt matvælahneyksli í Kína:

# Matarolía búin til úr skólpvatni

**KÍNA Kínversk yfirvöld greindu frá því í gær að 32 félagar glæpagengis hefðu verið handteknir í héraðinu Zhejiang fyrir að hafa búið til matarolíu úr skólpvatni. Jafnframt lagði lögreglan hald á 100 tonn af „skólpolíu“. Hinir handteknu höfðu fengið hráefnið í eigin matarolíu úr skurðum og skólprörum við veitingastaði.**

**Þetta er ekki í fyrsta sinn sem svona tilfelli kemur upp í Kína. Á undanförnum árum hefur mátt sjá myndir á netinu af fólki sem safnar olíu úr skólprörum. - ibs**




# Ætla ekki að segja upp starfsmönnum

**Íslandsbanki hagnaðist um átta milljarða króna á fyrri helmingi ársins. Þetta er samdráttur frá sama tíma í fyrra. Sérkennilegar aðstæður í hagkerfinu sníða bankanum þröngan stakk. Launahækkanir hafa keyrt upp kostnað við rekstur.**

**VIÐSKIPTI** „Ég er ánægð með þetta uppgjör, það sýnir að grunnreksturinn er að batna til langs tíma,“ segir Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.

Hagnaður bankans nam rétt rúmum átta milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins, sem er rúmlega 2,7 prósenta samdráttur frá sama tíma í fyrra. Afkoman skýrist að hluta af því að vaxta- og þjónustutekjur drógust saman um átta hundruð milljónir króna á milli ára auk þess sem kostnaður jókst. Til samanburðar jókst hagnaður Arion banka um rúm 28 prósent. Hann nam 10,2 milljörðum króna á fyrri hluta ársins og einkenndist að stórum hluta af endurmati á lánasafni. Því var ekki að skipta hjá Íslandsbanka nema að litlu leyti.

Birna segir samningsbundnar launahækkanir hafa keyrt kostnaðinn upp auk þess sem starfsfólki hafi verið að fjölga í bakvinnslu, við endurútreikning á húsnæðislánum og í hugbúnaðardeild. Áætlun til næstu fimm ára felur í sér að kostnaður verði lækkaður, þó ekki með uppsögnum starfsfólks, að sögn Birnu. Hún reiknar með að starfsfólkið fái önnur verkefni þegar fram líði stundir og efnahagslífið taki við sér.

Viðmælendur Fréttablaðsins segja fjárhagsstöðu Íslandsbanka mjög sterka en grunnreksturinn sé að dala á milli ára. Það eigi sömuleiðis við um hina bankana, sem gjaldi fyrir gjaldeyrishöft og ríkisábyrgð. Þær sérstöku aðstæður sem hér ríki í efnahagsmálum valdi því að dregið hafi úr arðsemi á eigin fé Íslandsbanka frá sama tíma í fyrra. Birna segir þetta að hluta rétt en þrátt fyrir það sé arðsemin í takt við bæði það sem eigendur bankans og Bankasýsla ríkisins krefjist af honum. „Það er að verða erfiðara að bæta arðsemi þar sem eigið fé er orðið svo mikið,“ segir hún.

Birna segir að þrátt fyrir þröngar aðstæður sé ýmislegt í farvatninu. „Við erum með töluvert í pípunum. Það er verið að stýra lausafé með það fyrir augum að fá sem besta ávöxtun á það.“ **jonab@frettabladid.is**



**BANKASTJÓRINN RÆÐIR UM UPPGJÖRIÐ** Íslandsbanki er með ýmislegt í pípunum sem stuðla á að ávaxta sjóði bankans. Ein leiðanna er kaup á Byr. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Lykiltölur úr rekstri Íslandsbanka

| Liðir | jan.-júní 2010 | jan.-júní 2011 |
|---|---|---|
| Hagnaður* | 8.290 | 8.062 |
| Rekstrartekjur* | 19.784 | 19.430 |
| Vaxtamunur | 5,7% | 5,3% |
| Heildareignir* | 699.800 | 682.575 |
| Eigið fé* | 100.400 | 128.780 |
| Eiginfjárhlutfall | 21,5% | 28% |
| Arðsemi eigin fjár | 17,1% | 12,9% |

* Í milljónum króna

### Eru með hálfa milljón á mánuði

Stöðugildi hjá Íslandsbanka og dótturfélögum í söluferli voru 1.258 á fyrstu sex mánuðum ársins. Launakostnaður nam á sama tíma 4.969 milljónum króna. Þetta merkir að meðallaun starfsmanna Íslandsbanka og dótturfélaga námu í kringum hálfri milljón króna á mánuði að teknu tilliti til launatengdra gjalda.

Fulltrúar Kvikmyndaskóla Íslands funduðu með menntamálaráðherra í gær:

# Einhuga um að tjá sig ekki í bili

**SKÓLAMÁL** „Þetta var góður og mikilvægur fundur,“ segir Sigrún Gylfadóttir, deildarstjóri leiklistardeildar Kvikmyndaskóla Íslands, sem fer fyrir sáttanefnd á vegum skólans er í gær hitti Svandísi Svavarsdóttur menntamálaráðherra.

Ekkert fæst uppgefið um það hvað gerðist efnislega á fundinum í gær. „Við gerðum samkomulag okkar á milli, við Svandís og ráðuneytið, að tjá okkur ekki um málið að svo stöddu. Þetta er mjög viðkvæmt. Við erum öll að vinna saman að því að reyna að finna lausn og ætlum að gefa okkur vinnufrið þessa vikuna,“ segir Sigrún og bætir við að nóg hafi verið fjallað um málefni skólans að undanförnu.



**MÓTMÆLT** Kvikmyndaskólinn glímir við fjárhagsvanda og hefur ekki enn verið settur í haust. Nemendur hafa mótmælt því harðlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvorki náðist tal af menntamálaráðherra né aðstoðarmanni ráðherrans eftir fundinn í gær. Að sögn Sigrúnar verður næst fundur á föstudag.

Í yfirlýsingu sem stjórn Kvikmyndaskólans sendi frá sér fyrir fundinn í gær sagði að þar sem Ríkisendurskoðun hefði ekki gert athugasemd við umsýslu fjármuna í rekstri skólans gæti menntamálaráðuneytið gengið strax til samninga við skólann. Ráðuneytið hefur þó áður sagt að þetta breyti engu um að skólinn uppfyllti ekki skilyrði um rekstrarhæfi og að rekja mætti fjárhagsvanda hans til þess að nemendum hefði verið fjölgað langt umfram viðmið styrktarsamnings. **- gar**

www.volkswagen.is




### Volkswagen Passat ber höfuð og herðar yfir aðra bíla

Á Passat EcoFuel ekur þú um á íslenskri orku. EcoFuel tæknin er sérhönnuð fyrir nýtingu á metangasi með fullri verksmiðjuábyrgð og þú getur sparað allt að 50% af eldsneytiskostnaði. Metanbílar eru umhverfisvænir og bera því engin aðflutningsgjöld. Hámarksdrægni er 880 km samanlagt á metangasi og bensíni. Með notkun metans á enginn $CO_2$ umframútblástur sér stað. Metanbílar fá ókeypis bílastæði í Reykjavík.

Félag íslenskra bílablaðamanna hefur valið Volkswagen Passat EcoFuel bíl ársins á Íslandi.

**Passat kostar aðeins frá**

## 4.290.000 kr.

**Das Auto.**

Fæst einnig með hagkvæmum bensín- og dísilvélum

**Reynslan er góð!**

HEKLA

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvaða deild í Háskóla Íslands ætlar að taka upp inntökupróf?*

**2.** *Hvaðan af Suðurlandi gekk kind sem fannst í Stafnsrétt í Austur-Húnavatnsssýslu?*

**3.** *Hvaða alþingismaður snýr nú aftur eftir eins og hálfs árs sjálfskipað frí frá þinginu?*

**SVÖR**

*1. Hagfræðideild. 2. Fljótshlíð í Rangárvallasýslu. 3. Illugi Gunnarsson, fyrrverandi stjórnarmaður í sjóði 9 hjá Glitni.*

Útlendingaótti Framfaraflokksins náði ekki hljómgrunni kjósenda í Noregi eftir hryðjuverk Anders Breivik:

# Fylgi norska Hægriflokksins jókst mest

**NOREGUR** Kristin Halvorsen, menntamálaráðherra Noregs, sagði af sér sem leiðtogi Sósíalíska vinstriflokksins á mánudagskvöld, þegar ljóst var orðið að flokkurinn hafði beðið afhroð í sveitarstjórnarkosningum í Noregi.

Flokkur hennar hefur verið minni flokkurinn í ríkisstjórn með Verkamannaflokki Jens Stoltenberg forsætisráðherra.

Verkamannaflokkurinn kom hins vegar vel út úr kosningunum, fékk nærri þriðjung atkvæða, sem er nokkrum prósentum meira en í kosningunum 2007 og meira en nokkur annar flokkur fékk nú.

Fylgisaukningin er hins vegar ekki mikil þrátt fyrir þá samúðarbylgju sem flokksmenn hafa notið eftir árásirnar 22. júlí í sumar þegar hryðjuverkamaðurinn Anders Breivik myrti tugi manna, flesta úr ungliðahreyfingu flokksins.

Stærsta sigur kosninganna vann hins vegar Hægriflokkurinn, sem hlaut 28 prósent atkvæða og tekur þar með ótvíræða forystu í stjórnarandstöðu.

Framfaraflokkurinn, sem hefur alið á ótta við útlendinga og var orðinn næstöflugasti stjórnarandstöðuflokkurinn, hrapaði hins vegar í fylgi, hlaut ellefu prósent atkvæða á landsvísu og aðeins sjö prósent í höfuðborginni Ósló.

Christian Tybring-Gjedde, leiðtogi flokksins í Ósló, viðurkennir að málflutningur flokksins hafi átt erfitt uppdráttar í kjölfar hryðjuverka Breiviks. - gb



**KRISTIN HALVORSEN** Leiðtogi Sósíalíska vinstriflokksins sagði af sér þegar úrslit kosninga voru ljós. NORDICPHOTOS/AFP


Lexus notaðir bílar



IS 200
2000 bensín
Sjálfskiptur
Nýskr.: 05.05
Ek.: 92.000. km.
2.190.000. kr.



IS 250
2500 bensín
Sjálfskiptur
Nýskr.: 09.09
Ek.: 6.500. km.
5.900.000. kr.



LS 460
President II
4600 bensín
Sjálfskiptur
Nýskr.: 04.07
Ek.: 38.000. km.
9.980.000. kr.



GS 300
EXE
3000 bensín
Sjálfskiptur
Nýskr.: 08.07
Ek.: 48.000. km.
4.800.000. kr.



RX 400h
Luxury
3300 bensín/rafmagn
Sjálfskiptur
Nýskr.: 03.08
Ek.: 23.000. km.
8.400.000. kr.



RX350
EXE
3500 bensín
Sjálfskiptur
Nýskr.: 09.07
Ek.: 79.000. km.
5.890.000. kr.

LEXUS
Nýbýlavegi 2 | sími 570 5400 | www.lexus.is
Afgreiðslutími: mán. - föst. kl. 9 - 18 / lau.: 12-16.
lexus@lexus.is




**MEÐ TÁKNRÆNAN STIMPIL** Erlendir ferðamenn í Ramallah sýna táknrænan stimpil með merki sjálfstæðs Palestínuríkis, sem þeir fengu hjá palestínskum baráttumönnum. NORDICPHOTOS/AFP

# Palestínumenn búa sig undir sjálfstæði

**Í næstu viku ætla Palestínumenn að óska eftir viðurkenningu Sameinuðu þjóðanna á sjálfstæði Palestínuríkis. Þótt Bandaríkin beiti neitunarvaldi í allsherjarráðinu gæti táknræn áheyrnaraðild haft óútreiknanleg áhrif.**

**PALESTÍNA** Á miðvikudaginn í næstu viku, þegar Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna verður sett í New York, ætla Palestínumenn að fara fram á viðurkenningu á stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, gengur þá væntanlega á fund Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, og leggur fram formlega beiðni um viðurkenningu.

Ísraelskum stjórnvöldum líst ekki alls kostar á þessi áform, sem fela í sér ósk um viðurkenningu á landamærum Palestínu og Ísraels eins og þau voru árið 1967, áður en Ísraelar hertóku Vesturbakkann og Gasasvæðið.

Litlar líkur eru reyndar á því að Palestínumenn hljóti viðurkenningu Sameinuðu þjóðanna sem fullgilt aðildarríki, því til þess þarf samþykki allsherjarráðs Sameinuðu þjóðanna og þar hafa Bandaríkjamenn sagst ætla að beita neitunarvaldi.

Palestínumenn eiga hins vegar möguleika á að Allsherjarþingið samþykki að veita Palestínu áheyrnaraðild, sem í sjálfu sér væri aðeins táknræn staða en gæti þó haft óútreiknanleg áhrif á þróun mála í Mið-Austurlöndum.

Arabíska vorið svonefnda, sem hófst fyrir níu mánuðum með uppreisn almennings gegn stjórnvöldum í hverju arabaríkinu á fætur öðru, hefur bæði aukið þrýsting á ísraelsk stjórnvöld og skapað vaxandi óvissu um framtíðarmöguleika Ísraelsríkis í miðjum arabaheiminum.

Tyrknesk stjórnvöld, sem undanfarin ár höfðu gert sér far um að bæta sambandið við Ísrael, hafa nú allra síðustu vikurnar gagnrýnt ísraelsk stjórnvöld harðlega, ekki síst fyrir að neita að biðjast afsökunar á árásinni á skipalestina sem siglt var frá Tyrklandi til Gasa á síðasta ári.

Tyrkir hafa rekið sendiherra Ísraels úr landi og segjast ætla að veita næstu skipalest, sem reyna á að sigla til Gasa á næstunni, herfylgd.

Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, sakaði Ísraelsstjórn um að hegða sér eins og spilltur krakki og einangra eigin þjóð með stefnu sinni.

„Ísraelar losnar ekki úr einangrun sinni fyrr en þeir fara að haga sér eins og skynsamlegt, ábyrgt, alvarlegt og eðlilegt ríki," sagði hann á leiðtogafundi Arababandalagsins í Kaíró í gær.

gudsteinn@frettabladid.is

Vísbendingar um að fólk sé að flytja úr leiguíbúðum og kaupi sér frekar fasteign:

# Bóla á leigumarkaði að dala

**FASTEIGNIR** Líf hefur færst yfir fasteignamarkaðinn. Ekki eru vísbendingar um að aukna veltu megi rekja til þess að fjárfestar séu að kaupa íbúðir til að leigja út. Þvert á móti hefur leiguíbúðamarkaðurinn verið að dragast saman.

Fram kemur í Morgunkorni Greiningar Íslandsbanka að á sama tíma og þinglýstum kaupsamningum um íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu hafi fjölgað um 76 prósent á fyrstu átta mánuðum ársins miðað við síðasta ár hafi leigusamningum um íbúðahúsnæði fækkað um 3,1 prósent. Þetta segir deildin vísbendingu um að sumir séu að færa sig úr leiguhúsnæði yfir í eignarhúsnæði um þessar mundir.



**HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ** Þinglýstum kaupsamningum um íbúðarhúsnæði í og við Reykjavík hefur fjölgað mikið á milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ein af ástæðunum fyrir þessum umskiptum sé sú að efnahagur margra heimila sé betri og kaupmáttur meiri. Þá sé fasteignaverð á uppleið og íbúðakaup því álitlegur fjárfestingarkostur.

Greining Íslandsbanka rifjar upp að leigumarkaðurinn hafi tvöfaldast á árunum 2008 og 2009. Þá hafi fjárhagur heimilanna versnað, aðgangur að lánsfjármagni orðið erfiðari og lækkandi húsnæðisverð hafi gert fasteignakaup óálitlegan fjárfestingarkost. - jab

# Fjölbreyttustu sturtulausnir á Íslandi

## Eitt hagstæðasta verð á markaðnum

**Verslið þar sem úrvalið er mest!**







# STURTUSKJÓL

Hæðir x breiddir: 70x220, 80x220, 90x220, 100x220, 110x220, 120x220 sm

# HURÐIR OG VEGGIR

**GLERVEGGIR með hurð**
Breiddir: 60, 70, 75, 80, 85, 90, 100, 105, 110, 115, 120, 125, 130, 135, 140, 145, 150, 155, 160, 165, 170, 175 og 180 sm
Hæð: 193 sm

**GLERENDAVEGGIR**
Breiddir: 70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm, 110 sm og 120 sm
Hæð: 193 sm

# STURTUhorn

**NÝTT!**

## SOFT RUNNER

Hljóðlítið rennsli
Auðvelt að taka hurðir af og hreinsa
Mikil ending






N-145 Stærðir: 80 x 80 og 90 x 90 sm




JN-435 Stærðir: 80 x 80 og 90 x 90 sm




JN-425 Stærðir: 80 x 80 og 90 x 90 sm

**www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Á morgun 15. september gefur Íslandspóstur út þrjár frímerkjaraðir og tvær smáarkir. Myndefni frímerkjanna eru verndun votlendis, Snæfellsnesþjóðgarður og Amnesty International. Myndefni smáarkanna eru Njálsbrenna og Ísland-Malta samútgáfa.




Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050 Fax: 580 1059
Netfang: stamps@postur.is
Heimasíða: www.stamps.is

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN


## Ný könnun á viðhorfi frambjóðenda til þings í Danmörku til samkynhneigðra:

# Samkynhneigðir fengju að giftast

**DANMÖRK** Útlit er fyrir að meirihluti myndist á danska þinginu fyrir því að leyfa hjónabönd fólks af sama kyni. Þetta kemur fram í frétt dagblaðsins Urban, sem byggir á spurningalista sem lagður var fyrir frambjóðendur til þingkosninganna sem fara fram á morgun.

Í könnuninni kemur fram að meirihluti er meðal allra flokka á vinstri kantinum, sem og Liberal Alliance, fyrir því að leyfa hjónavígslur fólks af sama kyni.

Þá er Venstre, flokkur Lars Løkke Rasmussen forsætisráðherra, nokkuð hlynntur breytingunni, en Íhaldsflokkurinn, sem situr einnig í stjórn, er klofinn til málefnisins. Hjónavígslur fólks af sama kyni eru leyfilegar á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð.

„Síðustu tíu ár höfum við dregist aftur úr öðrum löndum varðandi réttindabaráttu," segir Sören Laursen, talsmaður sam- og tvíkynhneigðra í Danmörku, í samtali við Urban. „Því er svo mikilvægt að svo margir frambjóðendur séu þeirrar skoðunar að tími sé kominn á breytingar." **- þj**



**AUKIN RÉTTINDI** Meirihluti gæti myndast á danska þinginu fyrir því að leyfa hjónabönd fólks af sama kyni. NORDICPHOTOS/AFP

# Ríkisstjórn ákveði sjálf um ráðuneytin

**Frumvarp um breytingar á stjórnarráði Íslands liggur nú fyrir Alþingi. Stjórnarandstöðuþingmenn eru því andvígir og telja það auka vald ráðherra á kostnað Alþingis. Ríkisstjórnin vísar í rannsóknarskýrslu Alþingis um breytingarnar.**

**FRÉTTASKÝRING**

Í hverju eru breytingar á stjórnarráði Íslands fólgnar?

Frumvarp Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra um breytingar á stjórnarráði Íslands er til umræðu á Alþingi. Óhætt er að segja að á því séu skiptar skoðanir og þingmönnum liggur mikið á hjarta um málið, sem rætt hefur verið fram á nótt. Það er til annarrar umræðu og vonast ríkisstjórnin til þess að hægt sé að klára það á þingstubbnum sem nú stendur yfir.

Stærsta breyting frumvarpsins varðar málefni ráðuneyta. Í núgildandi lögum eru þau talin upp með tæmandi hætti og til þess að sameina ráðuneyti, fækka eða fjölga, verður að fá samþykki Alþingis.

Samkvæmt frumvarpinu verður breyting þar á; aðeins verður kveðið á um hámarksfjölda ráðuneyta, það er tíu, en það er síðan sett í hendur ríkisstjórn hverju sinni hver þau ráðuneyti eru. Þetta þýðir að forsætisráðherra getur kveðið á um sameiningu og breytingar á ráðuneytum án þess að fá til þess heimild Alþingis.

Þetta hefur stjórnarandstaðan gagnrýnt og sagt færa vald frá Alþingi til forsætisráðherra. Það sé gegn niðurstöðu rannsóknarskýrslu Alþingis, sem kveðið hafi á um eflingu löggjafarvaldsins. Margir stjórnarandstæðingar hafa tekið til máls og ýjað að því að með þessu sé verið að þjappa valdi óeðlilega mikið saman á hendur þess sem gegni embætti forsætisráðherra hverju sinni.

Stjórnarliðar hafa vísað til þess að þetta sé í samræmi við það sem gerist í hinum Norðurlandaríkjunum, að Finnlandi undanskildu. Þá sé forsætisráðherra ekki einráður í ríkisstjórnum og því sé ákvörðun um breytingar háð samþykki stjórnarflokka. Forseti Íslands þurfi eftir sem áður að samþykkja breytingarnar.

Í nefndaráliti meirihluta allsherjarnefndar, sem nú fer fyrir málinu, segir að samkvæmt rannsóknarskýrslunni megi ætla að forsætisráðherra ætti að hafa víðtækara forystu- og stjórnunarhlutverk í ríkisstjórn. Heimildir hans til að fela öðrum ráðherrum hluta af valdi sínu sé takmörkuð.

Í frumvarpinu er einnig kveðið á um skipan ráðherranefnda, en þær eiga að nýtast við samhæfingu starfa á milli ráðuneyta.

Einnig er kveðið á um stjórnunar- og eftirlitsskyldu ráðherra með lægra settum stjórnvöldum.

Þá er kveðið á um hæfnisnefndir við skipan ráðuneytisstjórna og skrifstofustjóra í ráðuneytum. Heimildir ráðherra til að flytja starfsmenn á milli ráðuneyta vegna tímabundinna verkefna er einnig aukin.

Líkt og áður segir lýtur gagnrýni stjórnarandstöðunnar fyrst og fremst að því að verið sé að flytja vald frá Alþingi til forsætisráðherra. Einnig hefur verið sett spurningarmerki við hámarksfjölda ráðuneyta hverju sinni.

Stjórnarandstæðingar hafa ýjað að því að frumvarpið sé sett til höfuðs Jóni Bjarnasyni, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra. Færa eigi forsætisráðherra vald til breytinga á ráðuneytum svo hann geti búið til nýtt atvinnuvegaráðuneyti og lagt ráðuneyti Jóns niður.

Sjálfur hefur Jón þvertekið fyrir þá skýringu, enda sé það ekki skynsamlegt að leggja landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið niður. Hann sé hins vegar á móti frumvarpinu þar sem það dragi úr valdi Alþingis. **kolbeinn@frettabladid.is**



**FLUTNINGSMAÐUR** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra flytur frumvarpið. Nokkrar samningaviðræður kostaði að fá frumvarpið úr nefnd, meðal annars var því bætt inn að ríkisstjórnarfundir skyldu hljóðritaðir. Minnihlutinn skilaði tveimur álitum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Norðurlöndin

*„Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er skipulag ráðuneyta og verkaskipting milli þeirra ekki fest í lög heldur er skipulagsvaldið í höndum forsætisráðherra og ríkisstjórna. Mjög algengt er að gerðar séu breytingar á ráðuneytum við ríkisstjórnarskipti og verkefni færð á milli ráðuneyta. Í Finnlandi eru stjórnarmálefni hins vegar jafnan flutt á milli ráðuneyta með lögum enda á sú framkvæmd sér beina stoð í finnsku stjórnarskránni og eru frumvörp um slíkt jafnan á meðal fyrstu þingmála hverrar ríkisstjórnar."*

*Úr athugasemdum við frumvarpið*

## 23 aðstoðarmenn

Ein breytinganna sem stjórnarandstaðan hefur harðlega gagnrýnt er fjölgun aðstoðarmanna. Samkvæmt breytingartillögu meirihluta allsherjarnefndar verður hverjum ráðherra heimilt að ráða sér tvo aðstoðarmenn. Aukreitis við þá tuttugu aðstoðarmenn sem tíu ráðherrar þá hefðu fær ríkisstjórnin heimild til að ráða þrjá til viðbótar ef þörf krefur. Í dag eru ráðherrar með einn aðstoðarmann en nokkrir þeirra hafa þó sérstaka ráðgjafa einnig.

## Ríkisstjórnarfundir teknir upp

Til stóð að allsherjarnefnd afgreiddi frumvarpið föstudaginn 3. september. Það gekk ekki eftir og var það fyrst og fremst andstaða Þráins Bertelssonar, þingmanns Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, sem réð því. Þá var Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, einnig ósáttur. Farið var yfir málið aftur síðar um daginn og mánudaginn 5. september náðist sátt um málið.

Fyrst og fremst voru það ákvæði um upptökur á ríkisstjórnarfundum sem stöðvuðu málið. Það var ekki að finna í frumvarpinu, en eftir samkomulagið er nú kveðið á um hljóðritun allra funda og upptökurnar verði síðan gerðar opinberar að þrjátíu árum liðnum.



**ÞRÁINN BERTELSSON**


Íslenska sjávarútvegssýningin 2011
Smárinn, Kópavogur • September 22-24

## Eini viðburðurinn sem nær til íslenska sjávarútvegsins í heild sinni

* Alþjóðlegar VIP-sendinefndir verða á staðnum
* Íslensku sjávarútvegsverðlaunin verða afhent í fimmta sinn þann 22. september 2011

## Allt fyrir atvinnumenn í sjávarútvegi frá veiðum til vinnslu og dreifingar á fullunnum afurðum

Stuðningsaðilar eru:
- Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytið
- Utanríkisráðuneytið
- Samtök iðnaðarins
- Fiskifélag Íslands
- Landssamband íslenskra útvegsmanna
- Landssamband smábátaeigenda
- Samtök fiskvinnslustöðva
- Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
- VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna
- Sjómannasamband Íslands
- Félag atvinnurekenda
- Samtök verslunar og þjónustu
- Íslandsstofa
- Fiskifréttir



Nánari upplýsingar veitir Marianne Rasmussen-Coulling í síma +44 (0) 1329 825335, netfang: mrasmussen@mercatormedia.com

mercatormedia magazines events online
Íslenska sjávarútvegssýningin er atburður á vegum Mercator Media

www.icefish.is

Samstarfsaðili um flutninga: EIMSKIP
Alþjóðleg útgáfa: worldfishing & AQUACULTURE
Skipuleggjandi: mercatormedia magazines|events|online
Opinber íslensk útgáfa: Fiskifréttir
Opinbert flugfélag/loftflutningafélag & hótelkeðja: ICELANDAIR GROUP

**Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8 í dag. Reynsluaktu nýjum Mazda.**

**Opið í dag frá kl. 9 til 17**

mazda




**Mættu mótsagnakenndum kröfum af jafnvægi. Gerðu kröfu um formríka hönnun, glæsileika og rekstrarsparnað. Fetaðu veg lífsgilda og lífsgleði. Rataðu leið visthæfni og akstursgleði í Mazda. Finndu jafnvægið með Mazda 3.**

Græn skref í Reykjavík
P
90 mín.
Visthæfur bíll

**Mazda3 Advance**
1,6 dísil 115 hö
5 dyra 6 gíra beinskiptur
Eldsneytisnotkun 4,5L/100km*
Koltvísýringur $CO_2$ 117g/km
**Brosandi verð 3.680.000 kr.**

BROSTU

VERTU MAZDA

# Finndu jafnvægið

Mazda eru japanskir bílar. Japanir eru þekktir fyrir nákvæmni. Hugmyndafræði Mazda byggir á djúpstæðum skilningi á jafnvægi lífsins. Í hverjum Mazda bíl finnst hvernig þekking, kunnátta og samstilling skila hinu fullkomna jafnvægi. Finndu jafnvægið. Vertu Mazda.

## Mazda eru japanskir bílar. Japanir eru þekktir fyrir nákvæmni. Skynjaðu nákvæmt jafnvægi milli frábærra akstureiginleika og sparneytni.



**Mazda2 Advance**
1,3i bensín 84 hö
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Eldsneytisnotkun 5,1L/100km*
Koltvísýringur $CO_2$ 119g/km
**Brosandi verð 2.490.000 kr.**



**Mazda3 Advance**
1,6i bensín 105 hö
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Eldsneytisnotkun 6,3L/100km*
Koltvísýringur $CO_2$ 149g/km
**Brosandi verð 3.340.000 kr.**



**Mazda5 Advance**
1,6 dísil 115 hö, 7 sæta
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Eldsneytisnotkun 5,2L/100km*
Koltvísýringur $CO_2$ 138g/km
**Brosandi verð 4.350.000 kr.**



**Mazda6 Advance Station**
1,8i bensín 120 hö
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Eldsneytisnotkun 6,6L/100km*
Koltvísýringur $CO_2$ 157g/km
**Brosandi verð 3.990.000 kr.**



**Mazda6 Premium**
2,0i bensín 155 hö
5 dyra sjálfskiptur
Eldsneytisnotkun 7,7L/100km*
Koltvísýringur $CO_2$ 177g/km
**Brosandi verð 4.490.000 kr.**

* miðað við blandaðan akstur

**Skoðaðu alla nýjustu bílana frá Mazda. Brostu með Mazda. Vertu Mazda.**

**Spyrðu um fyrirmyndaþjónustu Brimborgar**

Opið á Bíldshöfða 8, kl. 9–17 virka daga og kl. 12–16 laugardaga

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | mazda.is

*Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni*

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Full þörf er á að mæla og ræða misjafnan árangur framhaldsskólanna.

## Svikin vara?

Ákvörðun hagfræðideildar Háskóla Íslands um að taka upp inntökupróf er skiljanleg og skynsamleg. Daði Már Kristófersson, dósent við deildina, sagði í Fréttablaðinu í gær að of mikið væri um að til náms kæmu nemendur sem stæðust ekki þær kröfur sem gerðar væru. Hann segir að algengt sé að þriðjungur til helmingur skráðra nemenda sjáist aldrei í tímum og drjúgur hluti falli í lok fyrstu annar.

Daði segir hafa verið rætt um aðrar lausnir, eins og að setja lágmarkseinkunn, en þá sé vandinn sá að stúdentspróf séu ómarktæk eftir því í hvaða skóla þau séu tekin. „Það er einfaldlega ekki nægilega mikið að marka slíkt viðmið,“ segir hann.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Sennilega er þetta vandamál ýktara nú en oft áður vegna þess að ýmsir sem ekki ætluðu sér í háskólanám eftir stúdentspróf hafa engu að síður skráð sig í háskóla sökum þess að litla vinnu er að fá. En vandinn er til og hefur lengi verið opinbert leyndarmál; að fólk er einfaldlega mjög misvel undirbúið fyrir akademískt nám eftir því hvaða framhaldsskóla það hefur sótt.

Framhaldsskólarnir búa að sjálfsögðu við mismunandi aðstæður. Þeir sem standa á gömlum merg geta fremur valið úr beztu nemendunum en þeir nýrri. Nemendur á svæðum þar sem menntun er mikil og tekjur háar standa sömuleiðis betur að vígi en aðrir, ekki sízt hvað varðar stuðning og hvatningu foreldra til náms.

Það breytir ekki því að hvíti kollurinn á að merkja að fólk sé fært um að takast á hendur akademískt nám í háskóla. Í einhverjum tilvikum er stúdentsprófið svikin vara, því að það felur ekki í sér nægilegan undirbúning.

Inntökupróf í háskóla eru einföld og réttlát leið til að koma í veg fyrir að nemendur sem ekki standast þær kröfur sem þar eru gerðar taki upp pláss og sói peningum skattgreiðenda með árálöngu gaufi. Þau leysa hins vegar alls ekki þann vanda að sums staðar sé stúdentsprófið ekki marktækt.

Fyrsta skrefið í átt til lausnar á þeim vanda er að viðurkenna hann, mæla umfang hans og ræða hann. Mörgum finnst hins vegar að það megi ekki. Í fyrra gerði Háskóli Íslands könnun á meðal stúdenta þar sem fólk var beðið að meta sjálft hversu vel undirbúið það hefði komið í skólann. Að meðaltali sögðust um 70 prósent hafa verið vel undir námið búin en hlutfallið fór niður í 30 prósent meðal nemenda úr einstökum framhaldsskólum og upp undir 100 prósent hjá stúdentum úr öðrum skólum. Þessa könnun átti hvergi að birta fyrr en Fréttablaðið fékk niðurstöðurnar í hendur og sagði frá þeim.

Í framhaldinu var ákveðið að kanna árangur stúdenta í HÍ og brottfall úr námi eftir því hvaða framhaldsskóla fólk sótti. Niðurstöðurnar á að sjálfsögðu að gera opinberar, enda eru þær marktækari en viðhorfskönnun á meðal nemenda.

Slíkur samanburður, faglega unninn, á að vera sjálfsagðar upplýsingar fyrir nemendur og foreldra þegar tekin er ákvörðun um hvar sótt er um skólavist og sömuleiðis fyrir stjórnendur framhaldsskólanna til að þeir átti sig á hvar þeir standa. Slök útkoma á ekki að þurfa að vera neitt feimnismál, heldur þvert á móti hvatning til að gera betur.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



**Hver eru raunveruleg áhrif tónlistarnáms á heilann?**

MENNTAVÍSINDASVIÐ



**Örnámskeið fyrir foreldra**

Í kvöld, miðvikudaginn 14. september kl. 20–22

Menntavísindasvið við Stakkahlíð, stofa H-207

Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir lektor heldur örnámskeið um áhrif tónlistar og tónlistarnáms á börn og unglinga. Hún segir frá niðurstöðum rannsókna og setur í samhengi við hugmyndir um gildi tónlistar fyrir manneskjuna og gildi þess að leggja stund á formlegt tónlistarnám.

**Næstu námskeið:**

21. sept. » Í átt að aukinni hollustu – börnum komið á bragðið

28. sept. » Hvers konar menntun í skólum stuðlar að sjálfbæru samfélagi?

Sjá nánar á **mennta.hi.is**

**Allir velkomnir og ókeypis aðgangur**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ
1911–2011


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Excalibur-höfuðið

Vigdís Hauksdóttir er þingmaður Framsóknarflokksins. Hún vísaði til gamalla sagna, væntanlega, í fréttum Stöðvar 2 á mánudag þegar hún sagði: „Ég er á engan hátt að stinga höfðinu í steininn.“ Hér er Vigdís augljóslega að vísa til sagnarinnar um Artúr konung. Sá átti að hafa verið uppi á Englandi til forna og um hann eru til fræknar sagnir. Artúr varð konungur þegar hann losaði hið helga sverð Excalibur. Sverðið var fast í steini og sá sem gat losað það varð konungur og það gerði Artúr með stæl.



### Ný aðferð við formannsval

Enginn skyldi ætla að Vigdís hafi verið að tala bókstaflega þegar hún sór af sér höfuðbýli sitt í steininum. Líklegra er að hún sé að vísa til allegórísks steins, sérstaklega þar sem hún fullyrti einnig að Evrópa stæði í björtu báli, en svo er ekki. Kannski verður næsti formaður Framsóknarflokksins sá sem nær höfðinu úr steininum. Hvort það er höfuð Vigdísar eða Framsóknarmaddömunnar er hins vegar óvíst.



### Björgvin aftur formaður?

Samfylkingin þarf að kjósa sér nýjan þingflokksformann eftir að Þórunn Sveinbjarnardóttir sagði af sér þingmennsku. Víst er að margir sækjast eftir þeirri vegtyllu, en þrír eru helst nefndir. Nafn Björgvins G. Sigurðssonar ber þar hæst, en hann sagði af sér ráðherradómi í ársbyrjun 2009. Hann gegndi þingflokksformennsku 2009 til 2010, en tók sér leyfi á meðan þingið fjallaði um rannsóknarskýrsluna. Aðrir sem nefndir eru til sögunnar eru Helgi Hjörvar og Kristján L. Möller.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## (G)narrismi


Stjórnmál



Sighvatur Björgvinsson

fyrrverandi heilbrigðisráðherra


Í síðustu sveitarstjórnarkosningum urðu til í Reykjavík nýr straumur og ný stefna í íslenskum stjórnmálum, sem menn höfðu ekki áður séð. Það varð þegar enginn gat sagt fyrir um hvort frambjóðandi væri að grínast – narrast – með fólk eða tala við það í alvöru. Dæmi: „Ég ætla að gera allt fyrir aumingja!“ Annað dæmi: „Ég ætla að setja ísbjörn í HÚSDÝRA(!)garðinn.“ Þessum nýja straumi var fjarskavel tekið. Í kjölsogi hans komst minn flokkur víst til áhrifa í höfuðborginni – eða svo er sagt.

Í framkvæmdinni eftir kosningar gætti einnig áhrifa þessa nýja straums í stjórnmálalífi þjóðarinnar. A.m.k. um sumt. „Lord Mayor of Reykjavík“ skrýddist lokkaprúðri hárkollu, háhæluðum skóm, dragkjól, skar skegg sitt, farðaði kinnar sínar, augu, varir og neglur, lét setja sig upp á vagn og bað, að sögn fjölmiðla, borgarfulltrúa að ganga eftir vagninum í gæsagangi. Narr – eða alvara? Hver veit?

Þegar nýjar stefnur og straumar ná miklum áhrifum eru þær gjarna kenndar við skapara sína. Sbr. Kalvínismi í trúarbrögðum, Darwinismi í vísindum – nú eða Marxismi í stjórnmálum. Þykir fólki fremur felast heiður en vansæmd að slíku. Að kenna sköpunina við skapara sinn. Það fer þá ekki á milli mála hvað um er rætt. Allir vita hvað Marxismi er, flestir hvað Darwinismi er – og talsvert margir hvað Kalvínismi er. Þarf ekki um það fleiri orðum að fara.

> Nú bið ég lesendur að misskilja mig ekki. Ég er ekki að (G)narrast með þá. Þvert á móti.

Því þykir mér vel til fundið að kenna hina nýju stefnu og strauma, sem svo miklum hljómgrunni hefur náð meðal okkar Íslendinga, við skapara sinn. Tala um (G)narrisma og að verið sé að (G)narrast með fólk þegar enginn getur vitað hvort verið er að ræða málin í alvöru eða gríni. Eða getur miðborgarstjórinn fundið á því betri, sannari og meira lýsandi nafngift?

Nú bið ég lesendur að misskilja mig ekki. Ég er ekki að (G)narrast með þá. Þvert á móti. Skrifa þetta í fullri alvöru. Nema hvað!


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi. Hvernig er veröldin?

Erlendar fjárfestingar

Stefán Arnórsson
prófessor í jarðefnafræði við HÍ



Kínverjinn Huang Nobu hefur áhuga á því að fá leyfi kínverskra og íslenskra stjórnvalda til að ganga frá kaupum á jörðinni Grímsstaðir á Fjöllum til að reisa þar lúxushótel og reka ferðaþjónustu. Margir Íslendingar telja þetta sjálfsagðan hlut, þar á meðal ýmsir ráðamenn í þjóðfélaginu. Hér er um það að ræða að erlendur aðili fá aðgang að auðlind á Íslandi án þess að nokkuð komi á móti sem er í hendi. Fegurð Íslands og náttúra er auðlind. Náttúran þolir takmarkaðan ágang eigi hún ekki að spillast.

Stórar þjóðir og smáar geta stundað viðskipti með vöru og sérfræðiþjónustu með gagnkvæmum ávinningi og það hafa Íslendingar og Kínverjar gert eftir því sem ég best fæ séð. Hins vegar gengur það ekki að stór og lítil ríki skipti á landi eða auðlindum enda hefur það aldrei verið gert. Ef tíu Íslendingar keyptu land í Kína og Kínverjar keyptu land á Íslandi á móti í hlutfalli við fólksfjölda væru þeir 40.000. Fengi hver 100 hektara ættu Kínverjar 40% af flatarmáli Íslands. Ísland væri kínverskt landsvæði eins og Alþýðulýðveldið Kína er í dag. Svona viðskipti ganga ekki. Þau eru ógn við sjálfstæði smáríkja. Mannkynssagan segir þá sögu svo ekki verður um villst.

Í lýðræðisríkjum leggur almenningur yfirleitt megináherslu á hærri laun og minna atvinnuleysi. Þingmenn leggja áherslu á þau mál sem fólk vill og það sem þeir vilja gjarnan er að verða kjörnir í næstu kosningum. Í ljósi þessa verður það að teljast eðlilegt að meirihluti Íslendinga (samkvæmt skoðanakönnunum) vill erlendar fjárfestingar hér til að bæta atvinnuástand næsta dags og þar með lífskjör næsta dag. En langtímasjónarmið verða útundan í lýðræðisríkjum með nefndar forgangsáherslur. Íslendingar góðir, hugsið líka langt fram í tímann, ekki bara til næsta dags.

Flest stríð í veröldinni hafa verið háð til að komast yfir auðlindir. Það segir sagan og frá því löngu fyrir daga Rómverja. Leiðtogar í Evrópu samþykktu sín á milli að skipta Afríku milli sín fyrir rúmri öld til að komast yfir auðlindir, einkum í jörðu. Evrópa er nú mjög snauð af auðlindum í jörðu og Bandaríkjamenn þurfa meira af slíkum auðlindum en þeir hafa nú innan eigin landamæra. Þegar öflug ríki skortir auðlindir sækja þau í smærri ríki til að komast yfir þessar auðlindir. Þannig er námugeirinn í dag. Ég fæ ekki séð að mótstaða sé mikil meðal Íslendinga að ganga í Evrópusambandið nema hvað varðar aðgengi Evrópusambandsríkja að auðlindum okkar.

Það ríki sem í dag hefur öflugasta hagkerfið í veröldinni er Kína. Kínverjar kaupa land í sumum heimshlutum, rækta landið og flytja landbúnaðarvöruna heim. Þetta fjölmennasta ríki veraldar skortir land. Það sem hér er á ferðinni er nákvæmlega það sama og átt hefur sér stað meðal ríkja hinna stærri Vesturlanda í langan tíma. Eini munurinn sem ég fæ séð á Vesturlöndum og Kína er að Kínverjar eru ólíklegir til að beita hervaldi. Eftir sem áður sjá þeir sér nauðsyn í meira land- og auðlindarými alveg eins og okkar heimshluti hefur gert.

Í ljósi þess finnst mér það bera vott algeru skilningsleysi Íslendinga að halda að málið um kaup Kínverjans Huang Nobu á landi á Grímsstöðum á Fjöllum snúist um kurteisi hans og mannlegt ágæti. Um hvort tveggja efast ég ekki. En það kemur málinu ekkert við hugsi menn nokkra áratugi fram í tímann. Málið snýst um aðgengi aðila utan okkar hagkerfis að íslenskum náttúruauðlindum. Þessar auðlindir eru lifibrauð okkar.

Ef þessar auðlindir fara úr okkar höndum verður krónan veik og lífskjörin eftir því og evran hjálpar okkur ekkert. Pössum við vel upp á auðlindir okkar og spillum þeim ekki verður krónan sterk og lífskjörin eftir því. Af hverju er norska krónan sterk?

Frá því eftir fyrri heimsstyrjöldina hafa Bandaríkin breytt um stefnu um 180 gráður. Þá vildu ráðamenn í Bandaríkjunum að fólk í sumum löndum Evrópu ákvæði landamæri með kosningum. Nú er öldin önnur og ástæðan er hversu Bandaríkin hafa gengið á eigin jarðarauðlindir.

Það viðhorf virðist landlægt hér á landi að halda að erlendir fjárfestar eða erlent fjármagn geti komið okkur til hjálpar. Þvílíkur barnaskapur! Ég hélt það væri auðséð, a.m.k. til langtíma litið, að það hjálpar okkur enginn nema við sjálf. Það gera hvorki Kínverjar, Bandaríkin eða Evrópa. Hitt er annað mál að veröldin er stór og með margþætta og margslungna menningu og fólk. Dvergríkið Ísland er of smátt til að geta staðið eitt og hlutlaust. Það verður að skipa sér sess með öðrum þjóðum og þar standa Norðurlöndin okkur næst og síðan ríki Evrópusambandsins.

Alþingi ætti að sjá sóma sinn í því að setja lög sem eru þess eðlis að fólk í landinu viti hvar það stendur. Það er óþolandi að Alþingi veiti ráðherra vald til að víkja frá þeim lögum sem það setur sjálft. Skyldi Alþingi vilja halda því áfram ef þingræðið og framkvæmdarvaldið væri í raun aðskilið? Meðan ráðherra getur veitt undanþágu frá lögum verða þau merkingarlaus.

Það er háð því hver er ráðherra á hverjum tíma hvort hann fer að lögum eða ekki. Stundum finnst mér að einhverjum hér á landi gæti dottið í hug hvort ráðherra ætti að hafa vald til að fría suma einstaklinga frá alvarlegum umferðarlagabrotum bjóði honum svo við að horfa.

## AF NETINU

### Sígildur vandi vinstri flokka

Ríkisstjórnir Stoltenbergs hafa reynst vera farsælar, en flokkur Halvorsens hefur verið að tapa fylgi. Mest var fylgi flokksins 12,1 prósent í þingkosningum 2001, en 2009 var það komið niður í 6,2 prósent. Það féll enn frekar í sveitarstjórnarkosningunum nú um helgina. Vinstri armur flokksins er óánægður með hvernig flokkurinn hefur samlagast stjórnarháttum kratanna í Verkamannaflokknum. Þar er innan um fólk sem vill rótttækar breytingar á þjóðskipulaginu. Þetta er hinn sígildi vandi sem vinstri flokkar lenda í þegar þeir fara að taka ábyrgð á stjórnarháttum í kapítalísku hagkerfi – hinir rótttækustu flæmast burt, en eftir sitja hinir pragmatísku með tálgað fylgi sitt.

Og nú er jafnvel talað um að SV muni yfirgefa ríkisstjórnina – og þá hugsanlega opna dyrnar fyrir flokkunum til hægri.

http://silfuregils.eyjan

**Egill Helgason**

### Fórnfýsi ráðherra

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, situr í ríkisstjórn sem fer gegn grunnhugsjónum hans í stjórnmálum. Nú síðast telur hann ríkisstjórnina vera að veikja Alþingi með því að leggja til að forsætisráðherra geti ákveðið skipan mála í stjórnarráðinu sbr. 15. grein stjórnarskrárinnar.
Þar áður hafði ríkisstjórnin sótt um aðild að Evrópusambandinu, þangað sem Jón ætlaði aldrei að ganga inn.

En Jón heldur fast í stólinn, – tilbúinn til að fórna sér í þágu lands og þjóðar.
Af hverju eru ekki fleiri eins og Jón?

http://blog.eyjan.is

**Eygló Harðardóttir**








DUDAMEL Á ÍSLANDI

Ein skærasta stjarna tónlistarinnar

18. september kl. 20.00

Tryggið ykkur miða

Fyrsta erlenda gestahljómsveitin í Hörpu:
Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar

Á efnisskrá tónleikanna er meðal annars frumflutningur verksins Tiger Touch eftir Karin Rehnqvist, Sinfónía nr. 6 eftir Tchaikovsky og Klarinettukonsert eftir Mozart. Einleikari er Martin Fröst

www.harpa.is

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

Stoltir bakhjarlar Hörpu
Arion banki
ICELANDAIR WWW.ICELANDAIR.IS

ÍSLENSKA SIA.IS HAR 56314 09/11

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**KRISTJÁN ELDJÁRN** (1916–1982), þriðji forseti Íslands, lést þennan dag.

*„Það er ekki svo auðvelt að beita mikilli gamansemi í þessu embætti.“*



**TÓNLISTAR-MAÐURINNN NAS**
er 37 ára.



**SAM NEILL**
leikari
er 64 ára.



**MELISSA LEO**
leikkona
er 51 árs.



**KIMBERLY WILLIAMS**
leikkona
er fertug.

**ÞETTA GERÐIST:** 14. SEPTEMBER 1848

## Dómkirkjan vígð öðru sinni

Dómkirkjan í Reykjavík er embættiskirkja biskups Íslands og þar með höfuðkirkja hinnar Lúthersku þjóðkirkju Íslands sem og sóknarkirkja nokkurra elstu hverfa Reykjavíkur. Hún er staðsett við Austurvöll, og við hlið hennar er Alþingishúsið. Dómkirkjan var fyrst vígð 6. nóvember árið 1796. Ekki leið þó á löngu þar til í ljós kom að byggingin þarfnaðist talsverðra endurbóta og var hún tekin í gegn árið 1817. Á næstum árum var smám saman byggt við kirkjuna skrúðhús og líkhús og hún hækkuð. Viðhald á kirkjunni lá niðri um árabil og var svo komið að hún var í algjörri niðurníðslu 1878. Þá var hún tekin algjörlega í gegn og vígð ári síðar. Kirkjunni hefur verið haldið vel við eftir það. Síðast var turninn færður í upprunalegt horf.

*Heimild: www.wikipediaorg.org*



MÓTORSMIÐJA: SETT Á FÓT Í VOGUM Á VATNSLEYSUSTRÖND

# Beina ungu fólki á rétta braut

„Fyrirhugað er að þarna fari fram margvísleg fræðsla, forvarnir og verkleg kennsla með það fyrir augum að aðstoða ungmenni á krossgötum að ná aftur fótfestu í lífinu, með undirbúningi að annaðhvort námi eða starfi við sitt hæfi,“ segir Stefán Arinbjarnarson, frístunda- og menningarfulltrúi í Vogum á Vatnsleysuströnd þar sem mótorsmiðja verður stofnuð á morgun. Áætlað er að smiðjan taki til starfa í vetur.

Fyrirmyndin er sótt til starfsemi Fjölsmiðjunnar, sem er sjálfseignarstofnun í eigu Rauða krossins, sveitarfélaga og ríkisins. „Hún leggur áherslu á fyrrnefnda þætti og hefur verið rekin með ágætum árangri um nokkurra ára skeið. Þetta er vænlegur kostur fyrir krakka sem hafa kannski ekki fundið sig í íþróttum eða dæmigerðu félagslífi. Þeir blómstra alveg á þessum vettvangi þar sem vélaviðgerðir og bílabón er meðal þess sem þeir fá að spreyta sig á. Fyrir aðra er þetta bara fínasta viðbót ofan á allt hitt,“ segir Stefán og getur þess að lengi hafi verið í umræðunni innan sveitarfélagsins að bjóða ungmennum úrræði af þessu tagi.

„Almennur áhugi hefur verið fyrir því í Vogum að koma á fót mótorsmiðju og við stólum á að fólk sýni nú viljann í verki enda kemur starfsemin til með að byggja að mestu leyti á sjálfboðavinnu. Hér er fjöldi verkstæða og verkkunnátta góð og eigendur nokkurra þeirra segjast vilja leggja sitt af mörkum með því að miðla þekkingu sinni áfram til ungmennanna. Þá sjáum við fyrir okkur samstarf við akstursíþróttaklúbbinn hér og svo lögreglu um forvarnir og fræðslu, til að mynda umferðarfræðslu enda margir krakkar sem fara sinna ferða á reiðhjólum eða krossurum,“ segir Stefán, en tekur fram að fátt sé niðurneglt því væntanleg stjórn fái í sinn hlut að móta starfsemina.

„Stjórnin verður kjörin annað kvöld þegar stofnfundur mótorsmiðjunnar fer fram í gamla Skyggnishúsinu. Björgunarsveitin Skyggnir var þar áður til húsa í mörg ár og vinnuskólinn nú í sumar. Frístunda- og menningarnefnd Voga leggur húsnæðið nú til undir starfsemi mótorsmiðjunnar og ég kem til með að hafa faglegt eftirlit með starfinu án þess þó að ætla að vera með puttana í öllu,“ segir Stefán kíminn og vonast til að sjá sem flesta annað kvöld.

„Starfsemi mótorsmiðjunnar stendur auðvitað og fellur með íbúum Voga og nágrennis, fólki sem er tilbúið að leiðbeina ungmennunum og leggja framtakinu lið. Við höfum tekið með í reikninginn að þetta fari allt saman rólega af stað. Fyrstu skrefin verða að safna saman verkfærum og svo verður framhaldið, opnunartímar og þess háttar látið ráðast af mætingu og áhuga.“

roald@frettabladid.is



**FORVARNIR** „Þetta er vænlegur kostur fyrir krakka sem hafa kannski ekki fundið sig í íþróttum eða dæmigerðu félagsstarfi,“ segir Stefán um mótorsmiðjuna sem verður stofnuð í Vogum annað kvöld.



*Ástkær móðir okkar,*

**dr. Sigríður Þóra Valgeirsdóttir**

Klapparstíg 1, Reykjavík,

sem lést 3. september síðastliðinn, verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju þann 19. september nk. kl. 15.00.

**Dagmar Vala Hjörleifsdóttir**
**Sigríður Hjörleifsdóttir**
**Ingólfur Hjörleifsson**
**og fjölskyldur þeirra.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og afi,*

**Jón Guðlaugur Antoníusson**

Barðavogi 5,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Mörk, verður jarðsunginn frá Áskirkju fimmtudaginn 15. september kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á styrktarsjóð Skátúnsheimilisins.

**Elísabet Jóna Erlendsdóttir**
**Gerður Jónsdóttir**
**Sigrún Jónsdóttir**
**Birna Jónsdóttir**
**Erlendur Jónsson**
**Gísli Jónsson**
**Elísabet Sara Gísladóttir**
**Arnar Logi Gíslason**



*Innilegar þakkir fyrir allan stuðning og vináttu í veikindum og við útför okkar ástkæra*

**Birgis Björnssonar**

Miðholti 6, Hafnarfirði.

Hjartans þakkir til lækna og hjúkrunarfólks Landspítalans við Hringbraut og Líknardeildarinnar í Kópavogi. Sérstakar þakkir til Heimahlynningar Líknardeildarinnar sem annaðist hann og okkur af einstökum kærleika og fagmennsku. Alúðarþakkir til stórfjölskyldunnar og vina fyrir þeirra hjálp. FH-ingum og öllum þeim sem heiðruðu minningu Birgis við útförina og stofnun minningarsjóðs í hans nafni flytjum við innilegar þakkir og biðjum Guð að blessa allt þetta góða fólk.
Minningarsjóðurinn er 545-14-403070, kt. 540169-2769.

**Inga Magnúsdóttir**
**Magnús Birgisson** **Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Sindri, Pétur og Birgir Björn**
**Sólveig Birgisdóttir** **Finnbogi Kristinsson**
**Finnur og Jóhann Júlíus**
**Laufey Birgisdóttir** **Björgvin Óskarsson**
**Ágúst Elí og Inga María**
**langafabörnin Natasja, Aron Hans, Emma og Lilja**
**Finnsbörn**
**Annel Helgi Finnbogason**



*Hjartkær bróðir okkar og mágur,*

**Gunnar Örn Hámundarson**

bankamaður,
Barónsstíg 43, Reykjavík,

sem lést á heimili sínu sunnudaginn 4. september, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 15. september kl. 15.

**Hrafnhildur Hámundardóttir**
**Kolbrún Hámundardóttir** **Jón Guðnason**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna fráfalls og útfarar eiginkonu, móður, tengdamömmu, ömmu og langömmu,*

**Margrétar Gestsdóttur**

Kópavogsbraut 2, Kópavogi,

sem andaðist föstudaginn 19. ágúst síðastliðinn.

**Eyvindur Árnason**
**Árni Eyvindsson, Páll Eyvindsson, Helga R. Ármannsdóttir,**
**Kristjana J. Eyvindsdóttir, Sigurður H. Guðbjörnsson,**
**María W.H. Eyvindsdóttir, Hannes Eyvindsson,**
**Edda Vigfúsdóttir, barnabörn og barnabarnabörn.**





# Okkar hlutverk er að dreifa

## fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.

**Heyrðu í okkur næst þegar þú þarft á öruggri og hagstæðri dreifingarþjónustu að halda.**

**Póstdreifing** - Suðurhraun 1 - 210 Garðabær - Sími 585 8300 - www.postdreifing.is

Póst dreifing

# Kvartett Sunnu í Þjóðmenningarhúsi

Kvartett Sunnu Gunnlaugs er á leið í tónleikaferð til Þýskalands og Austurríkis í næstu viku. Áður en haldið verður út býðst Íslendingum þó tækifæri til að heyra í kvartettinum því hann ætlar að hefja ferðina með tónleikum í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu föstudaginn 16. september klukkan 2.

Kvartettinn skipa, auk Sunnu Gunnlaugs sem leikur á píanóið, þeir Óskar Guðjónsson sem leikur á saxófón, Toggi Jónsson bassaleikari og Scott McLemore sem leikur á trommur.

Aðgangseyrir er 2.000 krónur og einungis er tekið við reiðufé.



**SUNNA GUNNLAUGS** Heldur tónleika í Þjóðmenningarhúsinu ásamt kvartett sínum.

# Á sólríkum og skjólsælum stað

Fjallagullregn (Laburnum alpinum) að Greniteigi 9 í Reykjanesbæ varð fyrir valinu þegar Skógræktarfélag Íslands útnefndi tré ársins 2011. Það hefur náð 7,35 metra hæð. Einkum er það þó sérstaða þess og fegurð sem þykir verð viðurkenningar. Skógræktarfélag Íslands útnefnir tré ársins árlega en þetta er í fyrsta skipti sem tré á Suðurnesjum hlýtur þá upphefð.

„Það var lítið um trjágróður hér í bænum þegar við settum þetta tré niður árið 1959," segir Sigrún Guðjónsdóttir, eigandi trésins fagra. Hún þakkar manni sínum, Sigurði Einarssyni, þá hugkvæmni að kaupa gullregn og segir þá tegund hafa verið sjaldgæfa á Íslandi á þessum tíma. „Sigurður var mun betri í garðyrkjunni en ég. Hann setti tréð á sólríkan og skjólsælan stað við húsið og þess vegna hefur það dafnað svona vel," segir Sigrún sem missti eiginmanninn fyrir nokkrum árum. Nú er barnabarn þeirra, Sigurður Bjarnason, að koma sér fyrir á neðri hæð hússins svo hið fagra tré mun gleðja ættingjana áfram.

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, veitti Sigrúnu viðurkenninguna og Árni Sigfússon bæjarstjóri flutti einnig ávarp af þessu tilefni. **- gun**



**TRÉ ÁRSINS 2011** „Við reiknuðum ekki með að tréð næði þessari stærð og höfum þurft að saga af því greinar sem sneru að húsinu," segir Sigrún um fjallagullregnið sitt. MYND/SIGURÐUR BJARNASON

# Ljóðahátíð í Eyjafirði

Síðustu helgina í september verður haldin Ljóðahátíð í Eyjafirði. Aðstandendur hennar eru Verksmiðjan á Hjalteyri, Populus tremula og Skógræktarfélag Eyfirðinga. Hin árlega Ljóðaganga í eyfirskum skógi verður að þessu sinni hluti hátíðarinnar og nú haldin í Grundarskógi í Eyjafirði.

Hópur góðskálda heimsækir Eyjafjörð og les ljóð sín fyrir heimamenn og gesti. Skáldin sem fram koma eru: Guðbrandur Siglaugsson, Kristín Ómarsdóttir, Anton Helgi Jónsson, Bjarni Gunnarsson, Gerður Kristný og Ísak Harðarson.



**KRISTÍN ÓMARSDÓTTIR**

Ljóðahátíðin hefst með ljóðakvöldi í Verksmiðjunni á Hjalteyri kl. 21.00 föstudaginn 23. september. Laugardaginn 24. september verður síðan farin Ljóðaganga í Grundarskógi í Eyjafirði og hefst hún kl. 14.00. Dagskránni lýkur með ljóðakvöldi í Populus tremula á Akureyri á laugardagskvöld kl. 21.00.

Aðgangur verður ókeypis og öllum heimill. Malpokar leyfðir.



**FRÍKIRKJAN** Hádegistónleikar verða í Fríkirkjunni alla miðvikudaga fram í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ljáðu okkur eyra í Fríkirkjunni

„Ljáðu okkur eyra" er röð hádegistónleika sem haldnir eru á hverjum miðvikudegi í vetur í Fríkirkjunni í Reykjavík. Fyrstu tónleikarnir verða í hádeginu í dag og þeir síðustu 7. desember.

Listrænn stjórnandi og gestgjafi þessarar óvenjulegu tónleikaraðar er píanóleikarinn og hljómsveitarstjórinn Gerrit Schuil, en tónleikarnir hefjast ævinlega kl. 12.15 og standa í hálftíma. Í upphafi þeirra býður gestgjafinn fólk velkomið og kynnir verkin sem flutt verða. Dagskrá hverra tónleika er ekki auglýst fyrir fram né flytjendur.

Aðgangur er ókeypis, en minni háttar framlag til flytjenda í lok tónleika er vel þegið.

# Aukafundur Leynifélags

Í tilefni af Degi íslenskrar náttúru sem haldinn verður í fyrsta sinn 16. september næstkomandi verður haldinn aukaaðalfundur Leynifélagsins að morgni þess dags. Leynifélagið er útvarpsþáttur fyrir krakka á aldrinum 5-11 ára. Félagið heldur fundi í félagsheimilinu Leynilundi fjórum sinnum í viku, mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga klukkan 20. Fundunum er útvarpað á rás eitt á RÚV og allir sem hlusta eru sjálfkrafa félagar. Á föstudaginn verður fundartíminn hins vegar óvenjulegur eða klukkan 9.45 að morgni dags. RÚV útvarpar fundinum á rás eitt og hefur umhverfisráðuneytið hvatt til þess að skólabörn leggi við hlustir á þessum tíma. Þá geta kennarar farið inn á vef Námsgagnastofnunar www.nams.is og fundið skemmtileg verkefni sem hægt er að vinna í framhaldinu.



**LEYNIFÉLAGSKONUR** Þær Brynhildur Björnsdóttir og Kristín Eva Þórhallsdóttir sjá um útvarpsþáttinn Leynifélagið.



†

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, stjúpmóðir, amma og langamma,*

**Guðný Ástrún Valdimarsdóttir**
handavinnukennari,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ að kvöldi sunnudagsins 11. september. Jarðarförin auglýst síðar.

**Magnús Þór Aðalsteinsson**
**Steinunn Brynjarsdóttir**
**Guðný Aðalsteinsdóttir**
**Bryndís Björnsdóttir**
**Magni S. Sigmarsson**
**Ásdís Björnsdóttir**
**Guðni Már Harðarson**
**Brynjar Steinn Magnússon**
**og langömmubörn.**



†

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Helga Þóra Jakobsdóttir**
Drekavöllum 18, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þriðjudaginn 6. september. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju fimmtudaginn 15. september kl. 15.00. Aðstandendur þakka starfsmönnum Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir einstaklega kærleiksríka umönnun.

**Böðvar Guðmundsson**
**Guðmundur Böðvarsson**
**Jakob Már Böðvarsson**
**Gísli Ölvir Böðvarsson**
**Þóra Sigurjónsdóttir**
**Hlíf Böðvarsdóttir**
**Kristmann Rúnar Larsson**
**barnabörn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



†

*Okkar ástkæri*

**Guðjón Bjarnason**
Snælandi 6, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 12. september.

**Gunnur Jónasdóttir**
**Þuríður Guðjónsdóttir**
**Þórhallur Vigfússon**
**Daníel Þórhallsson og Elísabet Þórhallsdóttir**



†

*Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Jóel Jónsson**
Lindargötu 57, Reykjavík,

lést 7. september á LSH Fossvogi. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 15. september kl. 13.

**Þórdís Elín Jóelsdóttir**
**Gunnar Gunnarsson**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sveinn Guðmundsson**
rafmagnsverkfræðingur,
Aðalstræti 8, Reykjavík,

lést á lungnadeild Landspítala í Fossvogi 7. september síðastliðinn. Útför hans verður frá Dómkirkjunni föstudaginn 16. september kl. 13.00.

**Ingrid Guðmundsson**
**Sólveig Sveinsdóttir**
**Thierry Clairiot**
**Guðmundur Sveinsson**
**Arianne Gähwiller**
**Sigrún Sveinsdóttir**
**Yoshihiko Iura**
**Sveinn Ingi Sveinsson**
**Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir**
**Ríkharður Sveinsson**
**Jóna Kristjana Halldórsdóttir**
**Benedikt Sveinsson**
**Anna White**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Þökkum af alhug samúð og vinarhug við andlát og útför okkar kæru*

**Maríu Pálsdóttur**
Furulundi 11d, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlynningar á Akureyri og lyflækningadeildar Sjúkrahússins á Akureyri fyrir einstaka umhyggju og umönnun í veikindum Maríu.

**Páll Jónsson**
**Kolbrún Björk Ragnarsdóttir**
**Lovísa Jónsdóttir**
**Óskar Þór Halldórsson**
**Steingrímur Jónsson**
**Árún K. Sigurðardóttir**
**Jón Árni Jónsson**
**Sigríður Stefánsdóttir**
**Stefán Jónsson**
**Yean Fee Quay**
**Þóra Jónsdóttir**
**Björn Halldórsson**
**barna- og barnabarnabörn.**



**Ferðamálastofa** auglýsir eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna árið 2011. Verðlaunin hafa verið veitt frá árinu 1995 og er tilgangur þeirra að beina athyglinni að þeim ferðamannastöðum eða fyrirtækjum í ferðaþjónustu sem sinna umhverfismálum í starfi sínu og framtíðarskipulagi. Sjá nánar á ferdamalastofa.is.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457




**Flottir dömuskór úr leðri í úrvali**

Teg: 37248 • Stærðir: 36 - 40
Litir: rautt, grátt og svart
Verð: 16.485.-

Misty skór
Laugavegi 178

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.

Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

Umhverfisvænn
FERNOX MAKES WATER WORK
frostlögur
fyrir hita og kælikerfi

- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni – umhverfisvænt
- Léttir dælingu

Heildsöludreifing • Skemmuvegur 10 • Sími 567 1330 • www.hringas.is
Hringás

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >



Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Eirberg



**Rafskutlur**
-frelsi og nýir möguleikar

Einfaldar í notkun og hagkvæmar í rekstri

Ný kynslóð

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 -16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

praxis
... þegar þú vilt þægindi



Boston
leður
svart,hvítt,blátt,rautt
kr 9.990

Mónako
Rúskinn og mikrofíber
hvítt,svart
36-46
kr.7.500

Lissabon
leður
svart,hvítt
st. 36-42
kr. 8.900

Verona
svart,hvítt
st.36-41
kr.7.900

París
leður
svart,hvítt,blágrátt
st. 36-42
kr.9.500

Amsterdam
leður
svart,hvítt
st.36-42
kr. 6.900

**Opið mán. – fös.**
**kl. 11–17**

**Lokað á laugardögum**

**Boníto ehf. Praxis / praxis.is / friendtex.is**
**Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878**


**Hjálmtýr Daregård er fyrstur Íslendinga til að taka þátt í Robinson sem er sænskur Survivor.**



# Valinn úr níu þúsundum

Ég vissi að þetta ævintýri yrði svakalega erfitt, krefjandi og skemmtilegt,“ segir hinn 22 ára Hjálmtýr Daregård, um þátttöku sína í raunveruleikaþættinum Robinson, sem er sænskur Survivor-þáttur. Hann var einn af tuttugu sem valdir voru úr 9000 manna hópi. Efnið var tekið upp á Filippseyjum, nú í vor. Hjálmtýr segir hungrið hafa verið hvað erfiðast enda léttist hann um tíu kíló á þremur og hálfri viku. „Þegar ég sá mig í spegli á eftir þekkti ég varla sjálfan mig,“ segir Hjálmtýr sem einnig þurfti að leysa ýmsar magnaðar þrautir innan um eitraða snáka, sporðdreka, banvænar marglyttur, moskítóflugur, skriðdýr og fleira kvikt.

;FRAMHALD | 2




Frábærar
Steel function
salattangir
5.490 kr.

Motivo
Hönnun, tíska og gjafavara
Austurvegi 9 • Selfossi • Motivo.is



**Sumarferðir** bjóða upp á golf- og borgarferð til Dublin í lok mánaðarins. Gist er á Deer Park hóteli sem stendur á einu stærsta golfsvæði Írlands. Það er aðeins 15 kílómetrum frá miðbæ Dublin. Sjá nánar á www.sumarferdir.is











REYNSLUAKSTUR



Fjöltækniskjár opnar ýmsa möguleika.



Hugað er að smáatriðum í hönnun.



Nýi Yarisinn er sportlegri en áður.

# Breyting til batnaðar

**Nýr Toyota Yaris var kynntur fyrir blaðamönnum í Kaupmannahöfn á dögunum. Um er að ræða þriðju týpuna frá því að Yaris var settur á markað árið 1998. Toyota hefur í heildina tekist mjög vel til.**

Ný gerð Yaris er væntanleg til Íslands um mánaðamótin október/nóvember og eflaust margir sem bíða spenntir enda hefur Yaris verið með vinsælli smábílum á landinu.

Væntanlegir kaupendur ættu ekki að verða fyrir vonbrigðum. Hinn nýi Yaris hefur verið tekinn nokkuð í gegn að innan sem utan. Framhluti bílsins er nú mun sportlegri en áður. Spila þar inn í kúptar línur og skásett framljós. Þannig á Yaris að vera fyrsti bíllinn til að skarta þessu útliti sem einkenna mun Toyotabifreiðar næstu árin. Hlutfallslegri stærð grilla hefur verið breytt með það að markmiði að ljá Yarisnum karlmannlegra útlit en áður.

Enn fleiri breytingar er að finna innandyra. Mælaborðið hefur tekið miklum breytingum til batnaðar. Í fyrstu útgáfu Yaris voru mælarnir fyrir miðju bílsins sem bæði var óþægilegt og ljótt. Hönnuðir bílsins hafa í þetta sinn valið mun hefðbundnari leið. Mælarnir eru nú beint fyrir framan stýrið og fyrir miðju er stolt hönnuðanna, fjöltækniskjár. Toyota Touch & go er uppfullur af möguleikum. Fyrir utan hin venjubundnu stjórntæki er þar að finna bakkvél. Þar er hægt að tengja síma og tónhlöður. Í honum er vegaleiðsögutæki fyrir bæði Ísland og fleiri lönd og með bluetooth má tengja kerfið við Google-maps og færa inn leiðir og staðsetningar. Á skjánum er hægt að senda sms auk þess sem skjáinn má tengja við samskiptasíðuna Facebook.

Fleira innanstokks vekur athygli. Natni hefur verið lögð í smáatriði. Þannig er stýrið sportlegt og appelsínugulir saumar á því og gírstönginni gefa ríkmannlega tilfinningu. Notað er mjúkt plastefni í mælaborð og meira króm en áður sem gefur fallega heildarmynd. Stór sóllúga er á flestum gerðum og fyrir vikið verður bíllinn mjög bjartur.

Aksturseiginleikar bílsins eru fínir. Hann fer vel hvort sem er á hlykkjóttum sveitavegum eða þröngum borgarstrætum. Beygjuradíusinn er 4,7 m sem kemur sér ágætlega á þröngum götuhornum. Hann er mun rýmri en maður skyldi ætla af ytra útliti. Það var enda ein af þeim breytingum sem gerð var á bílnum, hann er nú með meira innra rými og betra pláss er fyrir farþega í aftursæti. Þó að bíllinn sé lengri en hann var áður er hann samt tuttugu kílóum léttari en fyrri gerðin.

Þrjár vélagerðir verða í boði og hver gerð fáanleg í nokkrum útfærslum. Skemmtilegust var þó 1,4 l dísilvélin með MM-sjálfskiptingu. Krafturinn var nægur, hestöflin 90 en togið 205 Nm. Af öðrum útfærslum má nefna Yaris Terra með 1,0 l bensínvél, beinskiptur og Yaris Sol með 1,33 l bensínvél og fæst annaðhvort beinskiptur eða sjálfskiptur.

Eyðslan er einnig góð fyrir budduna en Yaris eyðir frá 4,8 lítrum af bensíni en dísilvélin frá 3,9 l af olíu.

*solveig@frettabladid.is*

### Yaris Terra

**Vél:** 1,o l bensín beinskiptur
**hö:** 69 hö/93NM
**Eyðsla, bl. akstur:** 4,8 l/100 km
**0-100 km/klst:** 15,3
**Verð:** 3 dyra 2.645.000. 5 dyra 2.745.000

### Yaris Sol

**Vél:** 1,33 l bensín beinskiptur eða sjálfskiptur
**hö:** 99/125 Nm
**Eyðsla, bl. akstur:** 5,0-5,4 l/100 km
**0-100 km/klst:** 11,7/12,3
**Verð:** Beinskiptur 2.945.000, sjálfskiptur 3.045.000.

### Dísilútgáfan

**Vél:** 1,4 l dísilvél beinskiptur/sjálfskiptur
**hö:** 90/205 Nm
**Eyðsla, bl. akstur:** 3,9-4,0 l/100 km
**0-100 km/klst:** 10,8/13,2 (MM)
**Verð:** Beinskiptur kostar 3.195.000 í Terra útfærslu. Sol útfærsla kostar 3.295.000. Með MM skiptingu kostar hann 3.430.000











Framhald af forsíðu



1,3 miljónir manna fylgdust með fyrsta þættinum af Robinson 2011.

Hjálmtýr er hálf sænskur og hálf íslenskur og hefur búið í löndunum til skiptis. Nú er hann í Svíþjóð og stundar nám við Viðskiptaháskólann í Stokkhólmi, auk þess að starfa við byggingarfyrirtæki fjölskyldunnar. Hann er að skrifa bók, undirbúa Íslandsferð í vetur með 50 manna hóp, og góðgerðastarf í Afríku er á dagskránni. „Èg er mjög stoltur af að vera íslenskur og kem í heimsókn þrisvar til fimm sinnum á hverju ári," segir hann.

Þetta er fjórtánda árið sem Robinson er á dagskrá. Alls fylgdust 1,3 milljónir með fyrsta þættinum þetta haustið. Næsti þáttur er annað kvöld, fimmtudag, klukkan 20 að sænskum tíma á TV4, sem er opin stöð. Einnig er hægt að nálgast þáttinn á www.tv4play.se/noje/robinson

*gun@frettabladid.is*

## Skerpukjöt, knettir og fríkadellur

FÆREYSKIR DAGAR STANDA YFIR HJÁ SMURBRAUÐSSTOFU SYLVÍU. ÞAR BÝÐUR SYLVÍA UPP Á HEFÐBUNDINN FÆREYSKAN MAT FRAM Á LAUGARDAG.

Færeyskir dagar standa yfir hjá Smurbrauðstofu Sylvíu á Laugavegi 170. Þar býður Sylvía upp á hefðbundinn færeyskan mat fram á laugardag. Smurbrauðsstofa Sylvíu er lítil og hlýleg. Þar ræður ríkjum Sylvía Lockey Gunnarstein smurbrauðsjómfrú og smyr ofan í fólk girnilegt smurbrauð af ýmsu tagi. Sylvía er frá Færeyjum og hefur í gegnum tíðina haldið færeyska daga á smurbrauðsstofu sinni. Færeyskir dagar hófust einmitt hjá henni í gær og standa fram á laugardaginn 17. september.



Sylvía með skerpukjötið og fleira færeyskt góðgæti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það er erfitt að fá færeyskan mat á Íslandi og því fannst mér sniðugt að hafa færeyska daga hér hjá mér," segir Sylvía sem býður upp á ýmislegt þjóðlegt góðgæti næstu daga. „Ég verð til dæmis með skerpukjöt sem ég bý til sjálf," upplýsir hún en skerpukjöt er lambalæri sem hangir uppi og er þurrkað en þó ekki jafn mikið og harðfiskur. „Ég verð einnig með svokallaða knetti sem eru soðnar fiskibollur á stærð við appelsínur. Þá býð ég líka upp á steiktar fiskibollur eða fríkadellur og færeyska rúllupylsu," segir hún og útskýrir að færeyska rúllupylsan sé svipuð þeirri íslensku nema hún bæti í hana púðursykri.

Sylvía mun einnig bjóða upp á færeyska kjötsúpu, ræstkjötsúpu. „Hún er svipuð íslensku kjötsúpunni en hún er miklu sterkari," segir Sylvía og mælir sérstaklega með súpunni.

*- sg*




# LJÓS&LAMPAR

MIÐVIKUDAGUR 14. SEPTEMBER 2011 | **Kynningarblað** Ljósahönnun, ljósaperur, díóður, halogen, lampar, skermar, loftljós, áralöng reynsla .


# Rómantísk, íslensk haustbirta

**Haustið er rómantískur tími, þegar daginn fer að stytta og hugguleg útiljós kallast á við tilkomumikið sólsetrið. Hjá Prodomo, sýningarsal S. Guðjónsson í Auðbrekku, fást íslensk útiljós í ætt við eldgos.**

Þegar hausta tekur og daginn fer að stytta huga húseigendur gjarnan að útilýsingu. Margir hafa notað sumarið til pallasmíða og vantar nú falleg garðljós til að fullkomna verkið og lýsa upp pallinn og nánasta umhverfi hans,“ segir Skarphéðinn Smith, framkvæmdastjóri S. Guðjónsson sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á lýsingarbúnaði í sýningarsal sínum í Kópavogi.

Skarphéðinn bendir á að oft sé farið af stað með uppsetningu útiljósa án þess að aðgæta hvort ljósin passi í raun umhverfi sínu.

„Lýsingu þarf því að ígrunda vel og gott að leita til fagfólks áður en hafist er handa. Hjá okkur tekur lýsingarhönnuður á móti fólki og hjálpar því að leysa málið á besta veg,“ segir Skarphéðinn og leggur áherslu á að margt þurfi að hafa hugfast svo útkoman verði góð.

„Fyrir fólk utan af götunni er erfitt að vita um bestu úrræðin þegar skapa á fallega útilýsingu. Að mörgu er að huga, eins og gróðri í görðum, sem gegnir veigamiklu hlutverki þegar kemur að samspili lýsingar og umhverfis. Þannig eiga við mismunandi lausnir eftir því hvort lýsa eigi upp göngustíga og beð með lágum gróðri, grjót, hellur eða göngustíga með hærri gróðri til hliðanna,“ segir Skarphéðinn og bendir á að lýsing á sólpöllum sé æði misjöfn líka.

„Á einum stað getur dauf, óbein lýsing hentað best, en annars staðar er þörf á góðri lýsingu, eins



Skarphéðinn Smith, framkvæmdastjóri S. Guðjónsson. MYND/PJETUR

og við grill og útiborð þar sem fólk þarf að sjá vel til,“ útskýrir Skarphéðinn. „Þegar kemur að lýsingu í þakskeggjum er líka úr vöndu að ráða og þarf meðal annars að gæta að því að staðsetja lampa og skær útiljós fjarri svefnherbergisgluggum til að losna við við óæskilega birtu sem truflar nætursvefn.“

> **Lýsingu þarf því að ígrunda vel og gott að leita til fagfólks áður en hafist er handa. Hjá okkur tekur lýsingarhönnuður á móti fólki og hjálpar því að leysa málið á besta veg**

### Perurnar skipta máli

Við íslenskar aðstæður þarf að vanda vel val á ljósgjafa í útiljós.

„Það segir sig sjálft að 230 volta halógenperur henta ekki því endingartími þeirra við kjöraðstæður er aðeins 1.500 til 2.000 klukkustundir. Hérlendis skiptast á frost og þíða sem gerir endingu ljósapera mun minni. Ákjósanlegast er því að nota sparperur með allt að tífaldri endingu halógenpera, en sá galli fylgir sparperum að stærð þeirra passar ekki í hvaða ljós sem er, ásamt því að birta þeirra er flatari en fólk á að venjast,“ upplýsir Skarphéðinn og minnir á nýjasta kostinn í peruhillum landsins, sem eru ljóstvistar eða LED (díóður).

„Ljóstvistur er enn fremur dýr valkostur, en sparneytni og góð lýsing hans er ótvíræð, ásamt endingu í allt að 50 þúsund klukkustundir.“

### Minna er betra

Íslensk byggðarlög eru langflest við sjó og því mikil selta í lofti. Skarphéðinn segir það vega þungt þegar valin eru útiljós.

„Hérlendis bresta á veður sem þekkjast ekki annars staðar og mikilvægt að kaupa vandaðan ljósabúnað. Útiljós með álumgjörð eru vinsæl, en þá stendur valið á milli ódýrra eða dýrari ljósa. Velji menn fyrri kostinn blasir við viðhald og sprautun á nokkurra ára fresti, sem þarf ekki að vera slæmur valkostur. Hágæða álljós eru dýr, en munurinn felst í sérblönduðu áli sem laust er við kopar sem er í ódýrari áli. Þá eru vandaðri álljós sérmeðhöndluð, yfirborð þeirra sýru- og efnaþrifið, og lökkun þess óhefðbundin með rafmögnun epoxy-efna og húðun bakaðri við háan hita,“ útskýrir Skarphéðinn sem býður þjónustu reynslumikils starfsfólk.

„Gamla, góða viðmiðið „minna er betra“ er í fullu gildi og fátt verra en yfirlýstir garðar. Skuggar þurfa að leika um garðinn til að fá í hann karakter og fallegasta lýsingin er sú þar sem næst rétt samspil ljóss og skugga.“

Prodomo/S. Guðjónsson er til húsa í Auðbrekku 9-11 í Kópavogi. Heimasíða er prodomo.is


Hugguleg díóðu-útilýsing frá S.Guðjónsson við Hótel Loftleiðir. MYND/ÁRNI TORFASON


Dæmi um fallegt samspil ljóss og skugga með útiljósum frá S. Guðjónsson við Hörpu. Lýsing hönnuð af Verkís. MYND/RÖJ/VERKÍS

# Katla í garðinum heima


Þessi lági ljósastaur kallast Magni í höfuðið á aðalgígnum í gosinu á Fimmvörðuhálsi. MYND/ÁRNI TORFASON

Íslenskir ljósahönnuðir hafa látið ljós sitt skína eftir bankahrunið 2008, en þá hækkuðu innflutt ljós mjög í verði. Íslensk útiljós eru í senn falleg og hagstæður kostur. Mikið er lagt upp úr gæðum og góðu úrvali, eins og sjá má í sýningarsal Prodomo þar sem íslensk ljós eru fyrirferðarmikil þessa dagana.

„Íslensku ljósin eru innblásin af náttúru landsins, og ekki síst eldfjöllum og eldgosum með allri sinni birtu- og litadýrð. Nafngift þeirra er skemmtileg, eins og Askja, Katla og Magni, að ógleymdum Mola,“ segir Skarphéðinn um heillandi ljósadýrð Prodomo.

Ljósin fást flest í hvítu, svörtu og álgráu, en auðvelt er að láta framleiða og húða lampa í nánast hvaða lit sem er.

„Við leggjum áherslu á að framleiðendur okkar vandi mjög til smíði og húðun ljósanna sem öll eru pólýhúðuð og bökuð, en það tryggir góða endingu á yfirborði ljósa.“


Íslenska útiljósið Moli á sér tilvísun í glóandi hraunmola og gefur frá sér afar hlýja og notalega birtu. MYND/ÁRNI TORFASON

# Frægir og furðulegir

**Lampa- og ljósahönnun hefur lifað blómlegu lífi allt frá því að Thomas Edison fann upp ljósaperuna í lok nítjándu aldar. Síðustu áratugi hafa hönnuðir fengið úr enn meiru að spila með tilkomu flúor-, halogen- og díóðuljósa og er niðurstaðan oft á tíðum afar skemmtileg. Hér eru nokkrir flottir, frægir eða furðulegir lampar.**



Poul Henningsen hannaði þennan lampa fyrst 1957 en hann hefur verið endurgerður margsinnis.




Ljós í dós eða Canned Light heitir þessi lampi eftir Ingo Maurer. Maurer er þekktur fyrir frumlega ljósahönnun en hér hefur hann fengið að láni hina þekktu Campbells-tómatsúpudós sem hefur orðið fleiri listamönnum, eins og til dæmis Andy Warhol, innblástur.



Andalampinn eftir Sebastian Errazuriz er furðulegur og hálf ógeðslegur. Ekki þykir furða að lampinn var ekki ætlaður á almennan markað og stendur því einn og sér sem sérstæð hönnun Errazuriz.



Hann tekur ákaflega lítið pláss límmiðalampinn Tall&Tiny eftir Alice Rosignoli. Lampinn er eins og áður segir límmiði sem hægt er að líma hvar sem er og er hvergi fyrir.



Hönnunarfyrirtækið Büro für Form hannaði þennan sérstaka lampa árið 2008. Ljósdropinn liðast niður lampastöngina og líkist á margan hátt einhvers konar furðuveru eða geimveru.

# Lýsingarhönnun er ódýr og áhrifarík lausn

**Verslunin Pfaff, Grensásvegi 13, hefur í sinni þjónustu lýsingarhönnuðinn Einar Svein Magnússon, sem býður viðskiptavinum upp á ráðgjöf um lýsingu og lýsingarhönnun.**

Lýsing er orðin miklu flóknari en hún var,“ segir Einar Sveinn Magnússon, lýsingarhönnuður hjá Pfaff. „Það eru komnar alls konar perur og alls konar búnaður, þannig að fólk er pínulítið áttavillt. Við bjóðum upp á ókeypis ráðgjöf sem felst í því að við komum heim til fólks og skoðum aðstæður og bendum á þær lausnir sem henta á hverjum stað. Þá erum við að hugsa um það hvernig lýsingin kemur út útlitslega og hvaða birta hentar hverjum aðstæðum. Fólk er líka farið að velta því meira fyrir sér hversu lengi ljósgjafinn endist og hvað hann eyðir miklu rafmagni. Það á ekki síst við um útilýsingu. Það langar engan að fara kannski sex sinnum á ári að skipta um peru í útiljósum. Fólk er orðið betur meðvitað um það að ending og rafmagnseyðsla eru lykilatriði þegar lýsing er valin. Fyrir utan það að það er hægt að gera miklar útlitsbreytingar á heimilinu með litlum tilkostnaði bara með því að breyta lýsingunni.“



„Fólk er alltaf að verða meðvitaðra um hversu sterkt samspil ljóss og heilsu er,“ segir Einar Sveinn Magnússon, lýsingarhönnuður hjá Pfaff, Grensásvegi 13. MYND: VALLI

Ráðgjöfin er hluti af þjónustu Pfaff við viðskiptavini og er ókeypis.

Lýsingarhönnun er líka í boði hjá Pfaff og að sögn Einars er þá farið dýpra í hlutina.

„Við hönnum lýsingu bæði fyrir nýbyggingar og eldra húsnæði og teiknum upp lýsinguna. Ef um nýbyggingu er að ræða þarf til dæmis að ákveða fjölda og staðsetningu ljósastæða, bæði innan dyra og utan. Það er ekkert sem breytir umhverfinu jafnmikið og lýsing, fyrir nú utan það að maðurinn þrífst á ljósi og lýsing hefur mikil áhrif á sálarástand fólks. Nú er farið að dimma á kvöldin og fólk má ekki spara við sig lýsingu þótt ég sé ekki þar með að mæla með einhverri skurðstofubirtu. Lýsingin þarf að byggjast á því hvað er verið að gera hverju sinni. Stundum viljum við búa til kósístemningu og svo er auðvitað nauðsynlegt að búa til nótt í heilanum okkar, þannig að það má heldur ekki hafa flennibirtu allan sólarhringinn. Fólk er alltaf að verða meðvitaðra um hversu sterkt samspil ljóss og heilsu er og hvað það skiptir miklu máli að lýsingin sé rétt.“ Starfsheitið lýsingarhönnuður er kannski fyrst og fremst tengt leikhúsi í hugum fólks en Einar segir að lýsingarhönnuður gegni nákvæmlega sama hlutverki inni á heimilum og í leikhúsinu. „Hönnuður leikhússlýsingar ákveður hvað það er sem áhorfandinn horfir á með því að lýsa það upp og það sama gerum við inni á heimilinu. Starf okkar er í raun ósköp einfalt; við erum að leika okkur með ljós og skugga og ákveða hvar er horft og hvar ekki. Það er auðvitað einfaldara á heimili en í leikhúsi en grundvallarlögmálin eru þau sömu.“

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson benedikt@365.is. s. 512 5411. | **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.





## KOMMÓÐA OG LJÓSAVERK



**Japanski hönnuðurinn** Shinobu Koizumi hefur hannað ljósakommóðu með margþætt notagildi. Hún er með 27 skúffur undir alls kyns smáhluti en lýsir um leið upp tilveruna í kring. Með því að opna og loka skúffunum á víxl má skapa síbreytilega birtu og búa til alls kyns munstur. Í rökkri má því hæglega breyta kommóðunni í hálf-gert ljósaverk.

Skúffurnar sjálfar eru úr plasti sem er lýst upp með ljósi. Framhliðin er úr tré en höldurnar eru skrúfgangur af ljósaperu. Hönnuðurinn vill skapa ævintýrastemningu. „Þú opnar skúffurnar og þær lýsa upp spennandi innihaldið.“

*Heimild: www.designboom.com*




Sérfræðingar í LÝSINGARHÖNNUN

VERKÍS
Verkfræðistofa

Ármúla 4 | 108 Reykjavík | 422 8000 | www.verkis.is







## STILLANLEG LÝSING VIÐ LESTUR

**Lestur við lélega lýsingu** getur valdið höfuðverk og þreytu. Þegar glugga á í bók skal því hafa nokkur atriði í huga.

Ljósið má hvorki vera of bjart né of dauft. Flúorperur eru til dæmis mjög bjartar og eiga það til að blikka eða titra örlítið. Þær geta ýtt undir mígreni hjá þeim sem eru veikir fyrir og henta því ekki sem lesljós. 100 watta perur henta vel til lesturs

Gott er að nota einn lampa með sveigjanlegurm hálsi og stillanlegri hæð svo hægt sé að stilla hvernig lýsingin fellur á blaðsíðurnar og forðast endurkast. Lestur af tölvuskjá getur einnig reynt á augun svo ef ætlunin er að hafa notalega lestrarstund ætti að grípa bók.

*www.ehow.com*



## LJÓSIN TENDRUÐ

**Fyrstu rafljósin** á Íslandi voru kveikt í fimmtán húsum í Hafnarfirði í desember árið 1904 er lítil vatnsaflsvirkjun Jóhannesar Reykdal við Hamarskotslæk var gangsett. Meðal húsanna sem fengu þessa lýsingu voru tvö stærstu hús bæjarins, barnaskólinn og Góðtemplarahúsið. Einnig voru tendruð fjögur götuljós.

Rúmum tuttugu árum fyrr hafði hugvitsmaðurinn Thomas Edison tekið í notkun fyrstu rafveitu í heimi.

*Heimild/www.rafmagn100.is*

## LÍKT EFTIR DAGSBIRTU

**Lýsing á baðherbergi** þarf að sýna form og húðlit á sem eðlilegastan hátt og er dagsbirtan oftast best til þess fallin. Hún stendur hins vegar ekki alltaf til boða og þá þarf að reiða sig á rétta lýsingu.



Góður loftlampi er nauðsynlegur en auk þess er gott að koma halógenkösturum fyrir ofan við spegilinn. Stundum er gott að setja lýsingu beggja megin við. Best er að velja ljósa liti á veggflísar og loft því þannig endurkastast ljósið best.

## SVARTHOLIN LÝST UPP

**Sumar kventöskur** eru eins og svarthol að innan, einkum þær sem eru í stærri kantinum. Það veldur því að erfitt er að finna þar nokkurn einasta hlut. Oft þarf að tína nánast allt upp úr töskunum meðan leit stendur yfir að einhverju tilteknu sem þar á að vera og ekki finnst við þreifingu. Yfirleitt finnst það þó á endanum því svona svartholstöskur leyna á sér.

Mikið hagræði er í að koma sér upp litlu vasaljósi til að bregða birtu á innihald töskunnar. Ljósið þarf að eiga sinn ákveðna stað í litlu hólfi svo ekki þurfi að byrja á að leita að því. Best er að hafa það fest við töskuna með einhverjum hætti.



## AF HVERJU SPRINGA LJÓSAPERUR?

**Í venjulegum ljósaperum** er fínn málmþráður sem hitnar og fer að glóa þegar rafstraumur er leiddur um hann. Við notkun eyðist vírinn smám saman þannig að hann verður grennri sums staðar. Þetta endar með því að málmþráðurinn fer í sundur.

Þegar það gerist getur hlaupið neisti á milli sem getur leitt til lítillar sprengingar. Það heyrist hljóð og ljósblossi sést. Neistanum fylgir rafstraumshögg sem stundum veldur því að næm öryggi eða vartappar springa.

*heimild: www.visindavefur.hi.is*






**Reiknivél** þar sem hægt er að reikna rekstrar- og umhverfiskostnað mismunandi bifreiða er að finna á vef FÍB www.fib.is. Þar er fróðlegt að bera saman minni og stærri bifreiðar, bensínbíla, dísilbíla, tvinnbíla og sjálfskiptar og beinskiptar bifreiðar svo dæmi séu nefnd.





„Oft eru það nú frekar litlu hlutirnir en þeir stóru sem hrinda af öllu af stað," svarar Marinó pollrólegur, spurður hvort hann telji að Lexus-herferðin eigi eftir að opna nýjar dyr. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Myndaði fyrir Lexus-herferð

**Marinó Thorlacius fékk óvænta símhringingu á dögunum sem endaði með ljósmyndatöku fyrir einn umsvifamesta bílaframleiðanda í heimi. Myndirnar verða notaðar í stóra kynningarherferð í Evrópu.**

Marinó Thorlacius hefur síðustu ár verið að skapa sér nafn sem ljósmyndari á alþjóðavettvangi. Nýjasta skrautfjöðrin í hattinn er viðamikið verkefni sem Marinó vann fyrir japanska bílaframleiðandann Lexus þar sem Reykjavík og íslensk náttúra eru í lykilhlutverki.

„Þeir höfðu samband við mig með stuttum fyrirvara og að því er virtist upp úr þurru til að kanna hvort ég gæti tekið myndatökuna að mér. Ég sló bara til," segir Marinó. Hann vísar þar í markaðsrisann Story WorldWide sem réði hann í verkefnið, en fyrirtækið er með starfsemi í þremur heimsálfum og fjölda þekktra vörumerkja á sínum snærum, svo sem Karen Millen, Starbucks, Clinique og Lexus.

Í herferðinni sem Marinó var fenginn til að mynda er nýjasta gerð tvinnjeppa frá Lexus, Full Hybrid RX 450h, kynnt til sögunnar í kunnuglegu umhverfi höfuðborgarinnar og nágrennis. Hann vill ekki geta til um hvert umfang hennar kemur til með að verða. Þó liggi ljóst fyrir að hún verði meðal annars notuð í tímariti sem Lexus og Story WorldWide gefa út í sameiningu og dreifa á Evrópumarkað. „Þannig að viðbúið er að auglýsingin eigi eftir að vekja einhverja athygli."

Segja má að Lexus-herferðin marki nýtt skref fyrir Marinó sem hefur hingað til aðallega fengist við tísku- og landslagsljósmyndun. Nýverið vakti hann verulega athygli fyrir ljósmyndir sínar af herralínu hönnuðarins Sruli Recht sem sýndar voru við góðar undirtektir í París fyrr á árinu. Hann telur hugsanlegt að þær hafi orðið til þess að Story WorldWide sló á þráðinn.

Heldurðu að herferðin eigi eftir að opna þér nýjar dyr? „Oft eru það nú frekar litlu hlutirnir en þeir stóru sem hrinda öllu af stað," segir Marinó og viðurkennir að ýmis spennandi verkefni séu í gangi en ótímabært að ræða þau að sinni.

*roald@frettabladid.is*

Hér má sjá Lexus Full Hybrid RX 450h. Myndin er þó ekki úr smiðju Marinós.





Marinó Björnsson tók á móti Stálstýrinu fyrir hönd Heklu, Sigurður Bragi Guðmundsson afhenti verðlaunin.

## Volkswagen Passat EcoFuel bíll ársins

Bandalag íslenskra bílablaðamanna, BÍBB, tilkynnti nýlega um val á bíl ársins 2012. Í ár var það Volkswagen Passat í metanútfærslu sem var hlutskarpastur í vali á bíl ársins og hlaut að launum Stálstýrið 2012.

Bílar sem gjaldgengir voru í keppnina að þessu sinni voru bílar sem höfðu komið á markað hér á landi frá ágúst 2010. Dómnefnd tók tillit til aksturseiginleika, afkastagetu, eldsneytisnotkunar, visthæfi, öryggisbúnaðar, útlits og hönnunar bílanna og endursöluvirðis.

Volkswagen Passat EcoFuel notar metangas sem aðalorkugjafa en einnig er hann með 31 lítra bensíntank. Hámarksdrægni á metangasi er um 450 km og 430 km á bensíninu. Þannig er hægt að aka 880 km að hámarki án þess að fylla á eldsneytið.

Í flokki smærri fólksbíla sigraði Audi A1. Í flokki vistvænna bíla sigraði Volkswagen Passat EcoFuel. Í flokki stærri fólksbíla sigraði Volvo S60.












# HEIMILIÐ

## Dýrahald

HUNDASKÓLI
HEIMSENDAHUNDA

Næsta námskeið hefst 20. september. www.hundaskoli.net



Labrador hvolpar til sölu. Þrjár tíkur brúnar ein svört. Tveir rakkar brúnir einn svartur. Bólusettir,örmerktir og ætbókarfærðir. Tilbúnir til afhendingar eftir 8.október. Sími 8468047.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

## Húsnæði í boði

3. herb íbúð til leigu í Blásölum Kóp. Uppl í s. +46730788133 eða haraldur.josefsson@mvbab.se

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu einbýlishús í Njarðvík. Leigist í 3-4 mán m/ eða án húsgagna. Uppl. í s. 666 1603

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Góð 100 fm íbúð á besta stað í 110 til leigu í 3 mánuði. Leigist með innbúi. Upplýsingar og tilboð: 1tilleigu@gmail.com

Til leigu tveggja herbergja íbúð á 7undu hæð í hólahverfinu í Breiðholti, leigist í þrjá mánuði, til 20 des. nk. leiguverð er kr. 90.000.- pr mánuð. Uppl. í síma 8937146

Til leigu 120fm raðhús á 2 hæðum í Grafarvogi. Allt nýtt, stórgarður í suður. Getur verið laus frá 1. nóv. Uppl í s. 771 5776

## Sumarbústaðir

Sumarhús í Flóahreppi, 10 min frá Selfossi. S. 899 5863 www.starplus.is

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
UPPHITAÐ, þurrt, hreint og lyktarlaust. Verð og myndir á Facebook: Húsvagnageymslan Eyrarbakka S: 564 6501.

Ferðavagnageymsla í Borgarf. f. tjaldv. fellih. hjólh. bátar o.fl. upphitað, gott verð S: 612 6130 email: solbakki.311@gmail.com

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði, Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Bílskúr

Bílskúr óskast til leigu til lengri tíma, með vatni og rafmagni. Uppl. í s. 899 2276.

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Gisting

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.copenhagenapartments.dk eða apartments.cph@gmail.com
stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

## Viðskiptatækifæri

Lítið kaffihús/íssöluturn til sölu í 101,frábær staðsetning og nýuppgert húsnæði, hagstæð kaup, ekkert áhvílandi, hentar vel að bæta við hádegismatsölu eða bakkelsi upplýsingar á gotrack@gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Fundir

**Íslandshreyfingin - lifandi land,**
**heldur aðalfund 28. september klukkan 17 í Kornhlöðunni.**

**Venjuleg aðalfundarstörf.**

**Þátttakendur skrái sig fyrir 26. september á islandshreyfingin@gmail.com**

**Stjórnin.**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Stýrimann vantar á 60 tn línubát frá Hafnarfirði. (Lúða). Sími: 866 9874.

Óska eftir að ráða mótasmiði og kranamann sem fyrst. Umsóknir með upplýsingar um fyrri störf sendist á tm.vinna@gmail.com

Barnapössun óskast í Hveragerði fyrir 4ja mánaða barn, nokkra tíma á viku. S. 845 7158.

Hressingarskálinn Austurstræti 20. framtíðarstarf í lifandi og skemmtilegum vinnustað, leitum að kokk sem þarf að vera skipulagður, hugmyndaríkur og fl. Einnig auglýsum við eftir aðstoðarmanni í eldhúsi, vinsamelgast sendið upplýsingar á valdi@hresso.is

Sushibarinn Laugarvegi 2 óskar eftir einstakling í fulla vinnu, reynsla af eldhússtörfum æskileg. Upplýsingar á staðnum eða senda póst suhibarinn@sushibarinn.is

## Atvinna óskast

Ég er 56 ára íslenskur kerfisfræðingur og vantar vinnu. Margt annað kemur til greina. Vinsamlegast sendið mér línu á netfangið ief@ief.is

## Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR



Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Ung og falleg kona vill kynnast karlmanni til að gera eitthvað skemmtilegt með. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8714.

## Atvinna

**Fjölbreytt og gefandi starf**

Ég er fertug, gift kona og verðandi móðir með hreyfihömlun. Ég þarfnast aðstoðar við flestar athafnir daglegs lífs og óska eftir persónulegri aðstoðamanneskju til starfa. Hægt er að velja á milli dagvakta, helgarvakta og kvöldvakta.

Þeir sem starfa hjá mér stuðla að tækifærum mínum til þáttöku í samfélaginu og auka lífsgæði mín. Æskilegt er að umsækjandi hafi bílpróf þar sem ég hef eigin bíl til umráða. Viðkomandi þarf einnig að vera barngóður því von er á barni í ágúst.
Jákvæðni, sveigjanleiki og virðing er lykillinn að farsæld í þessu samstarfi.
Fyrirspurnir, umsóknir og ferilskrá ásamt meðmælum má senda á netfangið: asdisjenna@simnet.is en einnig er hægt að hringja í síma 775-7377.

Ásdís Jenna Ástráðsdóttir

## Til sölu

LÖGMANNSSTOFAN

**TIL SÖLU ÚR ÞROTABÚI G 100 EHF.**

Til sölu er lausafé úr ofangreindu þrotabúi. Starfsemi félagsins fólst í smíði álglugga og álhurða. Það sem er til sölu er lager félagsins, sem er einkum álprófílar til glugga- og hurðasmíði ásamt íhlutum.

Tilboðum skal skila til undirritaðs skiptastjóra að Strandgötu 29, Akureyri, eigi síðar en fyrir kl. 16.00 þann 21. september n.k.

Nánari upplýsingar veitir skiptastjóri í síma 464-9900 eða tölvupósti arni@logmannsstofa.is

Akureyri 12. september 2011

Árni Pálsson hrl.

## Fasteignir

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**
KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Opin hús í dag miðvikudag**




**Opið hús í dag miðvikudag frá kl. 11:00 til 11.30**
**Kórsalir 5, íbúð 101 - 201 Kópavogur**
Flott 169,8 m2 4-5 herbergja íbúð á tveimur hæðum, með sérinngangi og sérgarði við Kórsali 5 í Kópavogi. Íbúðin skiptist í Efri hæð: stofa, eldhús, svefnherbergi, þvottahús og baðherbergi. Neðri hæð: stofa, tvö svefnherbergi, baðherbergi og geymsla. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 29,9 m.** 10065




**Opið hús í dag miðvikudag frá kl. 12:00 til 12.30**
**Furugrund 72, íbúð 303 - 200 Kópavogur**
Falleg og vel skipulögð 68,5 m2, 3ja herbergja endaíbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi við Furugrund 72 í Kópavogi. Húsið lítur vel út og var það nýlega viðgert og málað. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 15,9 m.** 10064




**Opið hús í dag miðvikudag frá kl. 13:00 til 13.30**
**Karfavogur 31, íbúð 201 - 104 Reykjavík**
81 m2, íbúð á 2. hæð í þríbýlishúsi við Karfavog 31 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, tvö svefnherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 16,5 m.** 10059

## Fasteignir

RE/MAX Lind

**LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG**



Gunnar Valsson
gv@remax.is



Þórarinn Jónsson
Hdl. Löggiltur fasteignasali

Hringdu núna 699 3702

**Opið hús í dag 14.sept kl.17:30-18:00 að Hamravík 82. Sérbýli með aukaíbúð.**



Gott sérbýli sem skiptist í aðalíbúð á efri hæð ásamt tvöföldum bílskúr sem er um 200 fm. Á jarðhæð er aukaíbúð með sérinng. ca.100 fm og óskráð rými ca. 100 fm. Frá húsinu er glæsilegt útsýni yfir Esjuna, sjávarlengjuna og Korpuvöllinn. Örstutt í skóla og alla þjónustu. Verð: 75.0,- millj. Upplýsingar veita Magnús í s: 897 8266 og Sveinn Eyland s: 6 900 820.



Hafðu samband
**Sveinn Eyland Garðarsson,**
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820 sveinn@landmark.is



**MAGNÚS EINARSSON**
Löggiltur fasteignasali
Sími: 512 4900

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** kvenflík, **6.** klaki, **8.** mánuður, **9.** kvk. nafn, **11.** átt, **12.** geðvonska, **14.** gort, **16.** í röð, **17.** hyggja, **18.** til viðbótar, **20.** mergð, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** mælieining, **3.** 999, **4.** jarðbrú, **5.** sigti, **7.** fíkinn, **10.** drulla, **13.** gagn, **15.** uppurið, **16.** húðpoki, **19.** núna.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** pils, **6.** ís, **8.** maí, **9.** lóa, **11.** na, **12.** ólund, **14.** grobb, **16.** hi, **17.** trú, **18.** enn, **20.** úi, **21.** snúa.

**LÓÐRÉTT: 1.** kíló, **3.** im, **4.** landbrú, **5.** sía, **7.** sólginn, **10.** aur, **13.** not, **15.** búið, **16.** hes, **19.** nú.




- Sjálfskiptur
- Bensín
- 8 sæta
- Spoiler
- Húddhlíf
- Gluggahlífar
- Ek. 26.000 km
- Litur, ljósgrár

Toyota LC 120 VX

**Til sölu árg. 2009**

Ekinn aðeins 26.000 km

Skipti möguleg á ódýrari bíl / Upplýsingar í síma 896 5522

Verð 8.800.000

www.heilahristingur.is

**HEILAHRISTINGUR**
**heimanámsaðstoð á bókasafninu :-)**

**Ertu 18 ára eða eldri?**
Viltu leggja þitt af mörkum, auka við reynslu þína og kynnast um leið skemmtilegum krókkum?

**Sjálfboðaliðar óskast**
við heimanámsaðstoð á Borgarbókasafni

Skráning og nánari upplýsingar á www.heilahristingur.is

Borgarbókasafn Reykjavíkur — Rauði kross Íslands Reykjavíkurdeild

BYLGJAN 989 25 ÁRA



**Heimir & Kolla**
**vakna með þér í bítið**

Fréttir, fróðleikur
og frábær tónlist
alla virka morgna
kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og
Gissur með fréttirnar


# Konur eru konum bestar

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Snyrtivörur, útlit, líkamsrækt og kynlíf. Þetta eru yfirlýst efnistök skemmtiþáttar sem hefur á göngu sína á Skjá einum í næstu viku og ætlaður er konum. Hafa margar konur gagnrýnt stöðina fyrir að láta svo einstrengingslegar staðalhugmyndir um konur og hugðarefni þeirra liggja til grundvallar gerð dagskrár fyrir þær. Í umræðunni sem fylgt hefur í kjölfarið hefur klisjunum um þessar kvenréttindakonur kyngt niður eins og skæðadrífu. Tvennt ber þar hæst. Annars vegar hefur það þótt grafa undan gagnrýni kvennanna að sumar gangi þær með varalit og séu jafnvel „sætar“. Hins vegar hefur rökum þeirra verið mætt með einum óviðfelldnasta frasa íslenskrar tungu: „Konur eru konum verstar.“

**ÞAÐ** að konur geti ekki staðið vörð um réttindi sín tilhafðar er vitleysa sem er ekki svaraverð. Hins vegar má geta þess að varaliturinn hefur lengi verið hluti af jafnréttisbaráttunni en súffragetturnar báru hann sem tákn um sjálfstæði sitt er körlum líkaði hann ekki. Yfirlýsingin um að konur séu á einhvern hátt öðrum konum skaðræðisskepnur er hins vegar öllu alvarlegri. Svo oft eru þessi orð höfð í frammi að margir virðast farnir að trúa þeim. Þótt það fari ekki hátt – kannski einmitt vegna þess að flestöll umfjöllun um konur snýst um snyrtivörur, útlit, líkamsrækt og kynlíf – er rík hefð fyrir samvinnu kvenna á hinum ýmsu sviðum. Um hana er meira að segja til fjöldi samtaka svo sem KIKS – Konur í kvikmyndum og sjónvarpi og nýstofnað félag kvenna í nýsköpun og sprotafyrirtækjum. Þvert á trú sumra þrífast konur í félagsskap hver annarrar. Ekki nóg með það. Konur finna sér oft fyrirmyndir í öðrum konum.

**EKKI** alls fyrir löngu prýddi forsíðu breska blaðsins The Times skælbrosandi unglingsstúlka. Stúlkan hafði unnið sér það til frægðar að ljúka grunnskóla. Slíkt þykir venjulega ekki fréttnæmt. Stuttu áður hafði hún hins vegar næstum hætt námi með það eina markmið að verða „unglinga-móðir“ eins og vinkonur hennar. En svo kom Michelle Obama í heimsókn í skólann hennar. Stúlkan fann sér fyrirmynd í forsetafrúnni og sneri í kjölfarið lífi sínu til betri vegar.

**ÁHUGAVERÐAR** konur leynast alls staðar. Forsætisráðherra er kona; handhafi Íslensku bókmenntaverðlaunanna er kona; formaður Samtaka íslenskra tölvuleikjaframleiðenda er kona. Óskandi er að stjórnandi kvennaþáttar Skjás eins, sem sjálf er drífandi athafnakona og eflaust mörgum innblástur, sjái sér fært að breikka efnistök þáttarins og auka þannig bæði skemmtanagildið og fjölga fyrirmyndunum. Því konur eru konum bestar.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott



# menning

menning@frettabladid.is



**UNDUR** Markmið sýningarinnar er að endurvekja undrun fyrri tíma, á tímum þegar fátt kemur lengur á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Listin að koma á óvart

Hafnarborg ★★★

**Í bili**

Samsýning í sýningarstjórn Ólafar Gerðar Sigfúsdóttur

**Sýningin stendur til 23. október. Opið 12-17 alla daga nema þriðjudaga og opið til 21 á fimmtudögum**

Á síðasta ári efndi Hafnarborg til samkeppni um sýningarhugmyndir – kemur þannig til móts við aukinn fjölda sýningarstjóra hérlendis og eflir um leið eigin starfsemi. Hugmynd Ólafar Gerðar Sigfúsdóttur, Í bili, var valin. Ólöf er menntaður mannfræðingur en hefur fikrað sig inn á vettvang sýningarstjórnar á mörkum mannfræði og lista. Í sýningarskrá segir Ólöf hugmynd sína snúast um að „endurvekja samband töfra og safnmuna“. Hún skrifar um uppruna nútímasafna á sextándu öld. Ferðalangar og landkönnuðir endurreisnartímans sneru heim frá fjarlægum löndum með furðugripi, komu fyrir í skápum og síðar í svonefndum „Wunderkammer“, herbergjum þar sem skoða mátti allt milli himins og jarðar.

Lykilorðið hér er wunder, eða undur, undrun. Markmiðið sýningarinnar er að einhverju leyti að endurvekja þessa undrun fyrri tíma, í dag þegar ekkert kemur lengur á óvart. Við höfum séð allt. Þetta var líka markmið súrrealista á fyrri hluta 20. aldar: að koma á óvart. Kippa fótunum undan vanafastri hugsun okkar, skapa tómarúm þar sem eitthvað nýtt getur átt sér stað.

Í Hafnarborg er líka svolítið sem kemur á óvart, enginn kemst hjá því að líta hissa í kringum sig þegar upp er komið. Af hverju? Það segi ég ekki hér, til að skemma ekki upplifunina. Deila má þó um þessa nálgun við viðfangsefnið og hugsanlega er hún full bókstafleg. Ef til vill hefði mátt nýta sýningarrýmið á annan hátt með áhugaverðari niðurstöðu.

Listamenn sem sýna eru þau Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson, Daníel Björnsson, Gretar Reynisson, Haraldur Jónsson, Hildigunnur Birgisdóttir, Ingirafn Steinarsson, Jeannette Castioni, Magnús Árnason, Olga Bergmann og Ólöf Nordal. Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Þórdís Jóhannesdóttir eru tvíeykið Hugsteypa og Erna Ómarsdóttir, Guðni Gunnarsson og Lievens Dousselaere mynda þríeykið Skyr Lee Bob. Mörg nöfnin hér eru kunnugleg, allt flottir listamenn en stundum er eins og það sé svolítið sama fólkið sem leitað er til ár eftir ár til að koma með verk á samsýningar.

Í heildina er sýningin forvitnileg, skrýtin og skemmtileg eins og hugmyndafræðin að baki býður upp á. Þó er hægt að nálgast viðfangsefnið á gagnrýnan hátt líka, vinna með það og staðsetja það í samtímanum eins og fram sýna eru í myndbandsverkum Jeannette Castioni, en Jeannette varpar fram áleitnum spurningum um hlutverk og ímynd menningar og safngripa í huga einstaklingsins. **Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Skemmtileg og forvitnileg sýning leitast við að koma áhorfandanum á óvart og tekst það ágætlega. Einstaka verk ristir dýpra og í heildina eru öll verk sýningarinnar forvitnileg og ná að skapa saman áhugaverða heild.


Konfúsíusarstofnunin Norðurljós, Háskóli Íslands og KÍM kynna:

Kínversku kvikmyndina
Meistari Ip (Ip Man, 2008)
Sýnd í Odda 101, 15. sept. kl. 18



Hádegisfyrirlestur
Kristjáns L. Guðlaugssonar,
“Maóistar á Íslandi
í skugga kalda stríðsins.”
16. september, 13:20-14:20, Lögberg 102

Allir velkomnir
Aðgangur ókeypis

北极光孔子学院
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is



Stórglæsileg skrifstofuhæð
til leigu



500 fm, á efstu hæð
Hlíðasmára 1, Kópavogi
Laus strax
Upplýsingar í síma 824-0220 eða 899-8077

Summit - Fasteignafélag






Augl. Þórh. 3009.1



Hverjar eru orsakir titrings á eigna- og gjaldeyrismörkuðum?

Málstofa á vegum Hagfræðideildar

Aðalbyggingu Háskóla Íslands, Hátíðasal.
Fimmtudaginn
15. september kl. 12-14



Robert Z. Aliber er fyrrverandi prófessor við Chicago háskóla

Í fyrirlestri sínum mun Robert Aliber fjalla um óstöðugleika á mörkuðum í Evrópu og Bandaríkjunum í sögulegu samhengi. Hann mun velta fyrir sér þeirri spurningu að hversu miklu leyti sveiflur í gengi gjaldmiðla og sveiflur hlutabréfaverðs og fasteignaverðs megi rekja til alþjóðlegra þátta, annars vegar, og starfsemi innlendra fjárfestinga- og viðskiptabanka hins vegar.

Meðal áhugaverðra spurninga sem hann mun leitast við að svara er hvort bankahrunið hér á landi hafi fremur átt rætur að rekja til ástands alþjóðlegra fjármálamarkaða eða eftirlitsleysis og áhættusækni innlendra aðila.

Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

Samtök fjárfesta
www.hluthafar.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIDEILD



**27. AFMÆLISDAGUR** söngkonunnar Amy Winehouse hefði verið í dag. Hún lést sem kunnugt er fyrir skömmu, eftir langa baráttu við áfengi og eiturlyf.



**PLATA VÆNTANLEG** Of Monsters and Men hefur slegið í gegn í sumar og nú er plata á leiðinni.

# Mikið selt á heimasíðunni

„Of Monsters and Men hefur tekist að safna stórum aðdáendahópi víðs vegar um heiminn án þess að hafa lagt í tónleikaferðir eða unnið með kynningarstofum," segir Haraldur Leví Gunnarsson, framkvæmdastjóri útgáfufyrirtækisins Records Records.

Fyrsta plata Of Monsters and Men kemur út 20. september. Haraldur segir að á annað hundrað platna séu þegar seldar í forsölu á heimasíðu útgáfunnar, allar til útlanda. Hljómsveitin fagnar plötunni með tónleikum í Gamla bíói fimmtudagskvöldið 6. október. Miðasala hefst í dag klukkan 10 á miði.is og kostar miðinn 2.000 krónur í forsölu.

Of Monsters and Men hefur slegið í gegn í sumar með lagi sínu Little Talks en það hefur verið eitt vinsælasta lag landsins síðustu vikur og situr í 1. sæti íslenska lagalistans. - afb

# THOR HEIÐRAÐUR Á RIFF

**Rithöfundurinn sálugi Thor Vilhjálmsson verður heiðraður á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík. Stofnaður hefur verið um hann minningarsjóður.**

„Okkur finnst þetta mjög vel við hæfi," segir Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík.

Forsvarsmenn Riff-hátíðarinnar hafa ákveðið að heiðra rithöfundinn Thor Vilhjálmsson, sem lést í vor. Stofnaður hefur verið minningarsjóður um hann og einnig verða veitt verðlaun á hátíðinni í hans nafni fyrir bestu íslensku stuttmyndina.

„Thor var mjög duglegur að mæta á hátíðina og var einn okkar helsti stuðningsmaður," segir Hrönn. „Við höfðum samband við fjölskylduna hans og bárum undir hana þessa hugmynd og þessu var vel tekið."

Efnt verður til heiðurssýningar á hátíðinni í minningu Thors. Sýnd verður ein af hans uppáhaldsmyndum, Ikiru eftir Akira Kurosawa, og leikstjórinn Friðrik Þór Friðriksson flytur kveðju fyrir hönd íslenskra kvikmyndagerðarmanna við það tækifæri.

Verðlaun fyrir bestu stuttmyndina hafa ekki verið veitt áður á Riff-hátíðinni. Þau verða afhent af Einari Erni Benediktssyni, formanni ferða- og menningarmálaráðs Reykjavíkurborgar, við athöfn í Ráðhúsi Reykjavíkur. Í dómnefndinni sitja þau Árni Ólafur Ásgeirsson leikstjóri, Ásgeir H. Ingvarsson gagnrýnandi og Silja Hauksdóttir leikstjóri.

Aldrei hafa fleiri stuttmyndir verið sendar á Riff-hátíðina í ár. Sýnd verður 21 stuttmynd eftir leikstjóra á borð við Dögg Mósesdóttur, Ísold Uggadóttur og Ara Alexander Ergis Magnússon. freyr@frettabladid.is



**THOR HEIÐRAÐUR** Rithöfundurinn Thor Vilhjálmsson verður heiðraður á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Í CLOUD ATLAS** Bretinn Hugh Grant hefur bæst við leikarahóp myndarinnar Cloud Atlas.

# Hugh Grant í Cloud Atlas

**Hugh Grant hefur bæst við leikarahóp myndarinnar Cloud Atlas sem er byggð á samnefndri skáldsögu Davids Mitchell. Aðrir leikarar í myndinni eru Halle Berry, Tom Hanks, Susan Sarandon og Jim Broadbent.**

**Cloud Atlas spannar margar aldir og fjallar um sál sem endurholgast í gegnum sex manneskjur. Leikstjórar myndarinnar verða þrír, eða Wachowski-bræðurnir Andy og Larry, sem bjuggu til The Matrix þríleikinn, og Tom Tykwer sem leikstýrði Perfume: The Story of a Murderer. Tökur á myndinni hefjast í Glasgow í næsta mánuði og verður myndin frumsýnd í október 2012.**



NORDICPHOTOS/GETTY



**HERRAMENN** Framleiðendurnir Christopher Mapp, Peter Graves, Matthew Streets, Steve Chasman, leikstjórinn Gary McKendry, Sigurjón Sighvatsson framleiðandi og Tom Ortenberg á frumsýningu myndarinnar Killer Elite.

# Rauður dregill í Toronto

**Kvikmyndahátíðin í Toronto stendur yfir þessa dagana og þar hafa margar stjörnur gengið um rauða dregilinn í sínu fínasta pússi. Hátíðin er talin leggja línurnar fyrir komandi verðlaunahátíðir og því beinir kvikmyndaiðnaðurinn sjónum sínum þangað næstu daga. Stórstjörnur eins og Brad Pitt, Angelina Jolie, Gerard Butler og sjálfur Sigurjón Sighvatsson brosa sínu breiðasta í Kanada. Einnig var kærustuparið Dev Patel og Freida Pinto sæt saman sem og poppdrottningin Madonna en hún virðist vera fastagestur á kvikmyndahátíðum þessa dagana til að kynna mynd sína W.E.**



**BLEIK SKYRTA** Íslandsvinurinn Gerard Butler mætti í litríkri skyrtu á frumsýningu myndarinnar Coriolanus en hann leikur einmitt aðalhlutverkið í þeirri mynd.

**STÓRSTJÖRNUR** Angelina Jolie og Brad Pitt mættu svartklædd á frumsýningu myndarinnar Moneyball.

**SYKURSÆT** Leikkonan og eiginkona leikarans Johnny Depp, Vanessa Paradis, mætti í svörtum buxum á rauða dregilinn.


# Prag

29. September í 3 nætur

Frá kr. 49.900

**Frábær þriggja nátta helgarferð - síðustu sætin!**

Nú er upplagt að skreppa til Prag og njóta haustsins í þessari einstaklega fögru borg. Haustið í Prag er einstakt og frábært að heimsækja borgina og njóta lífsins. Gríptu tækifærið og skelltu þér til Prag og njóttu góðs aðbúnaðar í ferðinni. Ath. mjög takmarkaður fjöldi herbergja í boði á þessum kjörum

**Verð kr. 49.900**
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum.

**Verð kr. 69.900**
Netverð á mann, m.v gistingu í tvíbýli á Hotel Duo **** í 3 nætur með morgunmat. Aukagjald fyrir einbýli kr. 12.500

**Verð kr. 74.900**
Netverð á mann, m.v gistingu í tvíbýli á Hotel Clarion Congress **** í 3 nætur með morgunmat. Aukagjald fyrir einbýli kr. 14.900

**Ath.** mjög takmarkaður fjöldi herbergja í boði á þessum kjörum

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI SKEMMTUN
Meiri Vísir.

vísir



160.000.000
+1.240.000.000

000.000

Fyrsti vinningur stefnir í 160 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.240 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 14. SEPTEMBER 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |













**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 - 6:30 - 8:30 | 2D | L |
| DRIVE Forsýning fyrir Sambíó facebook 2 fyrir 1 | kl. 10:30 | 2D | 16 |
| FRIGHT NIGHT - 3D | kl. 8 - 10:20 | 3D | 16 |
| FRIGHT NIGHT Luxus VIP | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 7 |
| LARRY CROWNE | kl. 5:50 - 8 | 2D | 7 |
| GREEN LANTERN | kl. 10.20 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 8 | L |
| FRIGHT NIGHT | kl. 10:10 | 16 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 8 | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | kl. 10:10 | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 - 8 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE. | kl. 8 | 2D | 7 |
| FRIGHT NIGHT | kl. 10:10 | 3D | 16 |
| BÍLAR 2 ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | 2D | L |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 10:10 | 3D | 16 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI TÖFRASKÁPURINN | kl. 5 - 5:30 | 2D | L |
| FRIGHT NIGHT | kl. 8 - 10:30 | 3D | 16 |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 - 10:40 | 2D | 7 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 5:30 | 2D | L |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 8 - 10:20 | 3D | 16 |
| HARRY POTTER AND THE DEATHLY HALLOWS 2 | kl. 5 | 3D | 12 |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 8 | 2D | 14 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 10:40 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 | 2D | 7 |
| FRIGHT NIGHT - 3D | kl. 10:20 | 3D | 16 |

Kvikmyndahátíð daganna 26.Ágúst til 12.September

| | | |
|---|---|---|
| THE TREE OF LIFE Ó textuð | kl. 5:20 - 8 | 10 |
| CASINO JACK M/Íslenskum texta | kl. 10 | 16 |
| THE BEAVER Ó textuð | kl. 10:40 | 12 |
| RABBIT HOLE M/Íslenskum texta | kl. 8 | 12 |
| HESHER M/Íslenskum texta | kl. 5:50 | 16 |

leikrit í beinni útsendingu frá national theater, london 15. sept kl. 18.00 í sambíóunum kringlunni
HTTP://NTLIVE.SAMBIO.IS




AÐEINS EIN SÝNING!
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA















**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| OUR IDIOT BROTHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| OUR IDIOT BROTHER LÚXUS | KL. 8 - 10.10 | 7 |
| KNUCKLE | KL. 8 - 10 | 16 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| SPY KIDS 4 4D | KL. 3.30 - 5.50 - 8 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.40 | L |
| ONE DAY | KL. 3.30 - 10.10 | 12 |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| COLOMBIANA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| MELANCHOLIA | KL. 6 - 9 | 12 |
| Á ANNAN VEG | KL. 6 - 8 - 10 | 10 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 10 | 14 |
| SPY KIDS 4D | KL. 5.50 | L |
| THE CHANGE UP | KL. 6 - 8 - 10.30 | 14 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| COLOMBIANA | KL. 8 - 10 | 16 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 6 | 14 |
| Á ANNAN VEG | KL. 6 | 10 |
| THE CHANGE-UP | KL. 8 - 10 | 14 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075







**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | |
|---|---|
| COLOMBIANA | 5.50, 8 og 10.15(POWER) |
| THE DEVILS DOUBLE | 8 og 10.15 |
| CHANGE UP | 8 og 10.15 |
| SPY KIDS - 4D | 6 |
| STRUMPARNIR - 3D | 6 - ISL TAL |


# Pönk gegn Alþingi

Bíó ★★★★

**Ge9n**

Leikstjóri: Haukur Már Helgason



Ef þú ert á þeirri skoðun að allir aktívistar séu húðlatir hústökumenn sem lögreglan ætti að „taka harðar á“ eru hverfandi líkur á að þér muni geðjast að heimildarmyndinni Ge9n eftir Hauk Má Helgason. „Níumenningarnir“ svokölluðu eru hér í aðalhlutverkum, en það er fólkið sem var ákært fyrir árás á Alþingi í desember 2008.

Haukur Már er síður en svo hlutlaus í nálgun sinni á efnið, enda væri lítið fútt í slíkum vinnubrögðum. Hlutdrægar heimildarmyndir eru engu að síður litnar hornauga af mörgum, kallaðar „áróðursmyndir“ líkt og um nasistaglansmyndir Leni Riefenstahl væri að ræða, en Ge9n er tæplega áróðursmynd. Níumenningarnir voru beittir ranglæti og dómsmálið gegn þeim var farsakennt.

Myndin hoppar á milli viðtala við fólkið og svipmynda úr búsáhaldabyltingunni. Af og til les hinn kaldhæðni Goddur upp úr bloggum misvitra netverja um aktívistana. Það gerir hann meðal annars í stílhreinum stofum úr Ikea. Einfalt og symbolískt myndmál sem svínvirkar.

Myndin dettur ekki í þá gryfju að mála níumenningana sem vælandi fórnarlömb. Það hefði verið ofureinfalt að senda þau öll í rakstur og smink til að fiska samúð áhorfandans („Þetta gæti verið ég!“) en þess í stað eru þau í sömu rifnu gallabuxunum og þau klæddust þegar hin meinta árás var framin. Það er heiðarlegt.

Ge9n er pönk-listaverk. „Öskur meðaljónsins“ er áhrifamikil sena sem brýtur myndina skemmtilega upp. Notkun tónlistar er einnig skemmtileg og útpæld. Ástsælar íslenskar dægurlagalummur (heilagar kýr?) eru teknar í sundur og settar saman á ný á frumlegan en jafnframt pervertískan máta. Þetta kallast fullkomlega á við rauðan þráð myndarinnar, uppreisnina gegn hinu þægilega og örugga. Ég hef aldrei heyrt Erlu Þorsteinsdóttur snúið á haus fyrr en nú, og ég var yfir mig hrifinn.

Það var þó dapurlegt að sjá hversu fáir voru á sýningunni. Fyrir utan undirritaðan voru fjórir í salnum. Það var kannski fyrirsjáanlegt, enda þægilegra að gera eitthvað annað.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Virkilega flott mynd um furðulegt mál. Listrænn metnaður bætir fyrir örfáa vankanta í flæðinu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 14. september**

### ➜ Gjörningar

**17.00** Listamennirnir **Roi Vaara** og **Magnús Logi Kristinsson** fremja saman gjörning á göngu sem hefst við Hlemm og fer um bæinn. Gjörningurinn er hluti af 6. Momentum tvíæringnum, Imagine **Being Here Now**, sem er í samstarfi við Nýlistasafnið.

**20.00** Listamennirnir **Roi Vaara** og **Magnús Logi Kristinsson** fremja sjálfstæða gjörninga í Nýlistasafninu. Gjörningarnir eru hluti af 6. Momentum tvíæringnum, Imagine Being Here Now, sem er í samstarfi við **Nýlistasafnið.**

### ➜ Tónleikar

**17.00** Hlöðver Sigurðsson tenór, **Nathalía Druzin Halldórsdóttir** messósópran og Birna Hallgrímsdóttir píanóleikari koma fram á lokatónleikum tónleikaraðarinnar Perlur íslenskra einsöngslaga í Kaldalóni í Hörpu. **Miðaverð er kr. 3.000.**

**20.00** Einleikstónleikar píanóleikarans **Miklós Dalmay** á vegum Félags íslenskra tónlistarmanna í Norræna húsinu.

**20.00** **Pasi Eerikäinen** fiðluleikari og **Jón Sigurðsson** píanóleikari flytja verk eftir Strauss, Brahms, Kuusisto og Jón Nordal í Salnum, Kópavogi. **Miðaverð er kr. 2.900.**

**20.00** Raftónleikar með Techsoul, Futuregrapher, Tonik, Bypass og Exos á Barböru. **Aðgangur er ókeypis.**

**22.00** Kanadíska tónlistarkonan Shelley O'Brien heldur tónleika á Faktorý. Ásamt henni kemur fram hljómsveitin 1860 og tónlistarmaðurinn Smári Tarfur. **Aðgangseyrir er kr. 1.000.**

### ➜ Leiklist



**20.00** Sýningin Þetta er lífið … og om lidt er kaffen klar í flutningi leikkonunnar **Charlotte Bøving** sýnd í Iðnó. Miðaverð er kr. **2.900.**

### ➜ Fundir



**12.25** Í tilefni af útkomu bókarinnar Ríkisfang: Ekkert, eftir **Sigríði Víðis Jónsdóttur** hefst fundaröð um málefni flóttamanna og stöðuna í Mið-Austurlöndum, í Odda 101, Háskóla Íslands. Allir velkomnir.

**16.30** **Svavar Gestsson**, fyrrverandi sendiherra í Danmörku, fjallar um dönsk stjórnmál og stöðuna í kosningabaráttunni daginn fyrir kosningar til danska Þjóðþingsins í stofu 132 í Öskju, Háskóla Íslands. **Allir velkomnir.**

**20.00** Hverfiskaffi í kaffihúsi Gerðubergs. **Lárus R. Haraldsson,** formaður Hverfisráðs Breiðholts, fjallar um verkefni og hlutverk ráðsins og Þorsteinn Hjartarson, fráfarandi framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, ræðir um mikilvægi íbúalýðræðis. **Allir velkomnir.**

### ➜ Hátíðir

**11.00** **Matar- og uppskeruhátíðin** Full borg matar hefst. Mikið af skemmtilegum viðburðum og 27 veitingastaðir í borginni bjóða upp á sérstaka hátíðarmatseðla. **Nánari upplýsingar á fullborgmatar.is.**

### ➜ Uppistand



**22.00** **Hugleikur Dagsson** með uppistand á Kaffi Rósenberg. Anna Svava hitar upp og Dóri DNA kynnir. **Aðgangseyrir er kr. 1.000.**

### ➜ Tónlist

**21.00** Hljómsveitin **Hellvar** fagnar útgáfu plötunnar Stop That Noise með útgáfu- og hlustunarpartýi í Nýlenduvöruverslun Hemma & Valda. **Allir velkomnir.**

**22.00** Plötusnúðurinn **Atli Kanilsnúður** þeytir skífum á Kaffibarnum.

**22.00** **Plötusnúðurinn** Dj Harry Knuckles þeytir skífum á Bakkusi.



**22.00** Plötusnúðurinn **Dj Óli Hjörtur** þeytir skífum á Prikinu.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00** Erindi um hagnýtingu spjörunarkvarðans **MACS** í klínísku, hugrænu starfi með ungu fólki verður flutt á félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri, stofu N102 í Sólborg. **Allir velkomnir.**

**17.00** Á fæðingardegi **Dr. Sigurðar Nordals** gengst Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fyrir svokölluðum Sigurðar Nordals fyrirlestri. Í ár flytur Gerður Kristný rithöfundur erindið: Guðir og girnd. Fyrirlesturinn fer fram í Norræna húsinu og eru allir velkomnir.

### ➜ Myndlist

**15.00** Listamaðurinn Anton Lyngdal Sigurðsson hefur opnað sýningu á Hverfisgötu 59. Sýningin er opin alla daga milli kl. 15-19 fram til **23. september.**

### ➜ Samkoma

**13.30** **Korpúlfarnir**, samtök eldri borgara í Grafarvogi, standa fyrir samkomu á Korpúlfsstöðum. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

**MIÐVIKUDAGUR:** GE9N 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVÍNASTÍAN* 18:00, 20:00, 22:00 ■ ANDLIT NORÐURSINS 20:00, 22:00 ■ MARY AND MAX 20:00 ■ ANIMAL KINGDOM 22:00 ■ HOWL 18:00

ÍSLENSKUR TEXTI. *ENGLISH SUBTITLES.*

**VERTU FASTAGESTUR!**
15% afsláttur af öllum kortum til 15. september.










Það er
# SPORT að SPARA





**ASICS GEL CUMULUS 13**
Hlaupaskór með gel-
dempun undir hæl
og tábergi. Dömu-
og herrastærðir.

22.990

# FRÍ GÖNGUGREINING
## Í INTERSPORT LINDUM
## Sérútbúin innlegg fyrir þína fætur!

Intersport Lindum býður upp á fría göngugreiningu til að sjá hvernig fætur þínir eru uppbyggðir. Út frá greiningunni getum við búið til innlegg sem leiðrétta fótastöðuna, auka þægindi og bæta árangur þinn um leið.
Það tekur aðeins 10 mínútur að búa til hvert par af innleggjum.

Footbalance



10.990




8.490

**AST VP2 MYSUPRÓTEIN**
908 g af hreinu mysupróteini til
uppbyggingar vöðva.




1.490

**NEWLINE BAMBOO SOCK**
Hlaupa- og æfingasokkar úr lyktareyðandi bambus
með góðri öndun. Dömu- og herrastærðir.



2.990

**PRO TOUCH NATALIA / MARTIN**
Stuttermabolur úr teygjanlegu DRYPLUS-efni með
öndun. Dömustærðir: Bleikur, svartur, fjólublár.
Herrastærðir: Blár, svartur.



3.490

**PRO TOUCH MARCEL**
Stuttbuxur úr teygjanlegu DRYPLUS-efni
með öndun.



4.990

**PRO TOUCH MARSCHA / MATTI**
Hlaupabuxur úr teygjanlegu DRYPLUS-efni með
öndun. Dömu- og herrastærðir.



2.490

**PRO TOUCH MAGIC**
Hlaupahanskar úr DRY PLUS-efni með góðri
öndun. Dömu- og herrastærðir.

EXPO • www.expo.is

# INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 14. – 20. SEPTEMBER

# sport

sport@frettabladid.is



**HAUKAR** leita logandi ljósi að arftaka Magnúsar Gylfasonar þessa dagana en Magnús mun eins og kunnugt er taka við ÍBV eftir tímabilið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa Haukar mikinn áhuga á því að fá landsliðsþjálfarann Ólaf Jóhannesson til að taka við liðinu. Ólafur er harður FH-ingur og það væri saga til næsta bæjar ef hann tæki við Haukum.



**KOLBEINN SIGÞÓRSSON** Þreytir frumraun sína í Meistaradeildinni í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Meistaradeildin í kvöld:

## Kolbeinn í eldlínunni

**FÓTBOLTI Fyrsta umferðin í Meistaradeild Evrópu klárast í kvöld með átta leikjum.**

**Einn Íslendingur verður á ferðinni í kvöld, en Kolbeinn Sigþórsson mun leika með Ajax gegn Lyon. Verður það fyrsti leikur Kolbeins í Meistaradeildinni, en hann hefur leikið mjög vel með Ajax í upphafi vetrar.**

**Manchester United er talið vera í frekar auðveldum riðli en byrjar á erfiðasta leiknum, sem er útileikur gegn Benfica.**

**Hitt Manchester-liðið, City, tekur síðan á móti Napoli á heimavelli sínum.** - hbg

### Leikir kvöldsins

**A-riðill:**

| | |
|---|---|
| Man. City - Napoli | Sport 3 |
| Villarreal - Bayern Munchen | |

**B-riðill:**

| | |
|---|---|
| Inter - Trabzonspor | |
| Lille - CSKA Moskva | |

**C-riðill:**

| | |
|---|---|
| Benfica - Man. Utd | Sport |
| Basel - Otelul Galati | |

**D-riðill:**

| | |
|---|---|
| Ajax - Lyon | Sport 4 |
| Dinamo Zagreb - Real Madrid | |

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5606
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúli 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5606 • rafsol@rafsol.is

SCHMIDT
saltdreifarar

- sala
- varahlutir
- þjónusta
Nido
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

# Kaplakrikinn á að vera vígi

**Atli Guðnason er leikmaður 18. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann fór mikinn í sóknarleik FH, sem varð fyrst liða hér heima til að vinna KR í sumar. Atli segir þó mikilvægara að FH sé enn taplaust á heimavelli.**

**FÓTBOLTI** FH-ingar urðu fyrstir til að sigra KR í Pepsi-deild karla í sumar þegar liðin mættust á Kaplakrikavelli um helgina. FH vann 2-1 sigur og skoraði Atli Guðnason fyrra mark Hafnfirðinga í leiknum en átti þess fyrir utan stóran þátt í öflugum sóknarleik FH. Hann er leikmaður 18. umferðarinnar að mati Fréttablaðsins.

„Þetta var mjög góður sigur. Kannski helst til tæpur miðað við hvernig leikurinn þróaðist en þetta voru þrjú góð stig sem koma til með að hjálpa okkur mikið," segir Atli, en FH-ingar höfðu mikla yfirburði í leiknum þar til KR minnkaði muninn á 72. mínútu.

„Við vorum klaufar að vera ekki búnir að skora fleiri mörk, sérstaklega í byrjun seinni hálfleiks þegar við sköpuðum okkur 3-4 mjög góð færi," segir Atli, en hann segir leikskipulag FH hafa gengið mjög vel fram að því.

„KR er með fljóta sóknarmenn og við vörðumst aftar á vellinum en við gerum venjulega. Við reyndum að lokka þá til okkar og fá þá til að missa boltann á góðum stöðum. Það gaf okkur tækifæri til að sækja hratt á þá og það tókst í um 70 mínútur. Þá komust þeir í sókn og skoruðu mark sem sló okkur aðeins út af laginu. En sem betur fer erum við með góðan markvörð sem varði vel í lokin," segir Atli.

FH er nú með 34 stig og er fimm stigum á eftir toppliði ÍBV. KR er með 38 stig en á leik til góða.

### Lið 18. umferðarinnar:

**Markvörður:**
Hannes Þór Halldórsson, KR

**Varnarmenn:**
Einar Orri Einarsson, Keflavík
Daníel Laxdal, Stjörnunni
Orri Freyr Hjaltalín, Grindavík
Björn Daníel Sverrisson, FH

**Miðvallarleikmenn:**
Samuel Hewson, Fram
Andri Ólafsson, ÍBV
Halldór Hermann Jónsson, Fram

**Sóknarmenn:**
Atli Guðnason, FH
Aaron Spear, ÍBV
Ásgeir Örn Arnþórsson, Fylki



**ATLI GUÐNASON** Átti góðan leik gegn KR og er leikmaður umferðarinnar hjá Fréttablaðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Atli segir ómögulegt að spá í framhaldið.

„ÍBV og KR eiga eftir að mætast innbyrðis og þangað til er mjög erfitt að meta stöðuna. Hvað okkur sjálfa varðar er ljóst að við getum ekki treyst á okkur sjálfa í titilbaráttunni og því er lítið annað í stöðunni en að ná í eins mörg stig og við getum og sjá hvað það færir okkur. Það sem mestu máli skiptir fyrir félagið í dag er að tryggja liðinu sæti í Evrópukeppninni og við tókum stórt skref í þá átt með þessum sigri," segir Atli, en FH er nú með fimm stiga forystu á næsta lið, Val, sem er í fjórða sætinu.

Atli neitar því ekki að það hafi verið skemmtilegt að verða fyrsta liðið til að vinna KR í deild eða bikar í sumar en það sé þó ekki það sem mestu máli skipti.

„FH hefur ekki tapað í Kaplakrika á tímabilinu, hvort sem er í deild, bikar eða Evrópukeppninni. Við viljum halda því þannig. Kaplakrikinn á að vera vígi og þangað á ekkert lið að geta komið og náð í þrjú stig," segir Atli, en FH hefur náð í 23 stig af 27 mögulegum á heimavelli í sumar – flest allra liða í deildinni.

Það er því fyrst og fremst heldur dapurt gengi á útivelli sem hefur gert það að verkum að FH stóð lengi vel heldur langt fyrir utan toppbaráttuna. Atli segir að meiðsli og leikbönn hafi sett strik í reikninginn.

„Árið 2009 keyrðum við liðið áfram á 12-13 leikmönnum allan fyrri hluta mótsins og þá unnum við tíu leiki í röð. Í ár hefur þetta verið eins og í fyrra – minni stöðugleiki og liðið hefur verið lengi í gang. Í fyrra komum við bakdyramegin inn í toppbaráttuna en við skulum sjá til hvernig lokaspretturinn verður hjá okkur í ár," segir Atli. eirikur@frettabladid.is



**SNORRI STEINN** Átti enn og aftur góðan leik fyrir AGK. MYND/OLE NIELSEN

Öruggur sigur hjá AGK:

## Íslendingarnir sáu um Viborg

**HANDBOLTI** Íslendingaliðið AG København lenti ekki í neinum vandræðum þegar það tók á móti Viborg í gær.

Lokatölur urðu 36-25 eftir að staðan í hálfleik hafði verið 18-7 fyrir AGK. Danmerkurmeistararnir eru því sem fyrr með fullt hús stiga á toppi dönsku úrvalsdeildarinnar.

Íslensku strákarnir þrír voru markahæstir í liði AGK í leiknum. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði sjö mörk og þeir Snorri Steinn Guðjónsson og Arnór Atlason skoruðu fimm mörk hvor. - hbg

### ÚRSLIT

*Meistaradeild Evrópu:*

**E-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| **Chelsea-Bayer Leverkusen** | **2-0** |
| 1-0 David Luiz (67.), 2-0 Juan Mata (90.+2). | |
| **Genk-Valencia** | **0-0** |

**F-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| **Dortmund-Arsenal** | **1-1** |
| 0-1 Robin Van Persie (41.), 1-1 Ivan Perisic (87.) | |
| **Olympiakos-Marseille** | **0-1** |
| 0-1 Lucho Gonzalez (51.) | |

**G-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| **Apoel Nicosia-Zenit St. Petersburg** | **2-1** |
| 0-1 Konstantin Zyryanov (63.), 1-1 Gustavo Manduca (73.), 2-1 Ailton Almeida (75.) | |
| **Porto-Shaktar Donetsk** | **2-1** |
| 0-1 Luiz Adriano (11), 1-1 Hulk (28.), 2-1 Kleber (50.) | |

**H-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| **Barcelona-AC Milan** | **2-2** |
| 0-1 Pato (1.), 1-1 Pedro (36.), 2-1 David Villa (50.), 2-2 Thiago Silva (90.+2) | |
| **Viktoria Plzen-BATE Borisov** | **1-1** |
| 1-0 Marek Bakos (45.), 1-1 Renan Bressan (69.) | |

AC Milan gafst ekki upp og fékk stig gegn Barcelona – Arsenal missti unninn leik niður í jafntefli í Þýskalandi:

# Silva eyðilagði teitið hjá meisturum Barcelona

**FÓTBOLTI** Það var dramatík í leikjum gærkvöldsins í Meistaradeildinni. Bæði Barcelona og Arsenal lentu í því að missa unna leiki niður í jafntefli.

Leikur Barca og Milan byrjaði með ótrúlegum látum því eftir aðeins 24 sekúndur kom Pato liði Milan yfir. Hann prjónaði sig þá í gegnum alla vörn Barcelona og lagði boltann smekklega í hornið. Hreint ótrúleg byrjun.

Leikmenn Barcelona létu markið ekki hafa áhrif á sig og byrjuðu að þjarma hraustlega að gestunum. Pressan bar árangur á 36. mínútu þegar Lionel Messi átti lygilegan sprett í gegnum teiginn. Lagði boltann á fjærstöng þar sem Pedro gat ekki annað en skorað. Magnað mark.

Það var lítið búið af síðari hálfleik þegar David Villa kom Barcelona yfir með stórkostlegu marki beint úr aukaspyrnu.

Barcelona hafði mikla yfirburði það sem eftir lifði leiks. Liðið slakaði þó aðeins of mikið á klónni undir lok leiksins og það reyndist liðinu dýrkeypt. Thiago Silva skallaði nefnilega boltann í netið þegar




**DÝRMÆTT MARK** Thiago Silva fagnaði jöfnunarmarki sínu að vonum vel. NORDIC PHOTOS/AFP

tæpar tvær mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma.

Arsenal mætti á hinn erfiða Signal Iduna-völl og gerði sér lítið fyrir og komst yfir rétt fyrir hlé. Van Persie slapp þá í gegnum vörn Dortmund og kláraði færið sitt með miklum sóma.

Lundúnaliðið virtist vera að sigla sigrinum heim þegar Ivan Perisic skoraði stórkostlegt mark með skoti utan teigs þegar lítið var eftir af leiknum.

„Það lá ansi mikið á okkur í seinni hálfleik. Ég átti síðan ekki möguleika í þetta skot hjá Perisic," sagði Wojciech Szczesny, markvörður Arsenal.

„Við sýndum um síðustu helgi að við kunnum að spila fótbolta og vinna leiki. Þetta var virkilega erfiður leikur en ég held að við verðum að vera ánægðir með stigið sem við fengum hérna."

Chelsea var lengi að brjóta Bayer Leverkusen niður en David Luiz létti á pressunni um miðjan síðari hálfleik og Mata kláraði síðan dæmið.

„Þetta var erfiður leikur fyrir okkur en við sköpuðum okkur samt mikið af færum framan af. Þá hefðum við getað klárað leikinn. Cech bjargaði líka vel í leiknum en ég verð að segja að sigurinn var sanngjarn," sagði André Villas-Boas, stjóri Chelsea. - hbg


dance out loud
VRV lets your moves shine.
adidas.com/women
© 2011 adidas AG. adidas, the 3-Bars logo and the 3-Stripes mark are registered trademarks of the adidas Group.
adidas

## > Courteney Cox

„Alltaf guðmóðir, aldrei móðir. Það er ömurlegt. Ég þarf að fá mér einn af þessum fylgihlutum.“

***Courteney Cox leikur í þáttaröðinni Cougar Town, sem segir frá kynþokkafullri en ööruggri einstæðri móður. Hana dreymir um að hitta hinn eina sanna en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess. Þáttaröðin er sýnd á Stöð 2 kl. 21.10.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON HORFÐI Á TÝNDU KYNSLÓÐINA

# *Sársaukafullt viðtal Nilla við Hildi Líf*

Týnda kynslóðin er velheppnuð viðbót við dagskrá Stöðvar 2. Þátturinn kemur í stað Sveppa og Audda á föstudagskvöldum, en þeir bræður eru komnir í kærkomið frí frá hvor öðrum. Björn Bragi er fæddur í hlutverk spjallþáttastjórnandans og kryddar þáttinn á skemmtilegan hátt með myndum og myndböndum, eins og kollegar hans erlendis gera svo vel. Þá er skemmtilegt að fylgjast með Þórunni Antoníu fara í hin ýmsu hlutverk, hvort sem hún syngur með HAM eða berst við víkinga. Björn og Þórunn fengu hinn unga Nilla til liðs við sig, en hann öðlaðist frægð í örþáttum á Mbl.is.

Nilla skrikaði þó illilega fótur í síðasta þætti þegar hann tók viðtal við glamúrpíuna Hildi Líf. Hún hefur verið á allra vörum undanfarið eftir að hún var kölluð vitnis í ljótu ofbeldismáli, þar sem fórnarlambið var lamið til óbóta og svipt frelsi sínu. Spurningar Nilla lituðust af því að hann virtist ekki vera búinn að kynna sér mál viðfangsefnis síns að neinu ráði, sem varð til þess að henni leið augljóslega mjög illa í návist hans og myndavélanna. Á tímabili reyndi hann að vera alvarlegur, en illa ígrundaðar og ruglingslegar spurningarnar ásamt vandræðalegri vanþekkingu hans gerðu viðtalið að óþægilegu og beinlínis sársaukafullu áhorfi (alls ekki *gott* sársaukafullt eins og til dæmis viðtölin í Daily Show).



Nilli er óharðnaður unglingur og þá má einnig kenna framleiðendum þáttanna um dræm gæði viðtalsins. En eins og fólk á hans aldri á Nilli erfitt með að raða saman orðum svo úr verði skiljanlegar setningar – sérstaklega þegar hann verður taugaóstyrkur. Ég hafði mikinn húmor fyrir örþáttum hans á Mbl.is, en þá var hann að spila í utandeildinni. Nú er Nilli kominn í úrvalsdeildina, á besta tíma á sjónvarpsstöð sem fagnar 25 ára afmæli um þessar mundir. Hann *verður* að gera betur, ætli hann ekki að falla í vor.

## RÚV

**16.00 Golf á Íslandi** (13:14) (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Loftslagsvinir** (6:10) (Klima nørd) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (34:35) (Phineas and Ferb)
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (9:10) (Classic Cartoon)
**18.30 Gló magnaða** (8:10) (Kim Possible)
**18.54 Víkingalottó** (2:52)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Læknamiðstöðin** (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**21.05 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Hamfarakenningin** (The Shock Doctrine) Bresk heimildarmynd byggð á þeirri kenningu Naomi Klein að nýfrjálshyggja þrífist á náttúruhamförum, stríði og hryðjuverkum.
**23.40 Landinn** (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.45 Fréttir**
**00.55 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.20 Beverly Hills Cop**
**10.05 Pretty Woman**
**12.00 Son of Rambow**
**13.35 Vetrardagskrá Stöðvar 2**
**14.15 Beverly Hills Cop**
**16.00 Pretty Woman**
**18.00 Son of Rambow**
**19.35 Vetrardagskrá Stöðvar 2**
**20.15 Independence Day**
**22.35 Body of Lies**
**00.40 Jumper**
**02.10 Lions for Lambs**
**04.00 Body of Lies**
**06.05 The Love Guru**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (32:175)
**10.15 Cold Case** (12:22)
**11.00 Glee** (11:22)
**11.45 Grey's Anatomy** (22:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (47:78)
**13.30 Gossip Girl** (20:22)
**14.20 Ghost Whisperer** (5:22)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2** (30:45)
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (2:24)
**19.45 Modern Family** (7:24)
**20.10 Borgarilmur** (4:8) Boston er fæðingarstaður Bandaríkjanna – þarna hófst byltingin sem leiddi til sjálfstæðis landsins og Ilmur kynnir sér þá merku sögu auk þess sem hún heimsækir undarlega, syngjandi vísindamenn, lærir mannasiði hjá frægum sálfræðingi, reynir að taka á móti verðlaunum fyrir hönd íslenskra bankastjóra og skemmtir í litlum klúbbi.
**20.45 Hot In Cleveland** (9:10) Gamanþættir um þrjár frábærar vinkonur frá Los Angeles, rithöfundinn Melanie Morretti, augnabrúnasérfræðing stjarnanna, Joy Scroggs, og fyrrverandi sápuóperuleikkonuna Victoriu Chase.
**21.10 Cougar Town** (9:22)
**21.35 Hawthorne** (2:10)
**22.20 True Blood** (8:12)
**23.15 Satisfaction** (1:10)
**00.05 The Closer** (7:15)
**00.50 The Good Guys** (7:20)
**01.35 Sons of Anarchy** (7:13)
**02.20 Medium** (17:22)
**03.05 Apocalypto**
**05.20 Hot In Cleveland** (9:10)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.40 Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeildin - meistaramörk**
**09.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**15.35 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**17.20 Meistaradeildin - meistaramörk**
**18.00 Meistaradeildin - upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Benfica - Man. Utd.** Bein útsending frá leik Benfica og Manchester United í Meistaradeild Evrópu.
**20.45 Meistaradeildin - meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**21.25 Meistaradeild Evrópu: Man. City - Napoli** Útsending frá leik Manchester City og Napoli í Meistaradeild Evrópu.
**23.15 Meistaradeild Evrópu: Ajax - Lyon**
**01.05 Meistaradeildin - meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Wolves - Tottenham** Útsending frá leik Wolves og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
**18.20 Arsenal - Swansea** Útsending frá leik Arsenal og Swansea í ensku úrvalsdeildinni.
**20.10 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.05 Rivellino** Í þessum mögnuðu þáttum eru fremstu knattspyrnumenn söguunnar kynntir til leiks og að þessu sinni er komið að hinum kynngimagnaða Rivellino.
**21.35 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans.
**22.05 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og leikirnir krufðir til mergjar.
**23.20 QPR - Newcastle** Útsending frá leik Queens Park Rangers og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (27:28) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 Outsourced** (1:22) (e)
**16.55 The Marriage Ref** (3:10) (e)
**17.40 Rachael Ray**
**18.25 Nýtt útlit** (1:12) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (34:50)
**19.20 Rules of Engagement - OPIÐ** (5:13) (e)
**19.45 Will & Grace - OPIÐ** (12:24)
**20.10 Life Unexpected** (2:13)
**20.55 Friday Night Lights** (4:13) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Matt og Tim fara í veiðiferð á meðan Julie fer á hommabar með Devon.
**21.45 The Bridge** (11:13) Bandarískir spennuþættir sem fjalla um lögreglumanninn Frank og baráttu hans við spillingaröfl innan lögreglunnar. Lögreglan er í hefndarhug eftir hræðilegan glæp. Frank rannsakar málið.
**22.35 Dexter** (7:12) (e)
**23.25 The Borgias** (3:9) (e)
**00.30 Psych** (10:16) (e)
**01.00 Will & Grace** (12:24) (e)
**01.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.10 World Golf Championship 2011** (2:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 The KLM Open** (2:2)
**15.50 World Golf Championship 2011** (2:4)
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (36:42)
**19.20 LPGA Highlights** (13:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights** (18:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (37:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (32:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**18.50 The Doctors** (112:175) Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**19.35 Gilmore Girls** (7:22)
**20.20 Vetrardagskrá Stöðvar 2** Sérstakur þáttur af Íslandi í dag sem helgaður er kynningu á dagskrá vetrarins á Stöð 2.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Mike & Molly** (1:24) Rómantískir gamanþættir úr smiðju Chucks Lorre sem fjalla um Mike og Molly, tvo ofurvenjulega og viðkunnanlega einstaklinga sem kynnast á fundi fyrir fólk sem glímir við matarfíkn, og verða ástfangin upp fyrir haus.
**22.20 Chuck** (1:24) Chuck Bartowski er mættur í fjórða sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum.
**23.05 Come Fly With Me** (5:6)
**23.35 Entourage** (11:12)
**00.00 Daily Show: Global Edition**
**00.25 Gilmore Girls** (7:22)
**01.10 The Doctors** (112:175)
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**
**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Gestagangur hjá Randveri** Það leiðist sko engum hjá Randveri.
**20.30 Veiðisumarið** Ágætis veiðisumar þrátt fyrir kulda og þurrka.
**21.00 Fiskikóngurinn** Kristján Berg er snjall í eldamennsku.
**21.30 Gunnar Dal** Annar þáttur. Jón Kristinn við fótskör meistarans.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


Í dag er magnaður miðvikudagur!

Sendu SMS á 0 kr. í dag!
Gildir einungis fyrir SMS sendingar í íslenska GSM síma



Ef þú ert með Sjónvarp Símans
getur þú leigt nýja mynd og fengið **aðra á 0 kr.** í dag.
SkjárBíó næst ekki á einstaka svæðum á landsbyggðinni



Ef þú ert með GSM hjá Símanum
færð þú **8.000 kr. afslátt** af Samsung Galaxy Ace snjallsíma í dag.
Gildir á meðan birgðir endast

siminn.is
Síminn

Greidd eru mánaðargjöld skv. verðskrá, nánar á siminn.is

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 18.00**

### Meistaradeild Evrópu

Fjörið er hafið í Meistaradeild Evrópu og í kvöld eru þrír leikir í beinni á Stöð 2 Sport og hliðarrásum. Leikur Benfica og Man. Utd. er á aðalrásinni, leikur Man. City og Napoli á Sport 3 og Kolbeinn Sigþórsson og félagar í Ajax mæta Lyon á Sport 4.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Kynslóðir mætast **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ennislokkur einvaldsins **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Það er líf í Hrútadal **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**11.00** Fawlty Towers **11.40** ,Allo ,Allo! **12.10** ,Allo ,Allo! **12.45** Inspector Lynley Mysteries **13.30** The Inspector Lynley Mysteries **14.15** Keeping Up Appearances **14.45** Keeping Up Appearances **15.15** ,Allo ,Allo! **15.45** ,Allo ,Allo! **16.20** Fawlty Towers **16.55** Fawlty Towers **17.35** The Inspector Lynley Mysteries **18.20** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** The Thick of It **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** Live at the Apollo **23.50** QI

## DR 1

**11.35** Aftenshowet **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Thomas og hans venner **14.15** Stor & Lille **14.30** Shanes verden **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Dronningeofret **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Damages **20.40** Damages **21.25** Onsdags Lotto **21.30** OBS **21.35** Ved du hvem du er? **04.00** Molly Monster

## NRK 1

**11.05** Hammond møter Moss **12.00** Nyheter **12.05** Bondi Beach **12.30** Folk **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** Nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** FBI **18.15** Munter mat **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.40** House **20.25** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Jimmys matfabrikk **21.45** Folk i farta **22.15** Ibsens dramatiske kvinner **22.45** Syndig nytelse

## svt1

**10.45** Tack för musiken **11.45** Niklas Mat **12.20** Lassie **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Vem tror du att du är? **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** The Hour **20.00** True Blood **20.50** Bored to Death **21.15** Landet Brunsås **21.45** Rapport **21.50** Gazas tårar **23.20** Rapport **23.25** Tillfällets hjältar **23.55** Engelska Antikrundan **00.55** Rapport **01.00** Skattjägarna





# NÝIR OG SPENNANDI STAÐIR

Skoðaðu nýja og spennandi staði og taktu þér far með einhverju af þeim 15 flugfélögum sem fljúga frá Íslandi á árinu.

**Prófaðu Dohop leitarvélina á Vísi, flug og gisting, öll hagstæðustu tilboðin á einum stað.**

dohop
vísir Meiri Vísir.

Frá
Reykjavík
Til
Brottför
01.09.11
Til Baka
08.09.11
Leita



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Þegar ég kem heim fæ ég mér yfirleitt Serrano. Svo er Pizza King hrikalega góður og auðvitað Bæjarins bestu.“*

Björn Bergmann Sigurðarson, knattspyrnumaður í Noregi

# Kári vill Klambratúnið undir stórtónleika

„Ég er einfaldlega að kanna hug Reykjavíkurborgar, hvort það sé mögulegt að nota túnið undir selda viðburði,“ segir Kári Sturluson, umboðsmaður og tónleikahaldari.

Menningar-og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar tók fyrir erindi Kára á fundi sínum á mánudag um afnot af Klambratúni sumarið 2012 vegna tónlistarviðburðar sem rukkað yrði inn á. Ráðið fól forstöðumanni Höfuðborgarstofu að afla frekari upplýsinga um viðburðinn áður en afstaða væri tekin til málsins. Kári segist á hinn bóginn ekki vera með neinn ákveðinn viðburð í huga, hann vilji miklu frekar hafa vaðið fyrir neðan sig áður en hann fari að bóka einhverjar hljómsveitir. „Það er miklu skynsamlegra heldur en að fá til sín hljómsveit og leita svo að tónleikastaðnum og lenda kannski í tómum vandræðum.“

Sif Gunnarsdóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, segir í samtali við Fréttablaðið að engin lög séu til um hvort eða hvort ekki megi rukka inn á tónleika í almenningsgörðum Reykjavíkurborgar. Það hafi hins vegar aldrei verið gert. Í umsögn Sifjar sem lögð var fyrir menningar-og ferðamálaráðið kemur fram að viðburðurinn eigi að standa yfir í einn til tvo daga um helgi frá klukkan tvö til miðnættis. Sif bendir á í umsögn sinni að Klambratúnið standi í miðju íbúðarhverfi þannig að tveggja daga viðburður með rafmagnaðri tónlist í tíu klukkutíma hvorn daginn gæti komið illa við íbúa. - fgg





**GÓÐUR STAÐUR** Kári Sturluson vill fá Klambratúnið undir stórtónleika á næsta ári. Forstöðumanni Höfuðborgarstofu, Sif Gunnarsdóttur, hefur verið falið að afla frekari upplýsinga um viðburðinn.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Sjónvarpsþættirnir Næturvaktin, sem slógu í gegn á Stöð 2 árið 2007, hafa ferðast víða. Þættirnir voru sýndir á einum af hliðarstöðvum BBC í Bretlandi fyrir skömmu og nú hefur bandaríski grínistinn Doug Stanhope séð þættina um **Georg Bjarnfreðarson** og félaga. Hann er einn af orðljótari grínistum Bandaríkjanna en fer engu að síður fögrum orðum um þættina á Facebook-síðu sinni – segist hafa horft á alla þættina í röð og að þeir hafi verið sprenghlægilegir. Aðdáendur Stanhope velta í kjölfarið fyrir sér hvaða *norska* þátt grínistinn sé að tala um og virðast loks margir hafa útvegað sér þættina með ólöglegum hætti. - afb


VERSLUNARRÝMI
Smáralind

Verslunarrými með innréttingum fyrir tískufataverslun á besta stað í Smáralind. Um er að ræða fallegar innréttingar, 8 rúma mátunar klefa í 220 fm rými og allt sem til þarf til að hefja rekstur á fataverslun.
Verslun í rekstri er í húsnæðinu í dag en gæti losnað mjög fljótlega.
Góður leigusamningur.

Áhugasamir hafi samband við gudni@kontakt.is eða í síma 414 1200

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
www.kontakt.is
globalM&A Iceland
Haukur 09.11



SIGGI SIGURJÓNS ER
AFINN
Höfundur og leikstjóri er Bjarni Haukur Þórsson



„Sigurður Sigurjónsson er dásamlegur leikari og sýnir það enn og aftur“ JVJ, DV
„Það er dauður maður sem ekki hlær að Sigurði Sigurjónssyni þegar hann gerir það sem hann kann svo vel“ SA, TMM.
Sýningar hefjast um helgina!
„Skemmtileg sýning sem á örugglega eftir að kitla hláturtaugar áhorfenda um nokkurt skeið“ IÞ, Mbl.
Tryggðu þér miða strax!
Fös 16/9 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI
Sun 18/9 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI
Miðasala | 568-8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið


## EVA MARIA DANIELS: VONANDI VERÐUR ÞETTA ENDURKOMA HANS

# Landaði auðmjúkum Schwarzenegger í mynd sína

„Ég var ekki neitt svakalega spennt þegar nafnið hans kom fyrst upp,“ segir Eva Maria Daniels framleiðandi, en enginn annar en Arnold Schwarzenegger hefur tekið að sér að leika aðalhlutverk í mynd hennar, Captive.

Myndin er sú fyrsta sem Eva Maria þróaði sjálf frá grunni en það þýðir að hún valdi handritshöfund til að skrifa handritið frá hugmynd ásamt því að finna fjármagn, leikara og tökulið í myndina.

Myndin er byggð á sannri sögu og fjallar um arkitekt, Schwarzenegger, sem býr í Brasilíu og er rænt og haldið í gíslingu í 40 daga. Tökur fara fram á næsta ári og Eva Maria segist aldrei hafa unnið með jafnmikið fjármagn í einni mynd. Hún hefur úr 30 milljónum dollara að moða í þetta sinn sem hún segir að séu samt fljótir að fara í svona stórri framleiðslu.

„Þessi mynd er búin að vera í vinnslu hjá mér lengi og upphaflega átti Robert De Niro að leika aðalhlutverkið. Hann var búinn að vinna með okkur í sex mánuði og þróa karakterinn sinn með okkur,“ segir Eva Maria. Því miður gat De Niro ekki tekið að sér hlutverkið og var það umboðsmaður Schwarzeneggers sem hafði samband við Evu Mariu og meðframleiðenda hennar, Michael London, en hann framleiddi myndir á borð við Sideways og Milk.

„Kvikmyndaheimurinn er lítill og þegar gott handrit er í boði vita allir af því. Arnold hefur verið mjög umdeildur hérna og skapar ekki endilega jákvæða umræðu um myndina, en Bandaríkjamenn elska endurkomur og þetta verður vonandi endurkoma hans á hvíta tjaldið og fólk fær að sjá hann í nýju ljósi,“ segir Eva Maria og bætir við að leikarinn frægi og fyrrverandi ríkisstjóri í Kaliforníu hafi komið mjög vel fyrir í prufunum.





**FRAMLEIÐANDI Í HOLLYWOOD**

**Eva Maria Daniels** segir Bandaríkjamenn elska endurkomur og aðkoma **Arnolds Schwarzenegger** að myndinni Captive hefur skapað mikla fjölmiðlaumræðu.

„Hann er auðmjúkur í framkomu og hefur greinilega gengið í gegnum erfiða tíma. Hann var líka minni en ég hélt og þetta hlutverk er ekki týpískt fyrir hann,“ segir Eva Maria en fjölmiðlar vestanhafs hafa rætt mikið um aðkomu Schwarzeneggers að myndinni en hann er eini leikarinn sem búið er að staðfesta enn sem komið er. „Já, þetta skapar óneitanlega mikið umtal um myndina sem er ágætt.“

Eva Maria er þessa dagana stödd í New York þar sem hún er við tökur á myndinni What Maisie Knew sem skartar þeim Julíönnu Moore og Alexander Skarsgård í aðalhlutverkum.

„Þegar við byrjuðum í tökum í sumar var ég viss um að Moore yrði mesta stjarnan en það er sko aldeilis ekki því ljósmyndararnir og pressan hérna láta Alex ekki vera. Hann er greinilega mjög heitur um þessar mundir,“ segir Eva Maria hlæjandi og bætir við að það komi samt á óvart hversu jarðbundinn leikarinn er en Skarsgård skaust upp á stjörnuhimininn eftir sjónvarpsþáttaröðina True Blood. alfrun@frettabladid.is

# Tárvotir áhorfendur í Torontó

„Þetta eru án nokkurs vafa bestu viðtökur sem við höfum fengið á þessum kvikmyndahátíðum,“ segir Rúnar Rúnarsson kvikmyndaleikstjóri. Kvikmynd hans, Eldfjall, var sýnd á kvikmyndahátíðinni í Torontó um helgina en myndin verður frumsýnd hér á landi á RIFF, alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík.

Eldfjall er fyrsta kvikmynd Rúnars í fullri lengd og hefur vakið töluverða athygli. Hún verður meðal annars fulltrúi Íslendinga í forvalinu til evrópsku kvikmyndaverðlaunanna en kosið verður um hvaða myndir verða tilnefndar í september. „Ég held að það hafi sjaldan eða aldrei verið jafn margar góðar myndir frá Evrópu og í ár þannig að samkeppnin verður hörð,“ segir Rúnar.

Áhorfendur í Torontó voru ákaflega hrifnir af Eldfjalli og upplýsir Rúnar meðal annars að hann hafi hreinlega þurft að hugga suma áhorfendur sem lágu tárvotir í faðmi hans. „Myndin virðist hafa snert mjög viðkvæmar taugar,“ segir Rúnar. Gengið var frá dreifingu myndarinnar til Noregs og Danmerkur og Rúnar viðurkennir að hann sé spenntur fyrir að sjá hvað meira komi út úr ferðinni.

Eins og mörgum er eflaust enn í fersku minni var Rúnar tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir stuttmyndina sína, Síðasti bærinn í dalnum. Rúnar segir ánægjulegt að þær dyr sem opnuðust þá skuli ekki vera lokaðar og læstar, það hafi komið berlega í ljós í Torontó. „Og ef þær voru það þá var rykið bara dustað af þeim, ég hitti marga umboðsmenn þarna úti og það er margt spennandi í gangi. En maður heldur bara báðum fótum á jörðinni.“ - fgg



**GÓÐ FERÐ** Rúnar Rúnarsson kvikmyndaleikstjóri segir ferðina til Torontó hafa gengið vonum framar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



# Hrífandi baráttusaga

**Fyrir þremur árum flúðu átta fjölskyldur skelfilegar aðstæður í Írak og fengu hæli á Akranesi. Þetta er sagan þeirra, um ofsóknir og flótta, sorg og nýja von.**

Í tilefni af útkomu bókarinnar standa Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Forlagið fyrir fundaröð um málefni flóttamanna og stöðuna í Mið-Austurlöndum.

**14. SEPTEMBER:**
**Hvernig er að búa í tjaldi í flóttamannabúðum í 50 stiga hita?**
Lína Mazar og Sigríður Víðis Jónsdóttir
*Fundarstjóri: Auður Jónsdóttir, rithöfundur*

**21. SEPTEMBER:**
**Er mögulegt að semja um frið í Palestínu?**
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
*Fundarstjóri: Bogi Ágústsson, fréttamaður hjá RÚV*

**28. SEPTEMBER:**
**Hvernig velur maður flóttafólk?**
Ingibjörg Broddadóttir og Kristján Sturluson
*Fundarstjóri: Ragna Árnadóttir, fyrrum dóms- og kirkjumálaráðherra*

**19. OKTÓBER**
**„Mission accomplished?“**
**Aðdragandi innrásarinnar í Írak**
Sveinn H. Guðmarsson
*Fundarstjóri: Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins*

Fundirnir eru í Odda 101,
kl. 12:25–13:20






Í bókinni fjallar **Sigríður Víðis Jónsdóttir** af yfirsýn og þekkingu um landlausa Palestínumenn, innrásina í Írak, flóttamannabúðir og leiðina löngu á Skagann.

MÁL OG MENNING

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
**ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF**
fyrir almenning í Háskólanum í Reykjavík.
Sendið fyrirspurn á **logfrodur@hr.is**
LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík
logfrodur.hr.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Barnalán hjá markmanni

Landsliðsmarkmaðurinn **Stefán Logi Magnússon** varð faðir í annað sinn um helgina, en hann eignaðist litla stúlku ásamt unnustu sinni, Elsu Rut Óðinsdóttur. Stúlkan er fyrsta barn Elsu Rutar en parið er búsett í Lilleström í Noregi þar sem Stefán Logi er aðalmarkmaður fótboltaliðsins og hefur staðið sig vel milli stanganna í sumar. Stefán Logi tók út leikbann í síðasta leik landsliðsins á móti Kýpur og var því vel úthvíldur fyrir fæðinguna.



### Róttækar hugmyndir um framtíð Gettu betur

Hjá Ríkisútvarpinu eru menn nú farnir að leggja drög að því hvernig næst skuli hátta einu vinsælasta dagskrárefni hvers árs: spurningakeppninni Gettu betur. Gengið hefur verið frá því að Edda Hermannsdóttir verði spyrill á nýjan leik og viðræður standa yfir við **Örn Úlfar Sævarsson** um að halda áfram í hlutverki dómara og spurningahöfundar. Þriðja akkeri þáttanna í fyrra, stigavörðurinn Marteinn Sindri Jónsson, verður hins vegar fjarri góðu gamni næsta vor þar sem hann er við nám í Þýskalandi. Í Efstaleiti íhuga menn nú að gera þá róttæku breytingu á þættinum að leggja hreinlega starf stigavarðar niður og fjölga þess í stað dómurum í tvo, sem yrðu þá hvor af sínu kyni.

**- áp, sh**



## Mest lesið VÍSIR

1. Taka upp inntökupróf vegna ómarktækra stúdentsprófa
2. Aron vinsælasta nafnið
3. Ungfrú heimur kemur frá Angóla
4. Kind gekk úr Fljótshlíð norður í land
5. Sigmundur Davíð hættur í megrun?
6. Aftur kveikt í á Berg

Fólkið í landinu les Fréttablaðið



Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu.
Meðallestur á tölublað, apr.-jún 2011

